

**SSNU** 30 ÁRA  
2022



# SAMGÖNGU- OG INNVIÐAÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

APRÍL 2022

Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra.

Apríl 2022.

Útgefandi: Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Uppsetning og umbrot: SSNV

Prófarkalestur: Ástrós Elísdóttir.

Birt með fyrirvara um villur.

Útgáfa 1.0

# EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b>	<b>I</b>
<b>ÁHERSLUR Í SAMGÖNGUMÁLUM Á NORÐURLANDI VESTRA – SAMANTEKT</b>	<b>3</b>
Vegamál .....	3
Jarðgöng.....	5
Hafnamál.....	6
Sjóvarnir .....	6
Fjarskiptamál.....	7
Almenningssamgöngur .....	7
Flugsamgöngur.....	7
Hitaveita .....	7
Raforkukerfi .....	8
<b>1. KAFLI SAMGÖNGUMÁL Á NORÐURLANDI VESTRA</b>	<b>9</b>
<b>2. KAFLI TENGL SAMGÖNGUMÁLA VIÐ ÝMSAR ÁÆTLANIR OG STEFNUR</b>	<b>II</b>
Samgönguáætlun .....	11
Stjórnarsáttmáli .....	19
Fjarskiptaáætlun .....	19
Byggðaáætlun .....	20
Heilbrigðisstefna .....	21
Áfangastaðaáætlun Norðurlands.....	22
Stefna ríkisins í almenningssamgöngum - Ferðumst saman .....	25
Kerfisáætlun.....	25
<b>3. KAFLI STAÐA Í LANDSHLUTANUM OG TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA</b>	<b>27</b>
Vegamál .....	27
Hafnamál.....	37
Sjóvarnir .....	39
Fjarskiptamál.....	40
Almenningssamgöngur .....	44
Flugsamgöngur.....	45
Hitaveita.....	48
Raforkukerfi .....	49
<b>5. LOKAORD NEFNDARINNAR</b>	<b>52</b>
<b>5. FYLGISKJÖL</b>	<b>55</b>
Fylgiskjal 1 – Erindisbréf samgöngu- og innviðanefndar SSNV .....	55

Fylgiskjal 2 – Einbreiðar brýr á stofn- og tengivegum á Norðurlandi vestra .....	56
Fylgiskjal 3 – Niðurstöður könnunar um fjarskiptasamband í dreifbýli á Norðurlandi vestra.	58
Fylgiskjal 4 - Nánari upplýsingar um forgangsvegi.....	83

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Framkvæmdir við nýjan Þverárfjallsveg hafnar í janúar 2022.....	2
Mynd 2. Ástand þjóðveggar 1 í landshlutanum.....	8
Mynd 3. Gagnaverssvæðið við Blönduós.....	10
Mynd 4. Hegranesvegur (764) í Skagafirði.....	12
Mynd 5. Brú yfir Víðidalssá.....	13
Mynd 6. Nýframkvæmd við Skagastrandarveg.....	17
Mynd 7. Sjúkraflutningar í Skagafirði 2009-2020. ....	22
Mynd 8. Forgangsverkefni á Norðurlandi vestra í Áfangastaðaáætlun Norðurlands. ....	23
Mynd 9. Norðurstrandarleið.....	23
Mynd 10. Vatnsnesvegur .....	24
Mynd 11. Dæmi um brún upplýsingaskilti.....	24
Mynd 12. Tiltæk afhendingarorka í meginflutningskerfi skv. Kerfisáætlun .....	26
Mynd 13. Þingeyravegur.....	26
Mynd 14. Flokkun þjóðvega á Norðurlandi vestra. ....	27
Mynd 15. Grjóthrun á Siglufjarðarvegi sumarið 2021.. ....	34
Mynd 16. Veggöng milli Hjaltadals og Hörgárdals.....	36
Mynd 17. Frá lagningu ljósleiðara í Skagafirði. ....	40
Mynd 18. Gsm samband á Norðurlandi vestra í júlí 2021. ....	41
Mynd 19. Samanlagt dreifikerfi Símans, Vodafone og Nova fyrir 3G á Íslandi í júlí 2021 .....	42
Mynd 20. Samanlagt dreifikerfi Símans, Vodafone og Nova fyrir 4G á Íslandi í júlí 2021 .....	42
Mynd 21. Tetrasamband á Norðurlandi vestra .....	43
Mynd 22. Svæði sem falla undir Loftbrú.....	45
Mynd 23. Aðgengi að hitaveitu á Norðurlandi vestra.. ....	49
Mynd 24. Raforkukerfið á Norðurlandi vestra.....	51
Mynd 25. Frá framkvæmdum við lagningu Sauðárkrókslínu 2 sumarið 2020.....	52

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Skólaakstur á Norðurlandi vestra.....	14
Tafla 2. Sundurliðun fjármagns til samgönguframkvæmda eftir svæðum. ....	16
Tafla 3. Verkefni á Norðurlandi vestra á gildandi samgönguáætlun. ....	17
Tafla 4. Hlutfall malaryfirborðs stofn- og tengivega eftir landshlutum. ....	18
Tafla 5. Verkefni á sameiginlegum lið samgönguáætlunar áranna 2020-2034. ....	18
Tafla 6. Hlutfall íbúa sem hafa sólarhrings aðgang að skurðstofu. ....	21
Tafla 7. Umferðarmestu tengivegir á Norðurlandi vestra árið 2019 .....	28
Tafla 8. Forgangsvegir sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. ....	31

# INNGANGUR

Á 29. ársþingi SSNV, sem haldið var þann 16. apríl 2021, var skipuð 7 manna samgöngu- og innviðanefnd. Tilgangurinn með skipan nefndarinnar var endurskoða gildandi samgöngu- og innviðaaáætlun frá árinu 2019<sup>1</sup>.

Hlutverk nefndarinnar, skv. erindisbréfi<sup>2</sup>, var eftirfarandi:

að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2022.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði samtakanna, 7 talsins. Nefndarmenn voru eftirtaldir:

## Aðalmenn

Alexandra Jóhannesdóttir, Sveitarfélagið Skagaströnd  
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Skagabyggð  
Drífa Árnadóttir, Akrahreppur  
Einar K. Jónsson, Húnavatnshreppur  
Magnús Magnússon, Húnaþing vestra  
Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður  
Sigurgeir Þór Jónasson, Blönduósbær

## Varamenn

Friðrik Már Sigurðsson, Húnaþing vestra  
Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósbær  
Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd  
Magnús Björnsson, Skagabyggð  
Ólafur Bjarni Haraldsson, Sveitarfélagið Skagafjörður  
Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppur

Stjórn SSNV skipaði Regínu Valdimarsdóttur formann nefndarinnar á 67. fundi sínum þann 3. júní 2021.

Með nefndinni starfaði Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

Nefndin fundaði fjórum sinnum á starfstímanum og á milli funda vann starfsfólk SSNV að gagnaöflun og textagerð skýrslu. Nefndarmenn söfnuðu þeim upplýsingum á sínum svæðum sem þörf var á, auk þess sem notast var við upplýsingar sem aðgengilegar eru á kortavefsjá SSNV<sup>3</sup>. Einnig fengust upplýsingar hjá Vegagerðinni, RARIK, Landsneti, Fjarskiptastofu, Lögreglunni á Norðurlandi vestra og víðar. Einnig var gerð könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli á starfssvæðinu til að fá skýrari mynd af raunverulegri stöðu mála þar sem

---

<sup>1</sup><https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/samgongu-og-innvidaaaetlun-nordurlands-vestra-juni-2019-prent.pdf>

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal 1.

<sup>3</sup> Kortavefsjá SSNV er aðgengileg hér: <https://bit.ly/2DASjKt>



fyrirliggjandi mælingar á fjarskiptasambandi eru gerðar á þjóðvegum eða stofn-/tengivegum við allra bestu skilyrði. Oft er það svo að þegar heim að bæjum er komið er staðan allt önnur og þótti nauðsynlegt að ná betur utan um raunverulega stöðu á heimilum og vinnusvæðum í dreifbýli. Könnunin var sú sama og lögð var fyrir við gerð fyrstu útgáfu áætlunarinnar árið 2019. Því er hægt að bera saman niðurstöður.

Í samantektinni sem hér fylgir er fjallað um samgöngu- og innviðamál í víðum skilningi. Þó viðfangsefnin séu um margt ólík eiga þau þó það sameiginlegt að leika öll stórt hlutverk í því að hafa áhrif á búsetugæði í landshlutanum.

Vert er að fram komi að í febrúar 2022 voru samþykktar 2 sameiningar í landshlutanum. Annars vegar sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps og hins vegar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Í áætluninni er gengið út frá þeirri lögformlegu skipan sveitarfélaganna sem í gildi var þegar áætlunin var unnin. Sveitarfélögin eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Samþykkt af stjórn SSNV á 75. fundi hennar þann 22. mars 2022.

Lagt fyrir 30. ársþing SSNV.



*Mynd 1. Framkvæmdir við nýjan Þverárjallsveg hafnar í janúar 2022. Framkvæmdir var sameiginleg áhersla sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í Samgöngu- og innviðaaætlun landshlutans frá árinu 2019. Mynd, Guðmundur Haukur Jakobsson.*

# ÁHERSLUR Í SAMGÖNGUMÁLUM Á NORÐURLANDI VESTRA – SAMANTEKT

## Vegamál

Nánari rökstuðning með hverri framkvæmd er að finna í Kafla 3 – Staða í landshlutanum og tillögur til úrbóta.

### Sameiginleg forgangsröðun sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

1. **Vatnsnesvegur** (711) er á kafla umferðarmesti malarvegurinn á Norðurlandi vestra. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag sem allra fyrst. Framkvæmdir við veginn eru á dagskrá á þriðja tímabili samgönguáætlunar. Nauðsynlegt er að flýta þeim.
2. **Hegranesvegur** í Skagafirði (764). Sá kafla sem enn er án slitlags. Hluti Hegranesshringsins er með bundnu slitlagi og mikilvægt að loka hringnum með endurbótum á þeim kafla sem eftir er og lagningu bundins slitlags.
3. **Skagavegur** (745), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Um er að ræða 19 km. kafla á leið norður Skaga vestanmegin, að afleggjara að Kálfshamarsvík. Stóraukin umferð með tilkomu Norðurstrandarleiðar. Slæmur malarvegur, mjór og holóttur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.

### Forgangsröðun hvers sveitarfélags fyrir sig

#### Húnaþing vestra

1. **Vatnsnesvegur** (711), tengivegur, sameiginlegt áherslumál, sjá frammar. Skólaakstursleið og mikil umferð ferðamanna. Þ.a.l. samfélagsvegur **4** og ferðamannavegur **5**.
2. **Víðidalsvegur** (715), tengivegur, leggur frá Þjóðvegi 1 sunnan Víðihlíðar að Kolugljúfrum. Samfélags- og ferðamannavegur. Mikilvægt er að byggja veginn upp, leggja á hann bundið slitlag og endurnýja brú yfir Víðidalsá.
3. **Miðfjarðarvegur** (704), tengivegur, leggurinn Laugarbakki-Bjarg. Samfélags- og ferðamannavegur. Vegurinn byggður upp fyrir fáum áratugum. Mikilvægt að leggja á hann bundið slitlag svo uppbyggingarvinnan sé ekki unnin fyrir gýg.
4. **Innstrandarvegur** (68), stofnvegur, frá Prestbakka að Guðlaugsvík. Samfélags- og ferðamannavegur. Vegurinn er í þökkalegu standi en þarfnast lagfæringar áður en lagt er á hann bundið slitlag.
5. **Miðfjarðarvegur** (704), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Leggurinn Staðarbakki – Brekkulækur. Meirihluti vegar þökkalega uppbyggður.
6. **Víðidalsvegur** (715), tengivegur. Samfélagsvegur. Leggurinn frá Þjóðvegi 1 við

<sup>4</sup> Með samfélagsvegi er átt við samfélagslega mikilvæga leið þar sem eitt eða fleira á við: skólaaksturleið, leið íbúa til og frá vinnu, aðfangabraut íbúa og fyrirtækja, þjónustu við íbúa s.s. pósti og sorpi.

<sup>5</sup> Með ferðamannaleið er átt við ekna eða mikið ekna ferðamannaleið.

### Húnavatnshreppur

1. **Pingeyravegur** (721), héraðsvegur, frá Þjóðvegi 1 að Pingeyrum í Húnavatnshreppi sem er fjölsóttur ferðamannastaður. Samfélags- og ferðamannavegur. Vegurinn er mjög holóttur og leirkenndur. Nauðsynlegt að hann verði byggður upp og lagt á hann bundið slitlag.
2. **Svínvetningabraut** í Húnavatnshreppi (731), tengivegur. Samfélagsvegur. Vegurinn er í mjög slæmu ástandi og hluti leiðarinnar varhugavert vegstæði. Brýnt er að styrkja veginn, byggja hann upp og leggja bundnu slitlagi enda er vegurinn varaleið þjóðvegur 1. Einnig er brýnt að endurbyggja brúna yfir Blöndu.
3. **Reykjabraut** (724) um er að ræða vegakafla frá Húnavöllum að Svínvetningabraut (Orrastaðaflóí). Tengivegur, samfélagsvegur. Uppbygging og lagning bundins slitlags. Hluti varaleiðar þjóðvegur 1 og gegnir því mikilvægu hlutverki. Brýnt er að endurnýja brú yfir fremri Laxá.
4. **Kjalvegur** (35) sá hluti sem telst til stofnvega (S) þ.e. frá mótum Svínvetningabrautar og Kjalvegur að Gilsá. Samfélags- og ferðamannavegur. Uppbygging og lagning bundins slitlags til að bæta aðgengi að Blönduvirkjun.

### Blönduósbær

1. **Hringtorg á Þjóðvegi 1** í gegnum Blönduósbæ. Mikilvægt er að stækka það svo það uppfylli öryggiskröfur og lækki umferðarhraða í gegnum bæinn.
2. **Mýrarvegur** (742), héraðsvegur. Vegurinn er mjög lélegur malarvegur. Á honum er einbreið brú og varhugaverðar beygjur sitt hvorum megin við hana. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag. Einnig er brýnt að endurnýja brúna.
3. **Svínvetningabraut** (731), tengivegur, frá hringtorgi á Þjóðvegi 1 á Blönduósi. Samfélagsvegur. Á veginum er gamalt slitlag sem er mjög holótt og ónýtt sem skapar stórhættu. Mikilvægt er að byggja veginn upp að nýju og endurnýja slitlag.

### Skagabyggð

1. **Skagavegur** (745), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Sameiginlegt áherslumál, sjá framar. Skólaakstursleið og sívaxandi umferð ferðamanna.
2. **Skagastrandarvegur** (74), stofnvegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Vegkaflinn frá Ytra Hóli norður að gatnamótum. Vegurinn er gamall, siginn á köflum og mjór. Byggja þarf veginn upp, breikka og leggja slitlag að nýju. Hækka þarf veginn upp til að bæta vetrarumferð.

### Skagaströnd

1. **Skagavegur** (745), tekið undir áherslur Skagabyggðar. Sameiginlegt áherslumál, sjá framar.
2. **Skagastrandarvegur** (74), tekið undir áherslur Skagabyggðar.



## Sveitarfélagið Skagafjörður

1. **Hegranes** (764), tengivegur. Sameiginlegt áherslumál, sjá framar. Samfélags- og ferðamannavegur. Sá kafli sem enn er án slitlags. Hluti Hegranesshringsins er með bundnu slitlagi og mikilvægt að loka hringnum með endurbótum á þeim kafla sem eftir er og lagningu bundins slitlags.
2. **Sæmundarhlíðarvegur** (762), héraðsvegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Vegurinn er mjór og hættulegur á köflum. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
3. **Ólafsfjarðarvegur** (82), frá Ketilási að Molastöðum, tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
4. **Skagafjarðarvegur** (752) frá Stekkjarholti að Jökulsá, tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Mikilvægt er að leggja veginn bundnu slitlagi.
5. **Skagavegur** (745), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Um er að ræða 40 km. kafla á leið norður Skaga austanmegin. Stóraukin umferð með tilkomu Norðurstrandarleiðar. Slæmur malarvegur, mjór og holóttur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
6. **Ásavegur** (769), tengivegur. Samfélagsvegur. Vegurinn er mjór og hættulegur á köflum. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.

## Akrahreppur

1. **Þjóðvegur 1**, frá Héraðsvatnabréu að Miðsitju. Vegurinn er gamall, siginn á köflum og mjór. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann slitlag að nýju.
2. **Siglufjarðarvegur** (76), frá Þjóðvegi 1 að Siglufjarðarleið, stofnvegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Mjög gamall vegur með bundnu slitlagi. Mikilvægt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag að nýju sem og að endurnýja brúna yfir Þverá í takt við öryggiskröfur.
3. **Kjálkabrú**, tenging framhéraðs sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði. Eykur öryggi íbúa og bætir búsetuskilyrði til muna. Brúin tengir framhéraðið um Kjálkaveg (759) og Skagafjarðarveg (752).
4. **Kjálkavegur** (759), héraðsvegur. Samfélagsvegur. Vegurinn er gamall malarvegur í slæmu ásigkomulagi. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann nýtt malarslitlag.

## Jarðgöng

1. Brýnt er að ráðist verði í vinnu við gerð **jarðganga á milli Fljóta og Siglufjarðar**. Af öryggissjónarmiðum þarf sú vinna að gerast hratt og fumlaust.
2. Hafin verði rannsókn á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng í gegnum Tröllaskaga. Samhliða verði efnahags- og samfélagsleg áhrif af slíkri framkvæmd skoðuð, bæði fyrir Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsvæðið.
3. Hafin verði vinna við skoðun á gerð jarðganga undir Öxnadalshéiði.

## Hafnamál

### Í flokki I - stór fiskihöfn

#### Sauðárkrókshöfn - forgangsröðun

1. **Endurnýja þarf stálþil** fremri garðs á um 70m kafla.
2. **Endurnýja þarf stálþil** efri garðs sem er um 200m langur.
3. Mikilvægt er að vinna að **undirbúningsrannsóknum** (sandburðarreikningum og öldulíkönnum) vegna nýrrar ytri hafnar vegna aukinna umsvifa.

### Í flokki II - meðalstór fiskihöfn

#### Skagastrandarhöfn - forgangsröðun

1. **Fyrirhuguð endurbygging Ásgarðs**, samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar, felst í að reka stálþil utan um núverandi bryggju. Er á samgönguáætlun.
2. **Endurnýjun á kanti** milli bryggjana Ásgarðs og Miðgarðs með trébryggju.

### Í flokki III – bátahöfn

#### Hvammstanga- og Blönduóshafnir - forgangsröðun

1. Á norðurgarði Hvammstangahafnar þarf að fara í **mikilvægar steypuviðgerðir** og fleiri aðkallandi viðhaldsframkvæmdir.
2. Á suðurgarði Hvammstangahafnar þarf að fara í **endurnýjun á trébryggju og kanttré**. Hluti af flotbryggjum í smábátahöfn eru komnar á tíma.
3. **Á Blönduóshöfn þarf að malbika 500 m<sup>2</sup>** þekju við bryggju og styrkja steiptan kant á 50 metra kafla.

### Í flokki IV – smábátahöfn

#### Hofsóshöfn

1. **Grjótgarður gerður** og settar upp tré- og flotbryggjur innan hafnar.

## Sjóvarnir

1. **Þær sjóvarnir** sem eru á samgönguáætlun í Húnapingi vestra, á Blönduósi, Skagaströnd, Skagabyggð og Skagafirði komi til framkvæmda í samræmi við gildandi samgönguáætlun.
2. **Ráðist verði í endurmat** á sjövrörnum í kjölfar óveðurs í desember 2019.

## Fjarskiptamál

1. **Lokið verði við ljósleiðaratengingar**, bæði í dreif- og þéttbýli í landshlutanum.
2. **Gsm samband og 3G/4G verði stórlega bætt** með uppsetningu fleiri senda sem og flutningi núverandi senda í samvinnu við staðkunnuga. Koparlínur hafa verið eða verða aflagðar á komandi árum og samhliða því er brýnt að tryggja viðunandi farsímasamband til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.
3. **Tetrasamband verði stórlega bætt** til að auka öryggi íbúa og ferðamanna í landshlutanum.

## Almenningssamgöngur

1. **Þróun leiða** sem nýtast íbúum Norðurlands vestra til ferða innan og á milli vinnusóknarsvæða í samræmi við fýsileikakönnun sem unnin var á árinu 2021 og áherslur sem settar eru fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.
2. **Uppbygging aðstöðu fyrir vagna** á biðstöðvum á Norðurlandi vestra, t.d. við Hvammstangaafleggjara, á Blönduósi, Skagastrandarvegi við Þverárfjallsafleggjara og á Sauðárkróki.

## Flugsamgöngur

1. **Alexandersflugvöllur** verði skilgreindur í grunnneti flugvalla á ný og honum tryggðir nægilegir rekstrarfjármunir til að unnt sé að koma á reglulegu áætlunarflugi með stuðningi úr Loftbrú.
2. Farið verði í **ítarlega greiningu og kostnaðarmat** á því að Alexandersflugvöllur verði varaflugvöllur fyrir millilandaflug á Íslandi.
3. Tryggt verði að **Blönduósflugvöllur geti þjónað sjúkraflugi** með viðunandi hætti, m.a. með lagningu slitlags á flugbraut.
4. **Skilgreindir verði þyrlulendingarstaðir** í landshlutanum til að auðvelda aðgengi þyrila þegar til slysa og bráðatilfella kemur.

## Hitaveita

1. **Áfram verði stutt við** lagningu nýrra hitaveitna með styrkjum sem samsvara áætluðum niðurgreiðslum á rafhitun á ákveðnu tímabili (nú að hámarki 16 ár).
2. **Fjármagn til niðurgreiðslu á stofnkostnaði við hitaveitu verði aukið** svo ekki verði slík bið eins og verið hefur á endurgreiðslum til veitna og nýrra notenda.
3. **Farið verði í frekari boranir** eftir vatni við Reyki í Húnavatnshreppi til að styrkja hitaveitu RARIK í A-Hún.

## Raforkukerfi

1. **Prífösun rafmagns í dreifbýli verði hraðað** svo einstaklingar og fyrirtæki á dreifbýlum svæðum sitji við sama borð og þau í þéttbýli.
2. **Raforkuflutningur til svæðisins frá Blöndu verði styrktur** sem og uppbygging meginflutningskerfis landsins til þess að auka afhendingaröryggi og styðja við frekari iðnaðaruppbyggingu á svæðinu sem og núverandi atvinnurekstur.
3. **Ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar** sem fyrst og viðbótarorkan nýtt á Norðurlandi vestra.
4. **Ráðist verði í viðameiri rannsóknir en þegar liggja fyrir á virkjanakostum í Skagafirði** og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í Skagafirði og nágrenni.



Mynd 2. Ástand þjóðveggar 1 í landshlutanum. Mynd, Ólafur Guðmundsson.

# 1. KAFLI SAMGÖNGUMÁL Á NORÐURLANDI VESTRA

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar samfélagsbreytingar á Íslandi. Ef litið er til íbúafjölda hefur þeim fækkað sem velja sér búsetu á landsbyggðunum meðan íbúum á suðvesturhorni landsins fjölga. Með góðum samgöngum hefur suðvesturhornið, sem oft er talað um sem stór-höfuðborgarsvæðið, stækkað enn frekar. Ýmiss konar þjónusta, sem áður var aðgengileg víða um land, er nú í mörgum tilfellum ekki aðgengileg nema á höfuðborgarsvæðinu eða stærri þéttbýliskjörnum. Fjöldi ferðamanna hefur margfaldast. Áfram mætti halda.

Allar þessar breytingar, með einum eða öðrum hætti, gera það að verkum að mikilvægi góðra samgangna verður sífellt meira. Tökum sem dæmi skert aðgengi landsbyggðabúa að þjónustu í sinni heimabyggð. Fæðingarþjónusta er hvergi veitt á Norðurlandi vestra. Fæðandi konur þurfa að fara yfir fjallvegi til að komast á sjúkrahús með sólarhringssskurðstofu. Við þær aðstæður verða íbúar á Norðurlandi vestra að geta gert þá kröfu að samgöngur til þessara sjúkrastofnana séu í lagi – ekki bara á góðviðrisdögum heldur allt árið um kring – bæði á landi og með flugi.

Tökum annað dæmi – velflesta þjónustu á núorðið að veita í gegnum netið eða í gegnum síma, bankaðjónustu, þjónustu tryggingafélaga, þjónustu almannatrygginga o.s.frv. Til að íbúar landsbyggðanna geti nýtt sér þessa þjónustu verða þeir að hafa aðgang að traustum og stöðugum nettengingum, ekki er nóg að reiða sig á Gsm-, 3G- eða 4G-samband sem samkvæmt útgefnum kortum er með hinu ágætasta móti á Norðurlandi vestra. Raunveruleg staða er önnur því útgefin kort eru unnin út frá mælingum við allra bestu skilyrði „út við veg“ þegar staðan heima við bæ er allt önnur og ekki hægt að ná síma né netsambandi nema „uppi á stól við suðurglugga á efri hæð hússins“. Ekki er hægt að ætlast til að íbúar dreifðari byggða sætti sig við lokanir útibúa og skilaboð um að þjónustuna eigi að sækja á netinu þegar veruleikinn er þessi mjög víða. Í mörgum tilfellum duga nettengingar ekki til að nota rafræn skilríki sem eru þó orðin mjög útbreidd leið til undirritunar skjala, einkum í heimsfaraldri. Einnig er tryggt farnets samband mikið öryggisatriði fyrir bændur á bújörðum sínum sem og ferðamenn sem fara um á lélegum vegum utan alfaraleiðar.

Um nokkurt skeið hefur verið klifað á því við landsbyggðirnar að framtíðin sé í ferðaðjónustunni. Víst er að í henni felast gríðarleg tækifæri þó svo að á móti hafi blásið undanfarin misseri í heimsfaraldri. Í ferðaðjónustunni hafa fjölmargir aðilar á Norðurlandi vestra fundið leið til að nýta jarð- og húseignir sínar betur og renna styrkari stoðum undir annarskonar starfsemi, svo sem búrekstur. Það skýtur því skökku við að á meðan hvatt er til þess að landsbyggðirnar nýti ferðaðjónustuna og náttúruna í stað annarskonar uppbyggingar eru staðir, sem teljast til þekktari kennileita landsins, ekki aðgengilegir yfir vetrartímamann, þar sem vegstubbar hafa fyrir áratugum verið skilgreindir með þeim hætti að ekki er mokað að þeim yfir veturinn. Reyndar eru margir þessara staða illa aðgengilegir að sumri til sömuleiðis vegna ástands vega. Á Norðurlandi vestra eru ferðamannaleiðir sem eru beinlínis hættulegar ferðamönnum. Á meðan hvatt er til uppbyggingar í þessari grein er innviðunum sem þurfa að vera til staðar ekki sinnt af hálfu ríkisins.

Þrátt fyrir framangreind þrjú dæmi, sem skjóta skökku við þegar fjallað er um samgöngur í víðum skilningi, má ekki gleyma því að nefna það sem vel hefur verið gert undanfarin misseri. Átakið *Ísland ljóstengt* hefur skilað frábærum árangri í því að ljósleiðaravæða sveitir landsins. Nú þegar hillir undir lok verkefnisins í dreifbýli verður að ráðast í sambærilegt átak fyrir smærri þéttbýlisstaði þar sem kerfin verða ekki rekin á markaðslegum forsendum. Einnig er brýnt að leiðir verði fundnar til að ljúka við dýrustu og flóknustu tengingar inn til sveitar.



Átakið *Ísland ljóstengt* er átaksverkefni sem sýnir svo ekki er um villst að það er hægt að ráðast í stórtækar umbætur á innviðum með samhentum átaki ríkis og sveitarfélaga. Það er óskandi að átaksverkefnum í öðrum tegundum samgangna- og innviðauppbýggingar verði hrint af stað með sambærilegum hætti. Við getum ekki beðið lengi eftir að þrífösun rafmagns ljúki eða að hlutfall bundins slitlags stofn- og tengivega á Norðurlandi vestra fari upp í 25% árið 2050 (hlutfallið er í dag um 13%).

Undanfarin tvö ár hafa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra unnið sameiginlega að átaksverkefni er lýtur að auknum fjárfestingum á Norðurlandi vestra. Hlaut verkefnið styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu auk þess sem sveitarfélögin veita fjármunum inn í verkefnið. Ráðinn var starfsmaður til SSNV sem sinnir þessu mikilvæga verki. Hans meginhlutverk er að fjölga atvinnutækifærum með því að laða inn á svæðið iðnaðarstarfsemi. Í þeirri vinnu kemur berlega í ljós hversu hamlandi skortur á orku sem og ástand annarra innviða í landshlutanum er, og eru samgöngumannvirki þar með talin.

Ljóst er að það þarf að gera stórátak í samgöngu- og innviðauppbýggingu um allt land. Slíkt atak verður gríðarlega kostnaðarsamt. Við erum hins vegar komin á þann stað að við getum ekki lengur leyft okkur að segja hvort fara verði í stórátak, við **verðum** að fara í stórátak. Þessir þættir eru grunnforsenda þróunar í fjölda málaflokka, t.d. byggðamála og atvinnamála. Staðan í dag er raunverulega sú að innviðir, samgöngur og aðrir þeir innviðir sem fjallað er um í þessari áætlun, standa bæði byggða- og atvinnuþróun á landsbyggðinni fyrir þrífum og skerða í raun búsetuskilyrði. Því þarf að breyta – og það strax.



Mynd 3. Gagnaverssvæðið við Blönduós. Mynd, Róbert Daniel Jónsson.



## 2. KAFLI TENGLSAMGÖNGUMÁLA VIÐ ÝMSAR ÁÆTLANIR OG STEFNUR

Skv. lögum um samgönguáætlun skal ráðherra samgöngumála leggja fram á að minnsta kosti þriggja ára fresti tillögu til þingsáætlunar um samgönguáætlun þar sem er stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu 15 árin. Jafnframt skal ráðherra leggja fram 5 ára aðgerðaáætlun fyrir fyrsta tímabil hvern samgönguáætlunar. Skal sú áætlun innihalda áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem heyrir undir ráðuneytið. Í samgönguáætlun er mörkuð stefna í samgöngumálum landsins til 15 ára.

Gildandi samgönguáætlun til árana 2020-2034 var samþykkt á 15. löggjafarþingi þann 29. júní sem og 5 ára aðgerðaáætlun til árana 2020-2024.

Samgöngumálin koma einnig við sögu í fjölmörgum öðrum áætlunum og stefnum ríkisins, beint eða óbeint. Einnig eru samgöngumál mikilvæg undirstaða í verkefnum Áfangastaðaáætlunar Norðurlands.

### Samgönguáætlun

Í kaflanum um framtíðarsýn og meginmarkmið þingsályktunar um samgönguáætlun árana 2020-2034 er markið sett hátt þar sem segir:

**Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.**

**Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum:**

- 1. Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.**
- 2. Sjálfbærar byggðir um land allt.**

Þegar áætlunin er skoðuð með tilliti til ofangreindra markmiða er ljóst að þeim verður ekki náð á Norðurlandi vestra miðað við þau verkefni sem tilgreind eru fyrir landshlutann.

Í kaflanum um markmið og áherslur er að finna marga mikilvæga punkta. Svo sem:

**2.1 Stefnt verði að því að samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði tryggt og hreyfanleiki bættur.**

**Búsetugæði verði aukin með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.**

**Uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta.**

Afar brýnt er að þessum þáttum verði mætt á Norðurlandi vestra. Líta verður á atvinnulíf í breiðu samhengi en ekki einvörðungu út frá sjónarhóli stóriðju. Kúabú kallar á akstur mjólkurbíla um vegi og yfir brýr. Ferðaþjónustan sömuleiðis, o.s.frv. Fagna ber því að áhersla

sé lögð á samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða. Á því hefur verið misbrestur á Norðurlandi vestra, bæði ef litið er til vegakerfis og almenningsgangna. Brýnt er að úr því verði bætt. Forsenda uppbyggingar í samfélögum í landshlutanum er öflugt atvinnulíf. Mikil áhersla hefur verið lögð á þann þátt uppbyggingar af hálfu sveitarfélaganna og SSNV og því nauðsynlegt að samgöngumannvirki og aðrir innviðir taki þátt í því en vinni ekki gegn eins og því miður eru dæmi um.

#### **2.1.4 Samgöngukerfið taki tillit til þarfa ferðapjónustunnar, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið. Sérstaklega verði hugað að vetrarpjónustu á vegakerfinu.**

Eins og fram kom hér að framan er þetta eitt af lykilatriðum fyrir dreifðari byggðir svo hægt sé að byggja upp ferðapjónustu allt árið um kring. Á Norðurlandi vestra er fjöldi mikilvægra vega sem auk þess að þjóna íbúum eru svokallaðir ferðamannavegir. Hægt er að nefna sem dæmi Vatnsnesveg, vegspottann að Hvítserk, veginn að Borgarvirki, Þingeyraveg, veginn fyrir Skaga o.fl. Þessir vegir eru ferðapjónustunni á svæðinu mjög mikilvægir en hafa ekki fengið viðunandi viðhald né þjónustu. Miðað við gildandi samgönguáætlun er ekki að sjá að mikil bót verði þar ráðin á.

#### **2.1.6 Gert verði áttak við lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.**

Vissulega þurfa vegir að uppfylla öryggiskröfur en of mikil áhersla hefur verið á það undanfarin ár að allir vegir þurfi að uppfylla allra stífastu reglugerðir og Evrópustaðla sem gerir framkvæmdir mun kostnaðarsamari en ella. Á Norðurlandi vestra eru vegir sem leggja má á bundið slitlag án mikillar undirvinnu eða þar sem undirvinnan hefur þegar farið fram.



Mynd 4. Hegranesvegur (764) í Skagafirði. Mynd, Ólafur Guðmundsson.

### **2.1.9 Einbreiðum brúm á umferðarmestu vegum verði fækkað.**

Ástand brúa á stofn- og tengivegum á Norðurlandi vestra er bágborið. Fæstar þeirra uppfylla öryggiskröfur dagsins í dag og skapa þær því mikla hættu, sérstaklega þar sem umferð ferðamanna er mikil. Í landshlutanum öllum eru 52 einbreiðar brýr, sú elsta byggð í kringum 1930<sup>6</sup>. Bent er á að mælikvarðinn á þörf á úrbótum sem tilgreindur er, þ.e. umferðarmestu vegum, má ekki vera sá eini sem ræður forgangsröð verkefna. Umferðarminni vegir geta verið samfélagslega mikilvægir með tilliti til skólaaksturs, þjónustu við atvinnulíf o.s.frv. Til þessara þátta verður að taka tillit við ákvarðanatöku um framkvæmdir.



*Mynd 5. Brú yfir Víðidalsá. Byggð 1955. Á leið að Kolugjúfrum sem eru vinsæll ferðamannastaður. Skólaakstur fer um brúna. Mynd, Ólafur Guðmundsson*

### **2.1.10 Þjónustu á vegum verði forgangsraðað með hliðsjón af umferð.**

Eðlilegt er að verkefnum sé meðal annars forgangsraðað með hliðsjón af umferð. Rétt er hins vegar að vara við því að sá mælikvarði verði ráðandi þáttur í forgangsröðun.

Á Norðurlandi vestra eru skólaakstursleiðir með þeim lengstu á landinu. Samtals aka skólabílar rúma 1.000 km aðra leið á degi hverjum, þar af eru tæpir 420 km á malarvegi. Skólabílar fara auk þess yfir 48 einbreiðar brýr. Oft fara skólabílar um lítið ekna vegi en gera verður þá kröfu að áhersla sé lögð á vegi sem um fara hópar skólabarna á degi hverjum.

---

<sup>6</sup> Lista yfir einbreiðar brýr á Norðurlandi vestra ásamt umferðartölum er að finna í fylgiskjali 2.

Tafla 1. Skólaakstur á Norðurlandi vestra.

	Km	Þar af á malarvegi	Fj. einbr. brúa
Sveitarfélagið Skagafjörður	314	91,5	12
Húnaþing vestra	475	159	21
Blönduósbær	28,6	10,5	0
Skagabyggð	59,4	28,2	4
Húnavatnshreppur	211	126	9
Akrahreppur	43	4,2	2
<b>Samtals, <u>önnur leið</u></b>	<b>1043</b>	<b>419,4</b>	<b>48</b>

Á Norðurlandi vestra eru eknir flestir km. með skólabörn á malarvegi á landinu öllu. Sá landshluti sem næstur kemur á eftir er Vesturland með 189 km. Jafnframt eru flestar einbreiðar býr á Norðurlandi vestra. Á Norðurlandi vestra er jafnframt hæsta hlutfall skólabarna sem býr í 30 km. fjarlægð eða meira frá grunnskóla, eða 8,5%<sup>7</sup>.

Einnig er í þessu sambandi vert að ítreka það sem fram hefur komið hér að framan að lítið eknir vegir geta sömuleiðis verið mikilvægir með tilliti til atvinnuþróunar á svæðum. Að síðustu er mikilvægt að komi fram að ef miða á við þennan mælikvarða þurfa mælingar á umferð að vera mun meiri og stöðugri. Í dag er það svo að víða eru aðeins tímabundnar mælingar sem gefa ekki endilega rétta mynd af ársumferð á viðkomandi vegi.

### **2.1. 21 Íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma, akandi, með almenningsvagni, ferju og/eða flugi.**

Austasti hluti Norðurlands vestra býr ekki svo vel að eiga kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á undir 3,5 klst. samþættum ferðatíma. Það þýðir að íbúar á því svæði eiga kost á niðurgreiðslu flugfargjalda í gegnum Loftbrú, sem veitir 40% afslátt af heildar fargjaldi fyrir allar áætlunarleiðir innanlands til og frá höfuðborgarsvæðinu, allt að 6 flugleggi á ári. Þessi niðurgreiðsla af hálfu ríkisins sem tekin var upp árið 2021 gjörbreytir forsendum fyrir flugrekstur á Alexandersflugvelli. Því er afar brýnt að völlurinn verði aftur tekinn inn í grunnnet flugvalla, fái löngu tímabært viðhald og hljóti nauðsynlegt rekstrarfé til að unnt verði að halda þar úti áætlunarflugi. Mun það breyta búsetuskilyrðum íbúa í landshlutanum til mikilla muna sem og aðstöðu til atvinnustarfsemi á svæðinu.

### **2.1.22 Unnið verði að því að efla almenningsamgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.**

Óhætt er að segja að almenningsamgöngur á Norðurlandi vestra séu mjög takmarkaðar. Aðeins er um að ræða gegnumakstur leiðar 57- Akureyri-Reykjavík og leiðina frá Skagaströnd að Blönduósi í tengslum við þá leið. Áætlun þessara leiða er mjög óhentug til ferða innan

<sup>7</sup> Skýrsla Byggðastofnunar um vinnu- og skólasóknarsvæði (bls. 8).

[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vinnu-%20og%20sk%c3%b3las%c3%b3knarsv%c3%a6%c3%b0i%20og%20almenningsamg%c3%b6ngur%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vinnu-%20og%20sk%c3%b3las%c3%b3knarsv%c3%a6%c3%b0i%20og%20almenningsamg%c3%b6ngur%20-%20Copy%20(1).pdf)



svæðis, þ.e. ómögulegt er að nýta leiðina milli þéttbýlisstaða bæði til vinnusóknar og erindagjörða. Í fýsileikakönnun á almenningsamgöngum<sup>8</sup> sem unnin var á vegum SSNV árið 2021 koma fram leiðir sem hægt væri að fara til að efla almenningsamgangnakerfið. Miðað við núverandi stöðu þjónar kerfið ekki öðrum íbúum en þeim sem ferðast þurfa út fyrir svæðið.

### **2.1.23 Áfram verði stutt við gerð stofnstíga gangandi og hjólandi í þéttbýli og á milli þéttbýlisstaða.**

### **2.1.24 Leitast við að gera hjóltreiddar og göngu að greiðum og öruggum ferðamátum.**

Stórátaks er þörf í landshlutanum í þessum efnum og ljóst að til þess að viðunandi staða náist þarf stóruaukið fjármagn í stígasjóði Vegagerðarinnar. Tækifæri eru til stígagerðar í dreifbýli sem myndu bæta búsetuskilyrði til muna, bæta tækifæri til virkra ferðamáta og einnig vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Má þar nefna göngu/hjólastíga milli Laugarbakka og Hvammstanga, frá Þingeyrum til Blönduóss, stíga frá Sauðárkróki að minnismerki um Jón Ósmann, frá Sauðárkróki að Ljósheimum, Varmahlíð að Glaumbæ o.m.fl.

Nauðsynlegt er að fjármagn ríkisins til Vegagerðar vegna stuðnings við verkefni af þessum toga verði aukið svo mæta megi þeirri þörf sem uppi er.

### **2.1.26 Farnettsamband verði tryggt á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við strendur landsins.**

Enn er víða pottur brotinn hvað fjarskiptasamband varðar í landshlutanum. Þegar hefur verið nefnt að víða er farnettsamband og símasamband stopult á vegum sem gerir það að verkum að öryggi íbúa og annarra sem um þá fara er ógnað. Útgefin útbreiðslukort gefa ekki raunsanna mynd af stöðunni og á stöku stað er það jafnvel svo að samband á Þjóðvegi 1 er brokkgengt. Þess utan er farnets- og farsímasamband í dreifbýli í landshlutanum í algerum ólestri eins og niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í tengslum við gerð þessarar áætlunar sýnir með óyggjandi hætti. Úr þessu þarf að bæta.

Í kafla 2.2 í samgönguáætlun ríkisins er fjallað um markmið sem tengjast öruggum samgöngum. Þar eru sett metnaðarfull markmið varðandi dauðsföll og alvarlega slasaða í umferðinni. Auðvitað eiga markmið hvað umferðaröryggi varðar að vera háleit, við viljum öll sjá sem fæst og helst engin alvarleg óhöpp á vegum. Til að svo megi verða er mjög brýnt að samgöngumannvirki standi undir slíkum markmiðum. Það er mat samgöngu- og innviðanefndar SSNV að svo sé ekki í landshlutanum og brýnt að bregðast við því.

Í kafla 2.3 er fjallað um markmið um hagkvæmar samgöngur.

### **2.3.1 Leitað verði hagkvæmustu lausna í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins.**

Það hlýtur að teljast eðlileg krafa íbúa þessa lands að hagkvæmustu leiðir hverju sinni séu farnar við uppbyggingu innviða. Í því samhengi er vert að benda á að staðlar í vegagerð gera það að verkum að víða eru byggðir upp vegir sem hefði mátt slá lítið eitt af kröfum staðla til

---

<sup>8</sup> Skýrslan er aðgengileg hér:

[https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningsamgongur\\_ssnv-skyrsla\\_rha\\_2021.pdf](https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningsamgongur_ssnv-skyrsla_rha_2021.pdf)

að komast lengra. Er þá einkum átt við lagningu slitlags á stofn- og tengivegi sem er víða brýnt verkefni.

Í kafla 2.5. er fjallað um markmið um jákvæða byggðapróun. Þar segir:

**Stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og stuðla að þeim grunni sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.**

Markmið sem þessi eru eðlileg og sjálfsögð en það er auðveldara um að tala en í að komast. Það má sjá þegar greindar eru þær fjárhæðir sem fara eiga í samgöngumál skv. gildandi samgönguáætlun. Þar sést að Norðursvæði, tekið er fram að Norðurland vestra er tæplega helmingur þess svæðis, fær aðeins á bilinu 8-12% fjármuna sem varið er til samgöngumála til sín.

Tafla 2. Sundurliðun fjármagns til samgönguframkvæmda eftir svæðum.

	1. tímabil 2020-2024	2. tímabil 2025-2029	3. tímabil 2030-2034
Suðursvæði 1	10.200	9.990	8.300
Suðursvæði 2	15.730	20.480	8.250
Vestursvæði	15.560	12.160	9.550
Norðursvæði	4.590	6.110	3.550
Austursvæði	5.875	1.100	13.250
<b>Samtals</b>	<b>51.955</b>	<b>49.840</b>	<b>42.900</b>
<b>Norðursvæði % af heild</b>	<b>9%</b>	<b>12%</b>	<b>8%</b>

Vert er að taka fram að tafla 2 innifelur ekki verkefni sem unnin eru í PPP<sup>9</sup> framkvæmd né verkefni sem eru á jarðgangaáætlun. Í einhverjum landshlutum eru því að fara mun hærri fjárhæðir til samgönguverkefna. Engin slík verkefni eru áformuð á Norðurlandi vestra á gildistíma samgönguáætlunar.

Þegar litið er á sundurliðun fjármagnsins til Norðursvæðis má sjá að tilgreind eru tvö verkefni á tímabili áætlunarinnar á Norðurlandi vestra:

<sup>9</sup> Public Private Partnership. Notað um framkvæmdir sem eru samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um opinbera framkvæmd, sbr. Hvalfjarðargöng.




Tafla 3. Verkefni á Norðurlandi vestra á gildandi samgönguáætlun.

Norðursvæði.

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar			Hönnuurstig lokið	Öryggi	Greiðerni	Umhverfi	Bygðarmál
			Kostnaður 1.1.2020 [m.kr.]	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029					
1	Undirbúningur verka utan áætlunar		920	260	310	350				
q6	Hringvegur		800	40						
r6	Um Skjálíffandafljót Jökulsá á Fjöllum	2	2.200	25	2.200		Frumdrög	X	X	
73	Þverárfjallsvegur um Refasveit og									
74	Skagastrandarvegur um Laxá	16,3	1.700	1.600			Frumdrög	X	X	X
85	Norðausturvegur									
02–03	Um Skjálíffandafljót	9,5	2.200		2.200		Frumdrög	X	X	
06	Um Köldukvíslargil		255	65			Frumdrög	X	X	X
27	Brekknahéið	7,6	1.100	1.100			Frumdrög	X	X	X
711	Vatnsnesvegur Ýmsir staðir	60	3.000		500	2.500	Skiigreining	X	X	X
815	Hörgárdalsvegur									
01	Skríða – Brakandi	4	250	250			Frumdrög	X	X	
829	Eyjafljórabraut vestri									
02	Um Hrafnagil	1,8	300	300			Skiigr./Frumdr.	X	X	
842	Bárdardalsvegur vestri									
01–04	Hringvegur – Sprengisandsleið	37	1.600		900	700	Skiigreining	X	X	
862	Detifóssvegur									
02–03	Súlnalækur – Ásheiði	14,6	950	950			Verkhönnun	X	X	X
<b>Samtals Norðursvæði</b>				<b>4.590</b>	<b>6.110</b>	<b>3.550</b>				

Skv. gildandi áætlun munu því á árunum 2020-2034 renna 4.700 millj. króna í tvö verkefni sem teljast til nýframkvæmdar/stærri verkefna á Norðurlandi vestra. Þar er um að ræða breytingu á vegstæði Skagastrandarvegur frá þjóðvegi 1 að afleggjara yfir Þverárfjallsveg (sjá Mynd 6. *Nýframkvæmd við Skagastrandarveg*. Mynd, Vegagerðin.

). Samtals 8,5 km. Verkið var sameiginlegt áhersluverkefni Samgöngu- og innviðaáætlunar landshlutans frá árinu 2019. Framkvæmdir við verkið eru hafnar og því ekki fjallað sérstaklega



um það í þessari áætlun.

Mynd 6. Nýframkvæmd við Skagastrandarveg. Mynd, Vegagerðin.

Það verður að teljast undarlegt að í eins stórum landshluta og Norðurlandi vestra séu aðeins tvö verkefni á dagskrá þau 15 ár sem áætlunin á að gilda. Vert er að taka fram að þarna er

aðeins um að ræða nýframkvæmdir og stærri verkefni. Í áætluninni er að finna sameiginlegan lið þar sem skilgreint er fjármagn í ýmsar framkvæmdir undir 1.000 millj. sem og breikkanir brúa og bundið slitlag á tengivegi.

Gera verður ráð fyrir að hluti þeirra fjármuna sem þar eru taldir muni renna til Norðurlands vestra enda er þar hæsta hlutfall sem ekki hafa bundið slitlag eða 49% stofn- og tengivega.

Tafla 4. Hlutfall malarýfirborðs stofn- og tengivega eftir landshlutum.

	% malarvega
Suðurnes	1,93%
Vesturland	43,65%
Vestfirðir	34,75%
Norðurl vestra	49,45%
Norðurl eystra	27,72%
Austurland	32,43%
Suðurland	25,82%

Í lagningu bundins slitlags er á landsvísu á næstu 15 árum varið 20.769 millj. skv. gildandi samgönguáætlun. Ef miðað er við að kostnaðurinn pr. km sé á bilinu 50-60 millj. króna má gera ráð fyrir að þar séu fjármunir sem duga í á bilinu 345-415 km af bundnu slitlagi. Á 15 ára tímabili er það á bilinu 23-27 km á ári. Það er því ljóst að það mun taka langan tíma á landsvísu að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum við lagningu bundins slitlags á tengivegi. Á Norðurlandi vestra einu eru tæpir 300 km settir í forgang hjá sveitarfélögum. Það er því deginum ljósara að í þennan lið samgönguáætlunar ríkisins þarf að veita mun meira fé en gert. Einnig hefur verið bent á að stærri slitlagsverkefni mætti taka út fyrir sviga og fjármagna úr öðrum pottum en tengivegapotti. Slíkir vegir á Norðurlandi vestra gætu t.d. verið Vatnsnesvegur og Skagavegur (bæði austan og vestan megin).

Tafla 5. Verkefni á sameiginlegum lið samgönguáætlunar árána 2020-2034.

Sameiginlegt.

	Tímabil			Öryggi	Greiddarar	Umhverfi	Bygðarmál
	1. tímabil 2020-2024	2. tímabil 2025-2029	3. tímabil 2030-2034				
Ýmsar framkvæmdir, undir 1.000 millj. kr.			4.500				
Tengivegir, bundið slitlag	6.209	7.112	7.448	X	X	X	
Breikkun brúa	2.500	2.600	4.700	X	X		
Hjóla- og göngustígar	1.216	1.500	1.750	X			
Samgöngurannsóknir	100	100	100				
Héraðsvegir	550	750	750				
Landsvegir utan stofnvegakerfis	800	850	900				
Styrkvegir	500	500	500		X		
Reiðvegir	375	400	400				
Smábrýr	250	250	250	X	X		
Gírðingar	300	300	300	X			
Sameiginlegur jarðgangakostnaður	50	50	50				
Óráðstafað		800					
<b>Samtals sameiginlegt</b>	<b>12.850</b>	<b>15.212</b>	<b>21.648</b>				
<b>Samtals nýframkvæmdir</b>	<b>71.705</b>	<b>76.552</b>	<b>75.548</b>				
<b>Þar af ófjármagnað í fjármálaáætlun</b>	<b>4.500</b>						

## Stjórnarsáttmáli

Samgöngur fá rými í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Er þar meðal annars kynnt að markvisst verði unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja atvinnu- og byggðapróun og auðvelda skólaakstur. Samgöngu- og innviðanefnd SSNV fagnar þessari áherslu og bindur vonir við að henni fylgi fjármagn til brýnna verkefna í landshlutanum.

Fleiri þættir eru nefndir í stjórnarsáttmálanum sem styðja þau verkefni sem fjallað er um í þessari áætlun. M.a. má nefna samstarf sem kynnt er milli ríkis og sveitarfélaga um að efla almenningsamgöngur á landsbyggðinni. Slík uppbygging er afar brýn eins og þegar hefur komið fram. Mikilvægt er að verkefni sem því fylgi fjármagn til uppbyggingar. Sveitarfélögin á starfssvæði SSNV hafa ekki burði að óbreyttu til að koma með fjármagn inn í slík verkefni.

Í kaflanum um samgöngumál er einnig fjallað um orkuskipti í samgöngum og sérstaklega tiltekið að áhersla verði lögð á þau um land allt. M.a. með neti hleðslustöðva. Vert er að fagna því en einnig er vert að benda á viðvarandi orkuskort í landshlutanum sem hamlar atvinnuuppbyggingu eins og fram hefur komið og þá einnig orkuskiptum. Úrbætur á raforkuframboði og -flutningi eru því afar brýnar, bæði með tilliti til atvinnu- og umhverfissjónarmiða.

Í kaflanum um byggðamál er minnst á getu og fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar háhraðaneta þar sem markaðsaðstæður eru ekki fyrir hendi eða öryggissjónarmið krefjast þess. Ástæða er til að fagna þessari áherslu sem er í takt við það sem þegar hefur komið fram í þessari áætlun og nánar verður fjallað um síðar.

## Fjarskiptaáætlun

Verkefnið *Ísland ljóstengt* er að renna sitt skeið á enda. Með því var stigið stórt skref í að bæta búsetuskilyrði í hinum dreifðari byggðum og eru ríkisvaldinu færðar þakkir fyrir metnaðarfullt og árangursríkt verkefni.

Afar mikilvægt er að þess verði gætt að þær ljósleiðaratengingar sem eftir standa í verkefninu og eru dýrustu og óhagkvæmustu tengingarnar, verði kláraðar með aðkomu ríkisins. Bundnar eru vonir við að átakið *Ísland fulltengt* leysi þann vanda. Einnig er mikilvægt að verkefnið verði víkkað út og ná til þéttbýliskjarna þar sem ekki eru markaðslegar forsendur til reksturs ljósleiðarakerfa líkt og vísað var í hér að framan í tengslum við umfjöllun um stjórnarsáttmála. Slíkir staðir eru nokkrir á Norðurlandi vestra og brýnt að þessir staðir sitji ekki eftir með tilheyrandi skerðingu á búsetuskilyrðum sem af því myndi skapast.

Með ljósleiðaravæðingunni hafa kopartengingar verið að leggjast af og ljóst að þær muni verða að fullu af lagðar innan fárra ára. Tryggja verður að þær tengingar sem enn eru eftir verði ekki lagðar af fyrr en farsímasamband hefur verið tryggt. Ljósleiðaratengingar detta út við rafmagnsleysi og eru þau svæði, þar sem koparinn hefur verið aflagður og ekki er farsímasamband, því sambandslaus komi til rafmagnsleysis. Eins og fram kemur í svörum íbúa á Norðurlandi vestra í könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli<sup>10</sup> er farsímasambandi í landshlutanum víða ábótavant. Ekki er einasta um að ræða byggðamál heldur einnig öryggismál, á þjóðvegum landsins og inn til sveita.

---

<sup>10</sup> Sjá fylgiskjal 3.

## Byggðaaætlun

Í júní 2018 var á Alþingi samþykkt þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024<sup>11</sup> með öllum greiddum atkvæðum. Mikilvægt er að um slíkt stefnumótandi plagg sé sem víðtækust samstaða á Alþingi. Fjöldmörg gagnleg verkefni hafa komist í framkvæmd fyrir tilstuðlan áætlunarinnar. Ástæða er til að fagna áætluninni og ekki síst hve mörg verkefni eru þegar komin af stað. Betur má ef duga skal<sup>12</sup>.

Í kafla áætlunarinnar um framtíðarsýn og meginmarkmið kemur eftirfarandi fram:

**Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.**

**Meginmarkmið eru tvenns konar:**

a. Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.

b. Byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

**Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi.**

Ofangreind markmið eru metnaðarfull en um leið sjálfsögð fyrir íbúa hinna dreifðu byggða um land allt. Til að þau megi ná fram að ganga er ljóst að stórbæta þarf samgöngur á víðum grunni með vegaframkvæmdum, bættum fjarskiptum, hraðari aðgerðum við þrífösun rafmagns o.s.frv. Enda segir í kaflanum um lykilviðfangsefni:

**...góðar samgöngur [eru] mikilvægar fyrir byggðaþróun og styrkja vinnu- og þjónustusóknarsvæði.**

Sömuleiðis segir í kaflanum um markmið, áherslur og mælikvarða þar sem fjallað er um jöfn tæifæri til atvinnu :

**Að jafna tækifæri til atvinnu felur m.a. í sér að bæta innviði, svo sem fjarskipti, samgöngur og afhendingargetu og öryggi í raforkumálum;**

Í þessu sambandi er vert að benda sérstaklega á þrífösun rafmagns sem hefur gengið full hægt að mati heimamanna á Norðurlandi vestra og því miður er ekki nægur áhugi innan RARIK til að nýta til fulls samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum sveitarfélaganna til að flýta framkvæmdum við þetta mikilvæga hagsmunamál dreifbýlisins á svæðinu. Nokkrar úrbætur voru gerðar í kjölfar óveðurs í desember 2019 en enn er mikið verk óunnið. Hvort sem litið er til heimila þar sem víða þarf að endurnýja helstu rafmagnstæki á 2-3ja ára fresti eða fyrirtækja sem eru settar verulegar hömlur við uppbyggingu með einfasa rafmagni er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál sem gera verður kröfu um að verði hraðað verulega til að ná fram þeim markmiðum byggðaaætlunar sem talin voru upp hér að framan.

<sup>11</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/byggdaaaetlun-2018-2024/>

<sup>12</sup> Endurskoðun Byggðaaætlunar stendur yfir en var ekki lokið þegar vinnu við gerð áætlunarinnar lauk.

Í kaflanum um samhæfingu við aðrar stefnur og áætlanir kemur eftirfarandi fram:

### Fátt hefur til að mynda meiri áhrif á þróun byggðar en samgöngur.

Engu er ofaukið í framangreindri staðhæfingu byggðaáætlunar og hún undirstrikar mikilvægi þess að framkvæmdum í landshlutanum verði flýtt, og fjölgað, til að efla megi samfélögin á svæðinu.

## Heilbrigðisstefna

Árið 2019 var lögð fram heilbrigðisstefna til ársins 2030<sup>13</sup>. Stjórn SSNV veitti umsögn í ferli vinnu við gerð stefnunnar<sup>14</sup> og fagnaði framlagningu hennar. Í stefnunni er að finna metnaðarfull markmið um heilbrigðisþjónustu um land allt. Sérstaklega fögnuðu samtökin þeirri áherslu að jafna eigi aðgengi fólks á landsbyggðinni að heilbrigðisþjónustu. Í því verkefni mun fjarheilbrigðisþjónusta, sem nú er í hraðri þróun, leika stórt hlutverk. Hins vegar er það svo að sú þjónusta sem tæknin gerir okkur kleift að veita mun aldrei koma í veg fyrir það að fólk þurfi að nýta sér hefðbundnar samgöngur til að sækja þjónustu lækna og heilbrigðisstofnana. Skert aðgengi að þjónustu í heimabyggð leiðir til þess að gera verður ríkari kröfu um greiðar samgöngur allt árið um kring, hvort sem er á landi eða í lofti. Vel skipulagðir sjúkraflutningar, eins og nefndir eru í heilbrigðisstefnunni, duga skammt ef samgöngumannvirki og þjónusta við þau er ekki í ásættanlegu horfi.

Í úttekt á heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra, sem SSNV lét vinna á árinu 2018<sup>15</sup>, kemur fram að nánast engir íbúar á Norðurlandi vestra eru í minna en klukkustundar fjarlægð frá sérhæfðu sjúkrahúsi með sólarhringsaðgang að skurðstofu. Annarsstaðar á landinu er þetta hlutfall 50-100%. Það er því ljóst að íbúar Norðurlands vestra hljóta að gera þá kröfu að samgöngur séu með þeim hætti að íbúar landshlutans sitji við sama borð og íbúar annarra landssvæða, eins og kveðið er á um í mörgum þeirra stefna og áætlana ríkisins sem að framan eru taldar. Á því er í dag mikill misbrestur sem leiðir til þess að svæðið er ekki eins fýsilegur búsetukostur og ella.

Tafla 6. Hlutfall íbúa sem hafa sólarhringsaðgang að skurðstofu innan tiltekins aksturstíma. Úr greiningu RHA á stöðu heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra.

	Innan 30 mín.	Innan 60 mín.
Höfuðborgarsvæðið	99,99	100
Suðurnes	5,84	99,86
Vesturland	61,03	70,87
Vestfirðir	64,03	67,94
<b>Norðurland vestra</b>	<b>0</b>	<b>0,27</b>
Norðurland eystra	70,66	82,69
Austurland	33,88	70,87
Suðurland	0,01	51,43


<sup>13</sup>[https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsarskrar/Heilbrigdisstefna\\_4.juli.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsarskrar/Heilbrigdisstefna_4.juli.pdf)

<sup>14</sup> <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4501.pdf>

<sup>15</sup> [http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv\\_skyrsla\\_heilbrigdis.pdf](http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv_skyrsla_heilbrigdis.pdf)



Í sömu úttekt kemur fram að sjúkraflutningar á Norðurlandi vestra hafa aukist á undanförunum árum líkt og sjá má á mynd 7. Sýnir það enn frekar mikilvægi þess að samgöngumannvirki séu viðunandi sem og þjónusta við þau sem því miður hefur verið misbrestur á.



Mynd 7. Sjúkraflutningar í Skagafirði 2009-2020.


## Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Í janúar 2021 var gefin út uppfærð Áfangastaðaáætlun Norðurlands<sup>16</sup>. Í áætluninni er að finna ítarlega greiningu á stöðu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi. Einnig eru þar skilgreind áhersluverkefni Norðurlands vestra með tilliti til þróunar svæðisins sem áfangastaðar á komandi árum.

Í áætluninni eru sett fram þau forgangsverkefni sem aðilar eru sammála um að brýnast sé að fara í með tilliti til þróunar ferðaþjónustu á svæðinu. Þeir staðir sem settir eru í forgang eru Kálfshamarsvík í Skagabyggð, Vatnsnesvegur í Húnaþingi vestra, Vatnsdalshólar í Húnavatnshreppi og Austurdalur/Jökulsárgljúfur, Reykjafoss/Fosslaug og Glaumbær í Skagafirði. Flestallir eiga þessir staðir það sammerkt að samgöngumannvirki sem til þeirra liggja eru í verulega slæmu ásigkomulagi og þjónustu við þau ábótavant, sérstaklega á veturnum.

<sup>16</sup> <https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/afangastadaaaetlun-2021-2023.pdf>





Mynd 8. Forgangsverkefni á Norðurlandi vestra í Áfangastaðaáætlun Norðurlands. Mynd, Markaðsstofa Norðurlands.

## Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way

Í áfangastaðaáætluninni er einnig fjallað um Norðurstrandarleið<sup>17</sup> sem er ferðamannaleið sem hefur verið í þróun um nokkurra ára skeið og opnuð var sumarið 2019. Sveitarfélög á Norðurlandi hafa lagt verkefninu lið með fjárstuðningi úr Sóknaráætlun landshlutanna auk beinna framlaga. Vonir eru bundnar við að áætlunin vekji athygli á Norðurlandi sem ákjósanlegum áfangastað til að dvelja í lengri tíma en verið hefur. Leiðin hefur þegar vakið mikla athygli og var í maí 2019 valin einn af 10 athyglisverðustu stöðunum til að sækja heim í Evrópu. Hún hefur einnig fengið athygli frá ferðaheildsölum um allan heim.



Mynd 9. Norðurstrandarleið. Mynd, Markaðsstofa Norðurlands.

Sá hluti leiðarinnar sem er á Norðurlandi vestra fer um Vatnsnes og fyrir Skaga þar sem vegir eru verulega slæmir og vetrarþjónusta er ábótavant nema á helstu skólaakstursleiðum.

Ljóst er að til að þetta metnaðarfulla verkefni geti nýst Norðurlandi öllu sem best, verður að gera verulegt átak í að styrkja þá vegi sem marka leiðina.

<sup>17</sup> <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/acw/skraning>

## Sveitir Norðurlands

Í áfangastaðaáætlun er einnig tilgreint verkefni sem hófst árið 2020 og ber heitið Sveitir Norðurlands. Markmið verkefnisins er að koma dreifbýli landshlutans á framfæri fyrir ferðamenn sem mótvægi við áherslu á strandsvæðin í Norðurstrandarleið. Í sveitunum eru fjölmörg smærri ferðaþjónustufyrirtæki sem vekja áhuga ferðamanna. Það þarf ekki að fjölyrða um ástand vega á þeim svæðum, að megni til malarvegir og fjöldi einbreiðra brúa sem skapa mikla hættu, einkum meðal ferðamanna sem ekki eru vanir að keyra við slíkar aðstæður. Líkt og í tilfalli Norðurstrandarleiðar er jafnframt þörf á bættri vetrarþjónustu til að mæta aukinni umferð.



Mynd 10. Vatnsnesvegur sem er fjölfarinn ferðamannavegur á Norðurlandi vestra. Mynd, Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir

### Brún skilti fyrir ferðamannastaði

Brýnt er að Vegagerðin hefji merkingar ferðamannastaða á landinu með brúnum upplýsingaskiltum sem notuð eru um allan heim til að merkja ferðamannaleiðir og áfangastaði. Skilti af þessum toga þekkja ferðamenn frá sínum heimalöndum og skipta þau miklu máli í tengslum við stýringu ferðamanna um landið. Með uppsetningu þessara skilta verður upplýsingagjöf til ferðamanna sem ferðast um þjóðvegi Íslands mun markvissari en verið hefur. Núverandi merkingarkerfi Vegagerðarinnar er barn síns tíma en stendur ekki undir hlutverki sínu þegar eins margir ferðamenn eru á ferðum um vegi landsins og nú er. Regluverkið varðandi ferðamannamerkingar er til frá þeim nágrennalöndum okkar sem við horfum til hvað önnur lög og reglur varðar svo ekki þarf að vinna það frá grunni heldur einungis staðfæra. Ein afleiðing þess að merkingar eru ekki samræmdar og skýrar er að sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar setja upp allskyns skilti utan veghelgunarsvæðis.



Mynd 11. Dæmi um brún upplýsingaskilti. Mynd, Shutterstock.

## Stefna ríkisins í almenningssamgöngum - Ferðumst saman

Almenningssamgöngur eru mikilvægur liður í eflingu hinna dreifðari byggða. Í lok árs 2019 var lögð fram stefna í almenningssamgöngum undir heitinu Ferðumst saman<sup>18</sup>. Í stefnunni er fjallað um það sem betur má fara í almenningssamgöngum, svo sem að sett verði upp eitt leiðakerfi, sameiginleg upplýsingagátt, unnin verði viðmið um þjónustustig og fargjöld lækkuð.

Í stefnunni koma einnig fram áform um að auka tengingar almenningssamgangna innan vinnusóknarsvæða sem og félagslega tengingu yfir lengri leið til kjarna. Áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur ríma vel við þetta mikilvæga atriði. Um er að ræða mikilvægt hagsmunamál svæðis eins og Norðurlands vestra svo efla megi svæðið sem eitt vinnusóknarsvæði sem er einn af mörgum mikilvægum þáttum til að efla byggð á svæðinu. Almenningssamgöngur eru í dag mjög takmarkaðar. Á árinu 2021 var unnin fýsileikakönnun á almenningssamgöngum<sup>19</sup> á svæðinu og tilgreindar nokkrar mögulegar leiðir til að bæta þar úr.

Auk eflingar almenningssamgangnakerfis er jafnframt afar mikilvægt að samgöngumannvirki, sem til staðar þurfa að vera til að hægt sé að halda úti öflugum almenningssamgöngum innan svæðis, séu þjónustuð með viðunandi hætti. Helst er þá að nefna Þjóðveg 1, Skagastrandarveg og Þverárfjallsveg sem gera má ráð fyrir að verði meginleið almenningssamgangna svæðisins. Einnig er mikilvægt að huga að biðstöðvum, bílplönunum við biðstöðvar o.s.frv.

## Kerfisáætlun

Í Kerfisáætlun Landsnets er fjallað um uppbyggingu raforkukerfisins á Íslandi. Skipta má flutningskerfinu í tvo þætti, annars vegar meginflutningskerfið og hins vegar svæðakerfin sem liggja frá meginflutningskerfinu. Bæði kerfi eru háð nokkrum takmörkunum eins og staðan er í dag. Erfitt hefur reynst að stækka meginflutningskerfið til að hægt sé að flytja meiri orku til svæðiskerfanna vegna mikillar andstöðu og kærumála. Á meðan versnar ástand kerfisins ár frá ári og er nú svo komið að ákveðin svæði búa við skort á raforku. Sá skortur er farinn að hamla verulega þróun og eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra enda er sama og engin orka tiltæk til afhendingar á svæðinu líkt og sjá má á minna Íslandskortinu á mynd 12. Eins og fram kom hér að framan skýtur sú staða skökku við þegar ríkið er að vinna með sveitarfélögum á starfssvæði SSNV að auknum fjárfestingum og uppbyggingu iðnaðarstarfsemi í landshlutanum.

Í gildandi kerfisáætlun er gerð áætlun til 10 ára sem sjá má á mynd 12 (stærra kortið). Á henni má sjá áætlanir um endurbætur á meginflutningskerfinu sem gera það að verkum að fleiri staðir á landinu eiga möguleika á afhendingu orku. Á minna kortinu sést núverandi staða en eins og sjá má eru þar nær allir afhendingarstaðir á rauðu sem þýðir að engin orka er tiltæk. Sú staða gerir það að verkum að neita hefur þurft aðilum sem áhugasamir eru um að hefja starfsemi í landshlutanum sem er fullkomlega á skjön við aðrar áætlanir ríkisins um uppbyggingu á landsbyggðinni. Þetta þarf að laga hið fyrsta, bæði með auknu fjármagni en ekki síður með einföldun regluverks sem gerir kleift að hraða leyfisveitingum. Flókið regluverk

<sup>18</sup> [https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/fylgiskjol/s0599-f\\_l.pdf](https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/fylgiskjol/s0599-f_l.pdf)

<sup>19</sup> [https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningsamgongur\\_ssnv-skyrsla\\_rha\\_2021.pdf](https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningsamgongur_ssnv-skyrsla_rha_2021.pdf)



hefur verið ein meginástæðan fyrir því hversu langan tíma tekur að gera umbætur á meginflutningskerfinu.



Mynd 12. Tiltæk afhendingarorka í meginflutningskerfi skv. Kerfisáætlun. Stærri myndin sýnir stöðu miðað við 10 ára áætlun. Minni myndin sýnir núverandi stöðu. Mynd, Landsnet.

Landsnet hefur undanfarin ár lagt áherslu á að bæta svæðiskerfin og var í kjölfar óveðurs í desember 2019 ráðist í einhverjar slíkar framkvæmdir í landshlutanum.

Eitt af markmiðum Kerfisáætlunar er að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Ljóst er að miðað við núverandi ástand í raforkumálum í landshlutanum er langt frá því að það markmið náist.



Mynd 13. Þingeyravegur. Fjölfarinn ferðamannavegur í Húnavatnshreppi. Mynd, Ólafur Guðmundsson.

### 3. KAFLI STAÐA Í LANDSHLUTANUM OG TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

#### Vegamál



Á Norðurlandi vestra eru um 13% allra stofn- og tengivega landsins. Auk þeirra eru allmargir héraðsvegir, landsvegir og stofnvegir á hálendi. Heildarvegalengd þessara vega í landshlutanum er um 1.735 km en þar af eru um 200 km á Hringvegi nr. 1.<sup>20</sup>

#### Flokkun þjóðvega

26.10.2021

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálend
- Tengivegur
- Landsvegur
- Héraðsvegur

Mynd 14. Flokkun þjóðvega á Norðurlandi vestra.

Umferðartölur árána 2020 og 2021 eru að mati Samgöngunefndar SSSNV ekki marktækar þar sem færri ferðamenn, vegna áhrifa heimsfaraldurs, hafa veruleg áhrif á umferðartölur til lækkunar. Því var ákveðið að notast við umferðartölur ársins 2019. Ætla má að þegar áhrifa heimsfaraldurs hættir að gæta muni umferðartölur færast í fyrra horf og jafnvel aukast umfram það sem var áður en Covid-19 skall á.

Umferð er mest á hringveginum eða frá um 1300 til rúmlega 2900 bílar á dag<sup>21</sup> að meðaltali yfir árið (ÁDU)<sup>22</sup>. Mest er umferðin um veginn við Blönduós eða 2900 bílar á dag (ÁDU), næst mest er hún á kaflanum frá Miðfjarðarvegi við Laugarbakka að Hvammstangavegi en meðalumferð á dag er þar 1950 bílar. Á hringveginum um Hrutafjörð að Miðfirði er umferðin um 1700 bílar á dag. Umferðin um hringveginn frá afleggjaranum á Vatnsnesvegi (711) við Vatnshorn og að Reykjabraut er um 1700 bílar á dag og er örlítið minni umferð um veginn við Varmahlíð eða um 1600 bílar á dag að meðaltali. Aðrir kaflar eru með minni umferð en þó er umferðin hvergi undir 1200 bílum á dag að meðaltali yfir árið.

Umferð um aðra stofnvegi er mikil, mest er hún innanbæjar en utan þéttbýlis minni. Á Sauðárkróksbraut innan Sauðárkróks er hún um 1100 bílar á dag. Á Sauðárkróksbraut á leiðinni að Varmahlíð er hún um 1000 (ÁDU) bílar á dag. Á Sauðárkróksbraut um Hegranes er

<sup>20</sup> <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

<sup>21</sup> Umferðartölur miðast við árið 2019. Fengið af vef Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

<sup>22</sup> ÁDU – Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið

umferðin um 850 bílar á dag þar sem hún er mest næst Sauðárkróki en minnkar austan við Hegranesið niður í 750 bíla á dag að meðaltali.

Einnig er mikil umferð á stofnvegi innan Hvammstanga (72) eða um 1300 bílar á dag að meðaltali en utan þéttbýlisins er umferðin minni eða um 820 bílar frá hringvegi að Hvammstanga.

Á Skagastrandarvegi (74) er umferðin 780 bílar á dag og greinist umferðin við Þverárfjallsveg (744) en um hann fara um 600 bílar að meðaltali á dag en áfram til Skagastrandar fara um 320 bílar á dag að meðaltali.

Á Siglufjarðarvegi (76) næst Sauðárkróksbraut er umferðin um 300 bílar á dag og á Innstrandavegi (68) næst hringvegi er umferðin sömuleiðis um 300 bílar á dag. Á öðrum stofnvegum er minni umferð.

Einnig er vert að nefna að þungaflutningar um vegi í landshlutanum eru miklir. Vegagerðin áætlað að 10-15% umferðar um vegi séu þungaflutningar. Tilraunir á áhrifum slits á vegi leiða í ljós að tvöföldun í öxulþunga jafngildir sextánföldun í ferðum. Sem sagt, hver tvöföldun á öxulþyngd jafngildir 2 í veldinu 4 í fjölgun ferða. Þessi „fjórðaveldisregla“ er notuð til að ákvarða þungatakmarkanir og sérstaka skatta á þyngri ökutæki um allan heim. Gróft áætlað má því segja að einn flutningabíll án tengivagns slíti vegum á við 9000 fólksbíla og flutningabíll með tengivagni á við 12000 fólksbíla. Umferðartölur segja því ekki nema hálfa söguna með tilliti til slits á vegum.

Tafla 7. Umferðarmestu tengivegir á Norðurlandi vestra árið 2019. <sup>23</sup> Stjörnumerkir vegir eru ekki mældir allt árið heldur byggja á áætlun Vegagerðarinnar.

Nr	Kaflar	Nafn vegar	ÁDU	SDU	VDU
704	04	Miðfjarðarvegur *	240	442	86
711	06	Vatnsnesvegur	231	390	112
713	01	Hvítserksvegur *	304	559	116
715	01	Víðidalsvegur *	71	121	34
716	01	Síðuvegur	163	324	43
717	01	Borgarvegur *	110	210	40
722	01	Vatnsdalsvegur *	77	97	57
724	01	Reykjabraut	123	155	90
731	02	Svínvetningabraut	286	360	209
734	01	Svartárdalsvegur *	47	84	26
744	01	Þverárfjallsvegur	527	771	326
745	01	Skagavegur *	134	191	87
748	01	Reykjastrandarvegur	117	178	67
749	01	Flugvallarvegur Sauðárkróki *	32	40	25
752	01	Skagafjarðarvegur	422	588	297
764	02	Hegranesvegur *	82	119	54
767	01	Hólavegur *	203	295	134

<sup>23</sup> SDU – Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní-september. VDU – Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.



## Bundið slitlag

Sá hluti hringvegarins sem liggur um Norðurland vestra er allur með bundnu slitlagi, um 200 km. Vegurinn er á köflum orðinn lélegur, svo sem í austasta hluta landshlutans. Einnig vantar víða afmarkaðar afreinar þar sem beygt er út af hringveginum, svo sem við Laugarbakka, við Þingeyraveg og við Vatnsdalsveg að austan. Á þessum stöðum og fleirum, þar sem svipaðar aðstæður eru, skapast oft stórhætta.

Um það bil helmingur vegar nr. 68, Innstrandavegur, sem liggur innan landshlutans er með bundnu slitlagi. Vegurinn frá hringvegi til Hvammstanga (72) er einnig með bundnu slitlagi, vegkaflí í Miðfirði (704) frá Þjóðvegi 1 og að Staðarbakka og vegurinn út Vatnsnes (711), út fyrir Kárastaði, sömuleiðis. Lagning slitlags á veginn frá Kárastöðum að Skarði kemur til framkvæmdar 2022 og lýkur 2023.




Mynd 9. Vegir á Norðurlandi vestra, bundið slitlag og malarvegir miðað við árslok 2021. Mynd, Vegagerðin.

Hluti vegarins í austanverðum Vatnsdal (722) er einnig með bundnu slitlagi eða frá Þjóðvegi að Hvammstjörn. Sömuleiðis er Reykjabraut (724) með bundnu slitlagi frá Þjóðvegi að Húnavöllum. Svínvetningabraut (731), frá Þjóðvegi við Ártún, er með bundnu slitlagi að gatnamótum Svínvetningabrautar og Kjalvegur en Kjalvegur er með um 3 km af bundnu slitlagi.

Skagastrandarvegur (74) er með bundnu slitlagi og nær bundna slitlagið inná Skagaveg (745) og sömuleiðis Þverárfjallsvegur (744).

Sauðárkróksbraut (75), frá Sauðárkróki að Varmahlíð og frá Sauðárkróki yfir Hegranses að Siglufjarðarvegi, er með bundnu slitlagi, sömuleiðs Siglufjarðarvegur (76) frá Þjóðvegi til Siglufjarðar. Einnig er bundið slitlag á Skagafjarðarvegi (752) frá Þjóðvegi við Varmahlíð, um Neðribyggð og Tungusveit að Sveinsstöðum, samtals um 22 km. Hólavegur frá Siglufjarðarvegi að Hólum er með bundnu slitlagi. Á Reykjastrandarveg (748) verður lagt bundið slitlag að Fagranesi sumarið 2022, alls 5,5 km.

Samtals eru um 530 km vegakerfis landshlutans með bundnu slitlagi en um 1.200 km með malarslitlagi.



Mynd 10. Forgangsvegir sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Mynd, SSNV.

Í vinnu við gerð samgöngu- og innviðaaætlunar landshlutans skilgreindu sveitarfélögin 7 á starfssvæði samtakanna þá vegi sem þau leggja áherslu á á sínu svæði.

Öll sveitarfélögin á Norðurlandi vestra eru sammála um að setja þrjá vegi sameiginlega í forgang, Vatnesveg (711), Hegransesveg (764) og Skagaveg (745). Þessir vegir eru mikilvægir fyrir svæðið í heild, jafnt íbúa sem ferðamenn.

Í töflu 8 má sjá sameiginlega forgangsroðun sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra ásamt forgangsroðun hvers sveitarfélags fyrir sig. Í töflunni eru vegir sem um fer skólaakstur merktir sérstaklega og einnig þeir sem eru ferðamannaleiðir. Slysatiðni er færð inn þar sem þær upplýsingar liggja fyrir, miðað við fjölda látinna og alvarlega slasaða á hverja milljón ekna kílómetra. Að síðustu er rökstutt hvers vegna viðkomandi vegur er settur í forgang.

Tafla 8. Forgangsvegir sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Röðun	Vegur	Á samgöngu-áætlun	Eknir þ. km.	Skólaakstur	Ferða-mannaleið	Slysa-tíðni <small>A - 5,82 H - 12,66</small>	Athugasemdir
<b>SAMEIGINLEG FORGANGSRÖÐUN</b>							
1	Vatnsnesvegur (711)	x	4125	x	x	A - 5,82 H - 12,66	Vatnsnesvegur hefur nokkuð verið í umræðunni undanfarin misserl sökum slæms ástands vegarins. Hann er á kafli umferðarmesti malarvegurinn á Norðurlandi vestra. Um hann er skólaakstur og hafa foreldrar á tveimur bæjum óskað eftir því við skólafyrirvöld að fá að hafa börnin í heimakennslu vegna þess að börnin finna itrekað fyrir bílveiki á ferðum sínum til og frá skóla vegna ástands vegarins. Vegurinn er sömuleiðis fjölfarln ferðamannaleið og hafa ferðamenn ítrekað lent í vandræðum og eru útafkeyrslur tíðar auk þess sem svikulir vegkantar valda vandræðum. Á Vatnsnesi er nokkur uppbygging atvinnustarfsemi bæði tengt ferðabjónustu og öðru. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag sem allra fyrst. Vegurinn er á þriðja tímabili samgönguáætlunar (hönnun á öðru tímabili). Nauðsynlegt er færa framkvæmdina framár í áætluninni.
2	Hegranesvegur (764)		326	x	x	A - 3,75 H - 4,97	Hegranes, sá kafli sem enn er án slitlags. Fjölmarginn íbúar í Hegranesi sækja vinnu á Sauðárkróki og fara um veginn daglega auk þess sem þar er skólaakstur. Á svæðinu er einnig uppbygging í ferðabjónustu. Hluti Hegranesshringsins er með bundnu slitlagi og mikilvægt að loka hringnum með endurbótum á þeim kaflla sem eftir er og lagningu bundins slitlags.
3	Skagavegur		1366	x	x	A - 8,87 H - 17,42	Um er að ræða 18 km kaflla á leið norður Skaga vestanmegin, að afleggjara að Kálfsshamarsvík sem er eitt af þekktari kennileitum landshlutans. Stóraukin umferð ferðamanna með tilkomu Norðurstrandarleiðar. Afar há slysatíðni á nokkrum köflum vegarins. Slæmur malarvegur, mjór og holóttur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
<b>FORGANGSRÖÐUN BLÖNDUÓSBÆJAR</b>							
1	Hringtorg (1)		904	x	x	-	Hringtorg á Þjóðvegi 1 í gegnum Blönduósbæ. Torgið er alltof lítið fyrir eins umferðamikinn veg og hefur skapað hættu af þeim sökum. Mikilvægt er að stækka það svo það uppfylli öryggiskröfur og lækki umferðarhraða í gegnum bæinn.
2	Mýrarvegur (742)		-	x	x	-	Vegurinn liggur bæði í Skagabyggð og Blönduósbæ. Hann er mikilvægur íbúum sem sækja vinnu á Blönduósi. Við hann eru bæði mjólkurbú og eggjabú svo talsverðir reglulegir flutningar fara um hann. Um hann fer sömuleiðis skólaakstur. Vegurinn er mjög lélegur malarvegur. Einbreið brú er á milli sveitarfélaganna og varhugaverðar beygjur sitt hvorum megin við hana. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag. Einnig er brýnt að endurnýja brúna á milli sveitarfélaganna.
3	Svinvetningabraut (731)		725	x	x	A - 9,13 H - 11,06	Svinvetningabraut frá hringtorgi á Þjóðvegi 1 í Blönduósi. Vegurinn liggur að iðnaðarsvæði sem er í mikilli uppbyggingu. Á veginum er gamalt slitlag sem er mjög holótt og ónýtt sem skapar stórhættu og í raun er vegurinn verri en malarvegur. Holur verða skarpar og geta valdið tjóni á ökutækjum. Vegurinn er mis siginn á köflum. Vegurinn liggur einnig að spennuvirki Landsnets, að tveimur stórum frístundabáttum svæðisins, hesthúshverfi og skotsvæði, sem og að Laxá á Ásum og veiðisvæðum Blöndu. Mikilvægt er að byggja veginn upp að nýju og endurnýja slitlag.
<b>FORGANGSRÖÐUN SKAGABYGGÐAR</b>							
1	Skagavegur (745)		177	x	x	A - 8,96 H - 17,42	Skagavegur. Um er að ræða 18 km. kaflla á leið norður Skaga vestanmegin að Kálfsshamarsvík. Vegurinn tengir 10 heimili af þeim 14 sem eru á Skaga, auk félagsheimilis sveitarfélagsins og kirkju. Um veginn er skólaakstur sem og umferð íbúa sem sækja vinnu og þjónustu á Skagaströnd. Einnig eru þungaflutningar um veginn úr malarnámu sem vegurinn í núverandi ástandi þolir illa. Vegurinn er hluti af Norðurstrandarleið og Kálfsshamarsvík er mjög vinsæll ferðamannastaður. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið
2	Skagastrandarvegur (74)		2090			A - 3,83	Vegkaflinn frá Ytra Hóli norður að gatnamótum. Vegurinn er gamall, siginn á köflum og mjór. Byggja þarf veginn upp, breikka og leggja slitlag að nýju. Hækka þarf veginn upp til að bæta vetrarumferð.




Röðun	Vegur	Á samgöngu-áætlun	Eknir þ. km.	Skólaakstur	Ferðamannaleið	Slysatíðni	Athugasemdir
<b>FORGANGSRÖÐUN HÚNAVATNSHREPPS</b>							
1	Pingeyrarvegur (721)		-	x	x	-	Vegurinn frá Þjóðvegi 1 að Pingeyrum. Um hann fer mikil umferð ferðamanna enda eru Pingeyrar einn af ferðamannaseglum svæðisins. Búast má við að þegar fleiri ferðamenn fari að stoppa við Þristapa í kjölfar þeirrar uppbyggingar sem þar stendur yfir steinsnar frá, muni umferð um veginn aukast enn frekar. Vegurinn er mjög holóttur og nauðsynlegt að hann verði byggður upp og lagt á hann bundið slitlag.
2	Svínvetningabraut (731)		422	x	x	A - 9,13 H - 11,06	Vegurinn er í mjög slæmu ástandi og hluti leiðarinnar varhugavert vegstæði. Húnaveillir er miðpunktur sveltarfélagsins og er aðgengi þangað úr vestri gott en afleitt úr austri um veginn. Brýnt er að styrkja hann, byggja upp og leggja bundnu slitlagi svo hann þjóni tilgangi sínum sem samfélagsvegur. Einnig er brýnt að endurbyggja brúna yfir Blöndu. Mikill skólaakstur er um veginn.
3	Reykjabraut (724)		443	x		A - 2,26	Um er að ræða vegakafli frá Húnaveill um að Svínvetningabraut (Orrastaðafliði). Um veginn fer skólaakstur. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag. Vegurinn er hluti varaleiðar Þjóðvegur 1 og gegnir því mikilvægu öryggishlutverki. jafnframt er brýnt er að endurnýja brú yfir fremri Laxá.
4	Kjalvegur (35)		328	x	x	-	Um er að ræða kafli sem telst til stofnvega (S) þ.e. frá mótum Svínvetningabrautar og Kjalvegur að Gíllá. Samfélagsvegur, ferðamannavegur. Uppbygging og lagning bundins slitlags til að bæta aðgengi að Blönduvirkjun til að auka öryggi.
<b>FORGANGSRÖÐUN HÚNAÞINGS VESTRA</b>							
1	Vatnsnesvegur (711)	Sjá ofar					
2	Víðidalsvegur (715)		199	x	x	A - 4,55 H - 6,54	Víðidalsvegur frá Þjóðvegi 1, vestan við Víðigerði og að Kolugljúfrum. Á leið að gljúfrunum þarf að fara yfir gamla einbreiða brú yfir Víðidalsá sem liggur í vinkilbeygju sem oft skapar stórhættu, sérstaklega í hálfu. Kolugljúfur eru einn af ferðamannaseglum Norðurlands vestra og er sífellt vaxandi umferð ferðamanna þangað. Settur hefur verið upp útsýnisþallur við Gljúfrin til að auka öryggi. Frekari uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu. Mikilvægt er að byggja veginn upp, leggja á hann bundið slitlag og endurnýja brú yfir Víðidalsá til að styrkja við þá uppbyggingu auk þess að auka öryggi íbúa þ.m.t. skólabarana sem um veginn fara í skólaakstri.
3	Miðfjarðarvegur (704)		134	x	x	A - 6,18 H - 9,76	Miðfjarðarvegur þaðan sem slitlagi sleppir rétt sunnan við Laugarbakka og að Þjargi. Vegurinn byggður upp fyrir fáum áratugum. Mikilvægt að leggja á hann bundið slitlag svo uppbyggingarvinnan sé ekki unnin fyrir gjöf. Vegurinn er mjór, holóttur og hættulegur. Um hann fer skólaakstur auk þess sem margir íbúar sækja vinnu á Hvammstanga eða á Laugarbakka og eiga því leið um veginn daglega. Einnig hefur umferð ferðamanna aukist með tilkomu nýs hótels á Laugarbakka. Einnig má búast við aukningu á umferð um veginn með opnun brúar yfir Norðlingafliði sem gerir leiðina yfir Arnarvatnsheiði greiðari. Mikilvægt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag.
4	Innstrandarvegur (68)		505	x	x	A - 5,73 H - 10,62	Leggur frá Prestbakka að Guðlaugsvík. Vegurinn í þokkalegu standi. Þarfnast lagfæringar áður en lagt er á hann bundið slitlag. Um veginn fer skólaakstur og jafnframt er um hann nokkur straumur ferðamanna.
5	Miðfjarðarvegur (704)		241			A - 6,18 H - 9,76	Leggurinn Staðarbakki-Brekkulækur. Samfélags- og ferðamannavegur. Meginhluti vegar þokkalega uppbyggður. Vantar bundið slitlag.
6	Víðidalsvegur (715)		231			A - 4,55 H - 6,54	Leggurinn frá Þjóðvegi 1 við Víðidalsárbrú að Oæll. Mikil uppbygging ferðapjónustu á svæðinu auk skólaaksturs. Byggja þarf veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
<b>FORGANGSRÖÐUN SKAGASTRANDAR</b>							
1	Skagavegur (745)						Tekið undir áherslur Skagabyggðar
2	Skagastrandarvegur (74)						Tekið undir áherslur Skagabyggðar

Röðun	Vegur	Á samgöngu- áætlun	Eknir þ. km.	Skólaakstur	Ferða- mannaleið	Slysa- tíðni A - alls á vegi B - á korti gáð*	Athugasemdir
<b>FORGANGSRÖÐUN SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR</b>							
1	Hegranes (764)		326	x	x	M - 3,75 H - 4,97	Hegranes, sá kafla sem enn er án slitlags. Fjölmarginn íbúar í Hegranesi sækja vinnu á Sauðárkróki og fara um veginn daglega auk þess sem þar er skólaakstur. Á svæðinu er einnig uppbygging í ferðapjónustu. Hliti Hegranesshringsins er með bundnu slitlagi og mikilvægt að loka hringnum með endurbótum á þeim kafla sem eftir er og lagningu bundins slitlags.
2	Sæmundarhlíðarvegur (762)		-	x	x	-	Sæmundarhlíðarvegur. Vegurinn er mjór og hættulegur á köflum. Um hann fer skólaakstur auk þess sem íbúar sækja í einhverjum tilfellum vinnu á Sauðárkróki. Ferðapjónusta er í uppbyggingu á svæðinu. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag til að auka öryggi bæta búsetuskilyrði og styðja við uppbyggingu atvinnustarfsemi á svæðinu.
3	Ólafsfjarðarvegur (82)		480			-	Ólafsfjarðarvegur frá Ketilási að Molastöðum. Um veginn fer skólaakstur auk þess sem íbúar sækja vinnu utan heimilis. Ferðapjónusta er í mikilli uppbyggingu á svæðinu, m.a. með tilkomu hótelsins á Deplum. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag til að styðja við uppbyggingu á svæðinu og ýta undir jákvæða búsetuþróun á svæðinu.
4	Skagafjarðarvegur (752)		1038			M - 1,54 H - 9,06	Skagafjarðarvegur frá Stekkjarholti að Jökulsá. Um veginn fer skólaakstur auk þess sem nokkur fjöldi íbúa sækir vinnu utan heimilis. Ferðapjónusta er mikil á svæðinu, m.a. flúðasiglingar og gistihúsarekstur. Mikilvægt er að leggja veginn bundnu slitlagi til að auka öryggi vegfarenda, bæta búsetuskilyrði og styðja við núverandi atvinnustarfsemi og áframhaldandi uppbyggingu.
5	Skagavegur (745)		607			M - 8,87 H - 11,98	Um er að ræða 37 km kafla á leið norður Skaga austanmegin. Stóraukin umferð með tilkomu Norðurstrandarleiðar. Slæmur malarvegur, mjór og holóttur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
6	Ásavegur (769)		109			-	Ásavegur. Vegurinn er mjór og hættulegur á köflum. Í einhverjum tilfellum sækja íbúar vinnu utan heimilis. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
<b>FORGANGSRÖÐUN AKRAHREPPS</b>							
	Hringvegur (1)		5887	x	x	4,45	Þjóðvegur 1 frá Héraðsvatnabrá að Miðsitju. Vegurinn er gamall, siginn á köflum og mjór sem skapar hættu þegar umferðarhraði er eins mikill og raun ber vitni. Klæðning á veginum er víða skemmd sem skapar mikla slysaáætlu. Nauðsynlegt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann slitlag að nýju.
	Siglufjarðarvegur (76)		1066	x	x	2,84	Siglufjarðarvegur, frá Þjóðvegi 1 og að Siglufjarðarleið. Mjög gamall vegur með bundið slitlag. Vegurinn er siginn sem skapar hættu og á honum hættuleg einbreið brú. Um veginn er skólaakstur og hann er einnig varaleið inn á Siglufjarðarveg þegar ófært er um Öxnadalshéið. Mikilvægt er að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag að nýju sem og að endurnýja brúna yfir þverá í takt við öryggiskröfur.
	Kjálkabrá		-	-	-	-	Með sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði verður tenging milli framhéraðs Skagafjarðar brýn til að tryggja öryggi íbúa og bæta búsetuskilyrði. Með henni yrðu Kjálkavegur (759) og Skagafjarðarvegur (752) tengdir. Ákvarða þarf hentuga staðsetningu búrar, leggja veg að henni beggja megin Héraðsvatna inn á Kjálkaveg og Skagafjarðarveg. Á Kjálkavegi er einbreið brú yfir Norðurá sem þarf að breyta samhlíða þessum framkvæmdum.
	Kjálkavegur		-	x	x	-	Kjálkavegur. Vegurinn er gamall malarvegur í slæmu ásigkomulagi. Um hann fer skólaakstur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann nýtt malarslitlag.



## Jarðgöng

Um langa hríð hefur vegurinn milli Fljóta og Siglufjarðar verið í mjög slæmu ásigkomulagi. Þar hefur ítrekað skapast stórhætta vegna jarðsigs, skriðufalla og grjóthruns. Vegurinn er jafnframt hlykkjóttur og liggur á köflum við þverhnípi niður að sjó. Siglufjarðarvegur um Almenna er mikilvæg tenging milli Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Fjallabyggðar. Nokkur fjöldi íbúa fer um veginn til að sækja vinnu og þjónustu en umferð um veginn jókst mikið með tilkomu Héðinsfjarðarganga. Auk þess hefur umferð ferðamanna stóraukist frá því að Norðurstrandarleið var opnuð árið 2019. Vegurinn lokast að jafnaði yfir 50 sinnum á hverjum vetri auk þess sem að hætta skapast vegna skriðufalla og jarðsigs á öðrum tímum árs, einkum í mikilli úrkomu. Jarðsigið gerir það að verkum að ekki er unnt að malbika hluta vegarins þar sem malbikið brotnar upp á stuttum tíma. Hafa Vegagerðin og lögregla innleitt sérstaka viðbragðsáætlun vegna landsigsins á þessum vegarkafli sem segir sitt um ástand hans. Einnig er vert að geta þess að margoft hafa verið lagðar fram tillögur á Alþingi um þessa framkvæmd sem því miður hafa ekki náð fram að ganga.



Mynd 15. Grjóthrun á Siglufjarðarvegi sumarið 2021. Mynd, Stefanía Hjördís Leifsdóttir.

Það er mat sérfræðinga sem og heimamanna að eina færa leiðin til framtíðar til að ráða bót á ástandinu er að gera göng úr Fljótum yfir á Siglufjörð og brýnt að ráðist verði í þau sem allra fyrst, áður en stórslys verður. Jafnframt er brýnt að við þá vinnu verði heimamenn hafðir með í ráðum með þá staðþekkingu sem þeir búa yfir.

Í stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2018-2024 er í kaflanum um framtíðarsýn og viðfangsefni lögð áhersla á að: „Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt sem mest í nærsamfélagi.“ Í kaflanum um aðgengi að þjónustu er hnykkt á þessu þegar sagt er að „aðgengi landsmanna að grunnþjónustu verði jafnað“. Í kaflanum um tækifæri til atvinnu er fjallað um öruggar samgöngur á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæða og stækkunar þeirra. Í þessu samhengi er vakin athygli á möguleikanum á jarðgöngum úr Skagafirði yfir í Eyjafjörð. Slík göng myndu svo ekki er um villst stækka vinnusóknarsvæði Eyjafjarðar og Skagafjarðar og bæta aðgengi íbúa á Norðurlandi vestra að grunnþjónustu.

Fjallvegurinn um Öxnadalshéiði getur verið verulegur farartálmi yfir vetrarmánuðina. Það þarf varla að tíunda þá kosti sem þessi göng hefðu í för með sér fyrir öruggara aðgengi íbúa

Norðurlands vestra að heilbrigðisþjónustu. Í úttekt á heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra, sem nefnd var hér að framan, kemur fram mikill aðstöðumunur íbúa landshlutans með tilliti til aðgengis að sérhæfðu sjúkrahúsi með skurðstofu og fæðingarþjónustu samanborið við aðra landshluta. Eins og fram hefur komið er nánast enginn íbúi á Norðurlandi vestra í minna en klukkustundarfjarlægð frá sérhæfðu sjúkrahúsi með sólarhrings aðgang að skurðstofu. Annarsstaðar á landinu er hlutfallið á bilinu 50-100%<sup>24</sup>. Öryggi íbúa á Norðurlandi vestra myndi því aukast til mikilla muna, auk þess sem samkeppnishæfni landshlutans, með tilliti til vals ungs fólks á stað til búsetu, myndi batna stórlega þar sem ungt fólk vill síður búa þar sem langt er í fæðingarþjónustu.

Áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi öllu þarf heldur varla að nefna í þessu sambandi en með auknu millilandaflugi til Akureyrar skiptir það Norðurland verulegu máli að leiðin milli svæðanna verði stytta og gerð greiðfærari.

Í október 2019 tók Hreinn Haraldsson, fyrrverandi vegamálastjóri, saman greinargerð um fyrri hugmyndir og tillögur um jarðgöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Var greinargerðin tekin saman að ósk Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akureyrarbæjar. Þar kemur fram að í tengslum við vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árin 2005-2017 hafi skipulagsráðgjafar lagt fram tillögu um veggöng milli Hjaltadals og Hörgárdals sem byggðist á því að hringvegurinn færi um Þverárfjall, Hegranes og Hjaltadal og í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Með því næðust svipaðar styttingar og aðrar hugmyndir sem lagðar hafa verið fram um styttingu leiðarinnar Reykjavík – Akureyri auk þess sem hvorki þyrfti að fara um Vatnsskarð né Öxnadalshéiði. Jafnframt væru vinnusóknarsvæði vestan og austan Tröllaskaga stækkuð og styrkt.

Í þessu samhengi hafa verið skoðaðar nokkrar mögulegar leiðir. Einkum hefur verið staldrað við tvær. Annars vegar ein löng göng milli Hofsdals og Barkárdals (20 km) og hins vegar göng milli Kolbeinsdals og Skíðadals inn af Svarfaðardal og önnur þaðan til Hörgárdals. Hvor göng yrðu 12-15 km og því einfaldari m.t.t. öryggismála.

Árið 2019 samþykktu bæjarstjórn Akureyrar og Sveitarstjórn Skagafjarðar áskorun til stjórnvalda um fjármögnun grunnrannsókna og samanburð á kostum á legu jarðganga undir Tröllaskaga. Í áður nefndri greinargerð Hreins kemur fram tillaga að nokkurra þátta rannsókn og samanburðar kosta vegna framkvæmdarinnar:

- Samfélags- og efnahagsleg áhrif jarðganga og færslu hringvegjar.
- Tillögur um legu stystu jarðganga sem uppfylla sett markmið.
- Sérstök könnun á öryggi í löngum jarðgöngum (20 km) og kröfur um útfærslur.
- Stutt minnisblað um jarðfræði svæðisins út frá fyrirliggjandi þekkingu.
- Mat á snjóþyngslum við líklega vegi að jarðgöngum.
- Kostir og gallar við að færa hringveg, m.a. mat á kostnaði við endurbætur vega að jarðgöngum beggja vegna.

Það er afar mikilvægt fyrir landshlutann að ráðist verði í þessar athuganir og þá í fyrstu samfélags- og efnahagsleg áhrif þessarar framkvæmdar. Það er trú heimamanna að hún yrði


---

<sup>24</sup> Skýrsluna er að finna á heimasíðu SSNV:  
[http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv\\_skyrsla\\_heilbrigdis.pdf](http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv_skyrsla_heilbrigdis.pdf)

til hagsbóta bæði fyrir samfélögin vestan og austan Tröllaskaga, og í raun alla þá sem þessa leið fara.

Jafnframt er mikilvægt að fýsileiki og hagkvæmni við gerð jarðgangna undir Öxnadalshéið verði tekin til athugunar.

Mynd 16 sýnir hugmyndir þær sem settar hafa verið fram um mögulega legu Tröllaskagaganga. Núverandi lega Þjóðvegur 1 hefur verið auðkennd (neðri línan) og ný lega Þjóðvegur sómuleiðis (efri línan).



ADALSKIPULAG SKAGAFJARDAR 2001-2012  
 UPPLÝSINGAKORT: VEGGÖNG MILLI HJALTADALS OG HÖRGÁRDALS

SKÝRINGAR

Sýndir eru 4 gangnalínur milli Hjalteyri og Hörgárdals, ein milli Hjalteyri og Myrdáls og ein milli Hjalteyri og Berkárdals. Gangnumúmer eru í millinumandi hæð.

	Hjalteyri	Hólfótur	Hörgárdalur	Myrdalur	Berkárdalur
Lína A:	300 m			300 m	
Lína B:	300 m		300 m		
Lína C:	300 m		300 m		
Lína D:	320 m		380 m		
Lína E:	400 m		400 m		
Lína F:		300 m		300 m	

Vegaleingi / km:	Þjóðvegur 1 ný / stytta stírnvegur	Þjóðvegur 1 m. veggönguþingum	Iverdrifjalvegur / veggöngur F	Iverdrifjalvegur / veggöngur F / m. veggönguþingum
Vegardal v. Skagafell	136	122	128	119
Akureyri - Hólar	131		59	
Akureyri - Sautbrúkerur	119		91	88
Akureyri - Bláskóga	145	142	136	127
Akureyri - Skagafell	168	165	179	170
Bláskóga - Sautbrúkerur	75		49	39
Bláskóga - Skagafell	159		141	135

Hæðir: Vegaleingi eru af korti Landmælinga Íslands 1:500.000, S. Útg. 1992 og á mælingum af korti þar sem veglengjur eru. Upplýsingar um hæð fjallvega og um vegaleingi að hluta eru fengnar á heimasíðu Vegagerðar Íslands. Upplýsingar um göng undir Öxnadalshéið eru fengnar úr Jarðgangsaðaltri Vegggerðar Íslands, Janúar 2000.



10,7 km löng veggöng undir Öxnadalshéið sív. Jarðgangsaðaltri með gangnumúmerum í 300 og 360 m hæð stytta þjóðveg 1 nánast slótt.

Með styttingum, sem að elan er gort náð fyrir á þjóðvegi 1, verður mesta vegaleingi milli Þjórnustöðla við veginn norðan Hólteyri-hæðir á kaffinum milli Akureyrar og Laugarbakka, 183 km. Með Iverdrifjalvegum, veggöngum og veggönguþingum verður mesta vegaleingi milli Þjórnustöðla á þessari leið milli Hóla í Hjalteyri og Akureyrar, 99 km.

Þjóðvegur 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Öxnadalshéið nema gerð verði göng undir fella. Með Iverdrifjalvegum og veggöngum sem hér er lýst, þarf hvort að fara Vagnskarði síð. Öxnadalshéið og vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Hólteyri-hæð.

Hæð fjallvega yfir sjó:  
 Iverdrifjall: 322 m  
 Vagnskarði: 420 m  
 Öxnadalshéið: 540 m  
 Hólteyri-hæð: 407 m

Lendis

Landmælinga- og kortuneyti  
 Árn. Repsson atvinnuþráttuneyti, símanúmer (V) 463 0200, fax 463 0200, tölvuáskriftuneyti 463 0200, símanúmer (V) 463 0200, símanúmer (V) 463 0200, símanúmer (V) 463 0200, símanúmer (V) 463 0200.

Ár	Stærð	Skala	Ár	Stærð	Skala
2002	1:500.000	1:500.000	2002	1:500.000	1:500.000

Mynd 16. Veggöng milli Hjalteyri og Hörgárdals. Mynd, Sveitarfélagið Skagafjörður.

### Forgangsröðun verkefna tengdum jarðgangagerð

1. **Afar brýnt er að unnið verði hratt og fumlaut að gerð jarðganga á milli Fljóta og Siglufjarðar.**
2. **Hafin verði rannsókn á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng í gegnum Tröllaskaga. Samhliða verði efnahags- og samfélagsleg áhrif af slíkri framkvæmd skoðuð, bæði fyrir Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsvæði.**
3. **Hafin verði vinna við skoðun á fýsileika og hagkvæmni við gerð jarðganga undir Öxnadalsheiði.**

## Hafnamál

Í landshlutanum eru hafnir í helstu þéttbýlisstöðum/-kjörnum sem liggja að sjó. Þar af eru tvær skilgreindar í grunneti hafna en það eru hafnirnar á Skagaströnd og á Sauðárkróki.

Tafla 8. Flokkun hafna.

Hafnir	Gerð
Sauðárkrókur	I Stór fiskihöfn
Skagaströnd	II Meðalstór fiskihöfn
Hvammstangi	III Bátahöfn
Blönduós	IV Smábátahöfn
Hofsós	IV Smábátahöfn
Haganesvík	Aðrar hafnir

### Í flokki I - Stór fiskihöfn – Sauðárkrókshöfn

#### Forgangsröðun framkvæmda

1. **Endurnýja þarf stálþil fremri garðs á um 70m kafla.** Fremri garður er um 200m langur og árið 2001 var lokið við endurgerð fremstu 130m garðsins. Gamla stálþilið er orðið mjög tært og komin tæringargöt á þilið. Framkvæmdin er komin á samgönguáætlun árin 2021 og 2022. Heildarkostnaður er áætlaður um 210 milljónir.
2. **Endurnýja þarf stálþil efri garðs sem er um 200m langur.** Gamla stálþilið er orðið mjög tært. Gera þarf ráð fyrir að lágmarki 7-8m dýpi við stálþil. Framkvæmdin er á samgönguáætlun 2023 og gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum á árunum þar á eftir. Heildarkostnaður er áætlaður um 600 milljónir.
3. **Mikilvægt er að vinna að undirbúningsrannsóknum (sandburðarreikningum og öldulíkönnum) vegna nýrrar ytri hafnar.** Þörf á nýrri ytri höfn er orðin mjög aðkallandi vegna plássleysis fyrir fiskiskip. Innan fárra ára er jafnframt líklegt að skip sem sinna strandflutningum muni stækka og lengjast og er núverandi höfn

ekki í stakk búin til að taka við stærri skipum. Siglingasvið Vegagerðarinnar hefur unnið frumdrög að nýjum viðlegukanti utan við núverandi höfn. Nýr kantur er nauðsynleg viðbót til að hægt sé að taka á móti stærri flutningaskipum ásamt skemmtiferðaskipum sem þegar eru byrjuð að boða komu sína til Sauðárkróks. 5 skip eru bókuð sumarið 2022, 4 sumarið 2023 og 2 sumarið 2024. Búast má við fleiri bókunum árin 2023 og 2024. Þau skemmtiferðaskip sem boðað hafa komu sína til Sauðárkróks munu flest þurfa að liggja við akkeri utan hafnar þar sem höfnin býður ekki upp á móttöku skipanna sökum stærðar þeirra. Ný ytri höfn verður hluti af nýju deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Sauðárkróki en vinna við skipulagið stendur yfir.

## Í flokki II - Meðalstór fiskihöfn – Skagastrandarhöfn

### *Forgangsröðun framkvæmda*

- 1. Endurbygging Ásgarðs. Framkvæmd á samgönguáætlun.**
- 2. Endurbygging kants milli Ásgarðs og Miðgarðs. Framkvæmd á samgönguáætlun.**

## Í flokki III – Bátahöfn – Hvammstanga- og Blönduóshafnir

Þörf er á töluverðu viðhaldi á hafnarmannvirkjum í Hvammstangahöfn. Siglingasvið Vegagerðarinnar hefur lengi haft vitneskju um þá þörf. Útgerðin er ekki mikil en ljóst er að viðhalda þarf mannvirkjunum. Sárálitið hefur verið gert í viðhaldi á síðustu árum nema það allra nauðsynlegasta, eins og viðhaldsdýpkun, til að geta tekið á móti vöruflutningaskipum.

Ferðamennska hefur verið vaxandi og við höfnina er verslunar- og þjónustukjarni, veitingahús, gallerí og fl. Upplýsingamiðstöð ferðamanna og Selasetur Íslands eru staðsett við höfnina og þaðan fara jafnvel ferðamenn í selasiglingu sem gerð er út frá höfninni. Höfnin hefur aðdráttarafl og eru ferðamenn mikið á ferð um svæðið. Nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir hafnarsvæðið og eitt af markmiðum þess er að skilgreina öruggar umferðarleiðir fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur, bæta umhverfi og efla ásýnd og gefa heildstætt yfirbragð.

Komið er að brýnu viðhaldi á Blönduóshöfn. Malbika þarf þekju við bryggju og styrkja steiptan kant. Núverandi ástand skapar stórhættu. Björgunarsveitir nýta höfnina til sjósetningar og því brýnt að aðgengi hennar og athafnasvæði sé viðunandi.

### *Forgangsröðun framkvæmda*

- 1. Á norðurgarði Hvammstangahafnar þarf að fara í mikilvægar steypuviðgerðir og fl.**
- 2. Á suðurgarði Hvammstangahafnar þarf að fara í endurnýjun á trébryggju og kanttré. Hluti af flotbryggjum í smábátahöfn eru komnar á tíma.**



3. Við Blönduóshöfn þarf að malbika 500 m<sup>2</sup> þekju við bryggju og styrkja steiptan kant á 50 metra kafla.

## Í flokki IV – Hofsóshöfn - Smábátahöfn

Endurbætur á Hofsóshöfn eru löngu tímabærar. Til hefur staðið að endurnýja stálþil og þekju um 60 m kafla Norðurgarðs. Í stað þess er nú unnið með nýja hugmynd og hönnun í kjölfar athugasemda við fyrri hönnun. Í stað endurnýjunar Norðurgarðs verði hann aflagður, grjótgarður gerður innan hafnar og settar upp tré- og flotbryggjur innan hafnar. Með þessum aðgerðum yrði Hofsóshöfn góð smábátahöfn. Málið er til skoðunar hjá siglingasviði Vegagerðarinnar en mikilvægt er að fylgja því fast eftir svo framkvæmdir geti orðið sem allra fyrst.

## Sjóvarnir

Á gildandi samgönguáætlun eru nokkur sjóvarnaverkefni skilgreind á Norðurlandi vestra á árunum 2020-2024. Um er að ræða verkefni á Blönduósi, Skagaströnd, Skagabyggð, Skagafirði og Húnaþingi vestra. Mikilvægt er að þessar framkvæmdir haldist inni á áætlun og komi til framkvæmda eins og hún segir til um. Jafnframt er brýnt að sjóvarnir verði endurmetnar í kjölfar óveðurs í desember 2019.

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2020		2021		2022		2023		2024		Hluttur ríkissj.
	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	
<b>Akranes</b>											
Höfðavík (Miðvogur), lenging á bakkavörn (170 m – 1.100 m <sup>3</sup> )			6,7	5,9							7/8
Leynir, lenging sjóvarnar (25 m – 530 m <sup>3</sup> )			3,2	2,8							7/8
Sólmundarhöfði að vestanverðu (100 m – 1.000 m <sup>3</sup> )			7,8	6,8							7/8
<b>Hvalfjarðarsveit</b>											
Sjóvörn við Belgsholt (200 m – 1.600 m <sup>3</sup> )							15,3	13,4			7/8
Vík (Miðhús og Skálatangi) (100+ m – 1.000 m <sup>3</sup> )									8,4	7,4	7/8
<b>Snæfellsbær</b>											
Vestan Gufuskála (100 m – 1.200 m <sup>3</sup> )					10,3	9,0					7/8
Ólafsvík, við Ennisbraut framhald (180 m – 1.800 m <sup>3</sup> )					14,5	12,7					7/8
Hellnar, sjóvörn (30 m – 300 m <sup>3</sup> )					3,7	3,2					7/8
Staðarsveit, við Barðastaði 2. áfangi (170 m – 1.700 m <sup>3</sup> )									16,0	14,0	7/8
Hellissandur, lenging við Keflavikurgötu til austurs (65 m – 1.300 m <sup>3</sup> )									12,7	11,1	7/8
<b>Grundarfjörður</b>											
Framnes við Nesveg (85 m – 1.000 m <sup>3</sup> )									9,2	8,1	7/8
<b>Dalabyggð</b>											
Sjóvörn við Ægisbraut framhald (250 m – 2.000 m <sup>3</sup> )									12,3	10,8	7/8
<b>Árneshreppur</b>											
Sjóvörn á Gjögri (40 m – 600 m <sup>3</sup> )			4,7	4,1							7/8
Djúpavík (100 m – 1.000 m <sup>3</sup> )									9,2	8,1	7/8
<b>Húnaþing vestra</b>											
Borgir í Hrutafirði (100 m – 1.000 m <sup>3</sup> )			8,7	7,6							7/8
Sjóvörn við Hafnarbraut (110 m – 1.000 m <sup>3</sup> )									8,6	7,5	7/8
<b>Blönduós</b>											
Vestan sláturbúss að hreinsistöð við Ægisbraut 14 (100 m – 1.000 m <sup>3</sup> )			8,1	7,1							7/8
Frá sláturbúsi út fyrir lóð Hafnarbrautar 1 (100 m – 1.000 m <sup>3</sup> )			8,1	7,1							7/8
<b>Skagaströnd</b>											
Réttarholt að Sólvangi (260 m – 3.200 m <sup>3</sup> )					21,0	18,4					7/8
<b>Skagabyggð</b>											
Sjóvörn við Krók (250 m – 3.100 m <sup>3</sup> )	16,8	14,7									7/8
Sjóvörn við norðanvert Kálthamarsnes (200 m – 2.500 m <sup>3</sup> )	13,8	12,1									7/8
<b>Skagafjörður, sveitarfélag</b>											
Hofsós, neðan við Suðurbraut 8–18 (200 m – 3.000 m <sup>3</sup> )							25,6	22,4			7/8
Sauðárkrökur – Hækkun og endurbætur, tjónaviðgerð (400 m)	60	52,5									7/8

Tafla 9. Sjóvarnaframkvæmdir á Norðurlandi vestra á gildandi samgönguáætlun.

## Forgangsröðun framkvæmda tengdum sjóvörnum

1. Þær sjóvarnir sem eru á samgönguáætlun í Húnaþingi vestra, á Blönduósi, Skagaströnd, Skagabyggð og Skagafirði komi til framkvæmda í samræmi við gildandi samgönguáætlun.
2. Ráðist verði í endurmat á sjóvörnum í kjölfar óveðurs í desember 2019.

## Fjarskiptamál

### Ljósleiðari

Sagt hefur verið að lagning ljósleiðara í sveitum landsins jafnist á við þá gjörbyltingu á búsetuskilyrðum sem varð við lagningu vegakerfisins á síðustu öld. Þá voru tengdar saman byggðir með vegum en með tengingu ljósleiðarans tengjast jafnvel afskekktustu byggðir við heiminn allan. Enn er það svo að rétt yfir 25% íbúa í dreifbýli hefur ekki aðgang að ljósleiðara skv. könnun sem SSNV vann í tengslum við vinnu samgöngu- og innviðanefndar og gerð samgönguáætlunar landshlutans<sup>25</sup>. Í samskonar könnun sem gerð var árið 2019 var þetta hlutfall 50%. Vert er að taka fram að hugsanlega á eftir að ganga frá lokatengingum á einhverjum bæjum til viðbótar þó svo að ljósleiðarinn hafi verið lagður. Frágangur tenginga virðist á stöku stað hafa dregist meira en góðu hófi gegnir. Ætla má að hlutfall þeirra sem í þéttbýli búa og hafa aðgang að ljósleiðara sé mun lægra því ljósleiðaravæðing í þéttbýli er alla jafna komin mun skemur á veg. Aðeins Skagaströnd hefur lokið ljósleiðaravæðingu í þéttbýli. Verkið er farið af stað á Sauðárkróki en heilmikið óunnið. Á Hvammstanga er kominn skriður á verkið í tengslum við endurnýjun hitaveitu en á Blönduósi er verkið nánast ekki hafið. Brýnt er að farið verði í að hraða tengingum í þéttbýli og leiða leitað til að styðja við þau svæði þar sem ljósleiðarinn verður ekki rekinn á markaðsforsendum.

Mikilvægt er að hnykkja á eftirfarandi sem þegar hefur komið fram: Með ljósleiðaravæðingunni hafa kopartengingar verið að leggjast af. Samhliða því VERÐUR að tryggja viðunandi farsímasamband. Ljósleiðaratengingar detta út við rafmagnsleysi og eru þau svæði þar sem koparinn hefur verið aflagður og ekki er farsímasamband því sambandslaus komi til rafmagnsleysis. Eins og fram kemur í svörum íbúa á Norðurlandi vestra í könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli er farsímasambandi í landshlutanum víða ábótavant. Ekki er einasta um að ræða byggðamál heldur einnig öryggismál, sérstaklega á þjóðvegum landsins.



Mynd 17. Frá lagningu ljósleiðara í Skagafirði. Mynd, Sveitarfélagið Skagafjörður

<sup>25</sup> Niðurstöður könnunarinnar í heild sinni má sjá í fylgiskjali 3.

## Gsm-samband

Ef litið er til Gsm-sambands, skv. fyrrnefndri könnun, er það til staðar á um 85% heimila í dreifbýli sem er öllu lakari niðurstaða en í könnuninni sem unnin var árið 2019 þegar niðurstaðan var 90%. Ef íbúar leggja hins vegar mat á gæði þess sambands er einkunnin sem gefin er ekki nema 4,5 á kvarðanum 1-10 (var 5 árið 2019). Athugasemdir sem þátttakendur í könnuninni gera í tengslum við þessa spurningu um gsm-samband á þeirra heimilum eru á borð við:

---

*„Er í lagi utanhúss, en er nánast ekkert innanhúss, oftast nauðsynlegt að standa við glugga ef talað er í símann. Símtöl slitna oft.“*

*„Við höfum oft misst það í óveðrum, einmitt þegar mestu máli skiptir að það virki. Farsímasendirinn í dalnum okkar bilar oft í fárviðrum, sérstaklega í rafmagnsleysi, og það er búið að taka út koparlínusímann, og ljósleiðarinn virkar ekki í rafmagnsleysi svo þá erum við símalaus í snarvitlausum veðrum. Þá er öryggisleysið algert. Ekki hægt að ná í lækna eða björgunarsveitir eða nágranna eða neitt.“*

*„Best á efri hæðinni eða út við glugga.“*

---

Ljóst er að þrátt fyrir að mælingar Póst- og fjarskiptastofnunar gefi til kynna á útbreiðslukorti að samband sé á viðkomandi stað þá á það eingöngu við rétt við veg en greinilega orðið mun verra strax þegar komið er heim að bæ.

Sama á við þegar spurt var um Gsm-samband á vinnusvæðum jarðarinnar. Þar er Gsm-samband á um 70% bæja sem er sambærilegt við könnun 2019 en gæði sambandsins metið 4,4 af 10 möguleikum. Sú einkunn var rétt undir 5 árið 2019. Þó dreifingin virðist svipuð á milli kannananna 2019 og 2021 eru gæði sambandsins lakari í síðari könnuninni.

Athugasemdir sem þátttakendur gerðu við þessa spurningu voru á sama veg og þegar spurt var um Gsm-samband á heimilum, þ.e. mjög stopult samband.



Mynd 18. Gsm samband á Norðurlandi vestra í júlí 2021 skv. útbreiðslukorti Fjarskiptastofu, fjólublátt merkir Gsm samband. Mynd, Fjarskiptastofa.

## 3G-/4G-samband

Í könnuninni var einnig spurt um 3G-/4G-samband, bæði á heimilum og á vinnusvæðum jarða. Tæp 90% segja að 3G- eða 4G-samband sé á viðkomandi heimili og/eða vinnusvæði sem er nokkuð hærra en var árið 2019 þegar hlutfallið var um 80%. Gæðin eru metin þau sömu á milli kannana, eða kringum 4,5 af 10. Það sama virðist því eiga við um mælingar á 3G-/4G-sambandi og Gsm-sambandinu. Þær virðast ekki sýna rétta mynd þegar komið er rétt út fyrir veg.

Í almennum athugasemdum við könnunina virðist það áherslumál hjá íbúum í dreifbýli á Norðurlandi vestra að koma ljósleiðara á fleiri staði og bæta stórlega Gsm- og 3G-/4G-samband í landshlutanum til að auka öryggi. Eftirfarandi eru dæmi um athugasemdir sem gerðar voru um 3G-/4G-samband:

---

*„Það er varla hægt að segja að GSM samband á bújörðinni. Smá blettir hér og þar ef ekki er þoka eða slæmt veður. T.d. ef ég slasa mig á bújörð minni er ekki víst að ég geti hringt á hjálp ef ekki er sumar og sól. Einnig er búið að loka á heimasímann sem er áframsendur í einn síma heimilismeðlims sem er ekki alltaf heima.“*

*„Tryggja gott og stöðugt símasamband er lykilatriði til að tryggja öryggi íbúa, sér í lagi eftir að landlínur voru felldar og rafmagnsleysi hefur þá áhrif á hvort hægt sé að hringja eftir hjálp eða ekki, fullkomlega óboðlegt eftir rúmlega 2ja sólarhrings síma-, fjarskipta og rafmagnsleysi í desember 2019!“*

---



Mynd 19. Samanlagt drefikerfi Símans, Vodafone og Nova fyrir 3G á Íslandi í júlí 2021 miðað við ákveðnar forsendur, fjólublátt merkir 3G-samband. Mynd, Fjarskiptastofa.




Mynd 20. Samanlagt drefikerfi Símans, Vodafone og Nova fyrir 4G á Íslandi í júlí 2021 miðað við ákveðnar forsendur, fjólublátt merkir 4G-samband. Mynd, Fjarskiptastofa.



## Tetrasamband

Eins og fram hefur komið er Gsm-samband í landshlutanum víða stopult svo ekki sé meira sagt. Því reiða viðbragðsaðilar sig á Tetrakerfið til samskipta enda kerfinu ætlað að sinna þörfum þeirra við verkefni þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Þrátt fyrir það eru enn nokkrir kaflar á vegum í landshlutanum án Tetrasambands og því algerlega sambandslausir. Meðal annars er um að ræða nokkra umferðarmikla kafla á Þjóðvegi 1.

Af samtölum við viðbragðsaðila að dæma er það samdóma mat þeirra að þetta ástand skapi mikla hættu og geti komið í veg fyrir að þeir geti rækt störf sín í þágu íbúa og ferðamanna á vegum landshlutans. Á það jafnt við hvort rætt er við lögreglu, björgunar- eða sjúkraflutningafólk.



Mynd 21. Tetrasamband á Norðurlandi vestra, 3W bilstöð, 0 db loftnet í 2m hæð mv. 90% tiifella. Litur merkir miklar líkur á þjónustu en þar sem er ólitað/hvítt er ólíklegt að sé þjónusta eða hún glöppótt. Dökkblár litur er dekkun á mörkunum. Mynd, Neyðarlínan

### Forgangsröðun verkefna tengdum fjarskiptamálum

1. **Lokið verði við ljósleiðaratengingar, bæði í dreif- og þéttbýli í landshlutanum.**
2. **Gsm-samband og 3G-/4G-samband verði stórlega bætt með uppsetningu fleiri senda sem og flutningi núverandi senda í samvinnu við staðkunnuga.** Koperlínur hafa verið eða verða aflagðar á komandi árum og samhliða því er brýnt að tryggja viðunandi farsímasamband til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.
3. **Tetrasamband verði stórlega bætt til að auka öryggi íbúa og ferðamanna í landshlutanum.**



## Almenningssamgöngur

Til loka árs 2019 ráku landshlutasamtök almenningssamgöngur á landsbyggðinni í samræmi við samning þess efnis við Vegagerðina. Landshlutasamtökin sögðu upp samningi við Vegagerðina vegna skorts á fjármagni til verkefnisins.

Á Norðurlandi vestra er leiðakerfi almenningssamgangna afar takmarkað og nýtist sama sem ekkert til samgangna innan svæðis. Strætó rekur leið 57 – Reykjavík-Akureyri sem og leið 84 í pöntunarþjónstu (Blönduós – Skagaströnd). Til áramóta 2020/2021 var einnig rekin leið 83 í pöntunarþjónustu (Hvammstangaafleggjari).

Lögð er áhersla á að við þróun leiðakerfis almenningssamgangna verði leitað leiða til að stytta ferðatíma farþega og lækka fargjöld til að ferðir verði samkeppnishæfar öðrum valkostum. Einnig er mikilvægt að við þróun leiðakerfa verði leitað leiða til að almenningssamgöngur nýtist innan vinnusóknarsvæða. Vinnusóknarsvæði á Norðurlandi vestra eru þrjú, eins og sjá má á mynd 21. Í dag geta íbúar landshlutans ekki nýtt sér almenningssamgöngur til að sækja vinnu/skóla innan svæðis og á milli vinnusóknarsvæða. Áætlun leiðar 57, sem er eina leiðin sem fer í gegnum landshlutann allan, miðast við þarfir farþegaflutninga milli Reykjavíkur og Akureyrar en ekki ferðir innan svæðis. Lögð er áhersla á að skoðaðir verði möguleikar á uppbyggingu leiðakerfis innan svæðis. Almenningssamgöngur eru nauðsynlegur þáttur í að bæta búsetuskilyrði en ekki síður einn stærsti þátturinn í að minnka kolefnisspor landshlutans.



Mynd 22. Vinnusóknarsvæði á Norðurlandi vestra. Mynd, Byggðastofnun.

Einnig er lögð áhersla á uppbyggingu aðstöðu fyrir vagna og biðstöðvar, t.d. við Hvammstangaafleggjara, á Blönduósi, á Skagastrandarvegi við Þverárfjallsafleggjara, á Sauðárkróki og víðar. Eins og staðan er nú er ekki hægt að stöðva við Þverárfjallsveg vegna hættu sem skapast þar sem ekki er um stæði að ræða og þröngt er um á öðrum biðstöðum.

Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann fýsileikakönnun á almenningssamgöngum<sup>26</sup> fyrir SSNV á árinu 2021, með styrk úr lið A.10, almenningssamgöngur um land allt, á byggðaáætlun. Í henni kom í ljós að tækifæri eru til staðar í landshlutanum. Einnig er í henni bent á mikilvægi þess að finna leiðir til að samnýta akstur sem þegar er ekinn á svæðinu, svo sem skólaakstur.

<sup>26</sup>[https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningssamgongur\\_ssnv-skyrsla\\_rha\\_2021.pdf](https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/almenningssamgongur_ssnv-skyrsla_rha_2021.pdf)

Að síðustu er vert að benda á það sem fram hefur komið varðandi áherslur ríkistjórnar Katrínar Jakobsdóttur um að almenningssamgöngur þar sem kynntar eru hugmyndir um samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um að efla almenningssamgöngur á landsbyggðinni. Slík uppbygging er afar brýn eins fjallað hefur verið um hér að framan. Ítrekað er mikilvægi þess að verkefni sem því fylgi fjármagn til uppbyggingar. Slíkt verkefni tekur nokkur ár að þróa og því fylgir mikill kostnaður á uppbyggingartíma sem og rekstrarkostnaður til langs tíma. Sveitarfélögin á starfssvæði SSNV hafa ekki burði að óbreyttu til að koma með fjármagn inn í slík verkefni.

## Forgangsröðun verkefna tengdum almenningssamgöngum

1. **Þróun leiða sem nýtast íbúum Norðurlands vestra til ferða innan vinnusóknarsvæða í samræmi við fýsileikakönnun sem unnin var á árinu 2021 og áherslur sem settar eru fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.**
2. **Uppbygging aðstöðu fyrir vagna á biðstöðvum á Norðurlandi vestra, t.d. við Hvammstangaafleggjara, á Blönduósi, á Skagastrandarvegi við Þverárfjallsafleggjara sem og á Sauðárkróki.**

## Flugsamgöngur

Reglulegar flugsamgöngur til og frá Alexandersflugvelli í Skagafirði eru Norðurlandi vestra afar mikilvægar. Í fjölmörgum greiningum og rannsóknum kemur skýrt fram að góðar samgöngur hafi mikil áhrif á atvinnu, efnahag, lífsgæði og öryggi íbúa. Rannsóknir sýna almennt að hreyfanleiki og aðgengi eru lykilþættir við búsetuval, ekki hvað síst á landsbyggðinni. Eins og segir í félagshagfræðilegri greiningu Ástu Þorleifsdóttur og Vilhjálms Hilmarssonar um áætlunarflug innanlands:

**Þar spilar innanlandsflug stórt hlutverk og er oft einn grundvöllur búsetugæða þ.e. þeirra þátta sem gera staði hæfa og/eða eftirsóknarverða til búsetu.<sup>27</sup>**

Fram til ársins 2018 var Alexandersflugvöllur skilgreindur í grunnneti flugvalla í samgöngu-áætlun. Afar mikilvægt er að völlum verði á ný skilgreindur í grunnnetinu og fái viðunandi rekstrar- og viðhaldsfé. Á árinu 2018 var unnið tilraunaverkefni með stuðningi úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Þá kom flugfélagið Ernir á reglulegu áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Flugíð var nokkuð vel nýtt en mál manna er að verkefnið hafi ekki varað nægilega lengi til að full reynsla kæmist á það. Mikilvægt er að það verði tekið upp að nýju og það flug verði hluti af Loftbrú stjórnvalda sem miðar að því að



Mynd 22. Svæði sem falla undir Loftbrú og njóta eiga niðurgreiðslu á flugfargjöldum í einkaerindum. Mynd, Vegagerðin.

<sup>27</sup> [http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/1610-1625\\_Aaetlunarflug\\_innan\\_lands/\\$file/1610-1625%20%C3%81%C3%A6tlunarflug%20innan%20lands.pdf](http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/1610-1625_Aaetlunarflug_innan_lands/$file/1610-1625%20%C3%81%C3%A6tlunarflug%20innan%20lands.pdf)

niðurgreiða flugfargjöld íbúa landsbyggðarinnar í einkaerindum. Samkvæmt viðmiðum Loftbrúar er flug um Alexandersflugvöll hluti þeirra skilgreindu svæða sem eiga kost á niðurgreiðslu flugfargjalda íbúa. Sú staðreynd breytir rekstrarskilyrðum fyrir áætlunarflug verulega og brýnt að á það verði látið reyna, til lengri tíma en gert var 2018, hvort grundvöllur er fyrir slíkum rekstri. Skilgreining Alexandersflugvallar í grunnnet flugvalla á ný sem og tryggt fé til rekstrar og viðhalds eru grunnur þess.

Í byrjun mars 2019 var skrifað undir samstarfssamning Flugakademíu Keilis og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um samstarf vegna flugnema skólans á Alexandersflugvelli. Flugvöllurinn þykir afar góður kennsluflugvöllur, bæði legu sinnar vegna og veðurfræðilega séð og var samstarfssamningurinn við Flugakademíuna sönnun þess. Við fall Wow-air og samdrátt hjá Icelandair í kjölfar Covid-19 dróst eftirspurn eftir flugmannsnámi mjög saman og flugakademían hætti að nota flugvöllinn. Ekki er ólíklegt að akademían taki aftur upp kennslu við völinn þegar flugið fer í fullan gang að nýju í kjölfar heimsfaraldurs.

Um árabíl hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar ásamt SSNV lagt á það áherslu að skoðaður verði möguleikinn á því að Alexandersflugvöllur verði gerður að varaflugvelli fyrir millilandaflugvelli landsins. Fjöldi þingsályktunartillagna hefur verið fluttur þess efnis, nú síðast á 151. löggjafarþingi 2020-2021<sup>28</sup>.

Í Skagafirði eru litlar líkur á jarðhræringum eða eldgosum sem hamlað geta flugsamgöngum, auk þess sem vegalengdir til fjögurra meginflugvalla á Íslandi á landi eru hagstæðar. Milli Sauðárkróks og Akureyrar er vegalengdin aðeins um 120 km, sem tekur einungis rúma 1½ klst. að aka. Milli Sauðárkróks og Reykjavíkur eru í kringum 295 km sem er rúmlega 3 klst. akstur. Til samanburðar eru um 390 km milli Akureyrar og Reykjavíkur, milli Reykjavíkur og Egilsstaða um 650 km og milli Akureyrar og Egilsstaða um 265 km. Alexandersflugvöllur er því mjög vel staðsettur til að þjóna sem varaflugvöllur fyrir alla millilandaflugvelli landsins.

Uppbygging Alexandersflugvallar sem varaflugvallar er ekki einasta hagsmunamál með tilliti til flugöryggis og vegalengda heldur einnig með tilliti til þess sem kallað hefur verið „dreifing ferðamanna“ og þar með stuðningur við ferðaþjónustuna á Norður- og Austurlandi sem verður mikilvægur þáttur þegar ferðamenn fara að sækja landið heim að nýju eftir Covid-19. Vilji stjórnvalda til að ferðaþjónustan bæti hag íbúa um allt land er skýr í stefnu um ferðaþjónustu til ársins 2030. Til að árangur náist í að fá ferðamenn til að fara víðar um landið en nú er verða að koma til fleiri alvöru fluggáttir á landsbyggðinni. Reynsla þeirra landa sem við lítum til sýnir það svo ekki verður um villst og er þar helst að nefna Nýja-Sjáland. Áhuginn á beinu flugi á Norðurland er fyrir hendi enda sýna viðtökur á ferðum þeirra aðila sem þegar hafa tekið upp flug það glöggt. Fleiri erlendir aðilar eru að skoða að hefja beint flug til Akureyrar.

Beint flug frá Evrópu á Norðurland er „viðkvæm vara“ og allar truflanir geta vegið býsna þungt í ákvarðanatöku hinna erlendu flugrekstraraðila og ferðaheildsala varðandi framhaldið. Að ekki sé talað um þeirra sem fylgjast með og íhuga að stíga næstu skref. Fyrir nokkrum árum þótti það óhugsandi fyrir söluaðila Íslandsferða, t.d. í Evrópu, að bjóða upp á flug beint til Norðurlands en þróun áfangastaðarins Íslands og aðstæður á mörkuðum hafa breytt þeirri afstöðu til muna. Fjárfesting í að byggja Alexandersflugvöll upp sem varaflugvöll og gera hann að e.k. fráviksflugvelli („diversion airport“) fyrir Akureyri mun bæta möguleika þessarar sóknar

<sup>28</sup> <https://www.althingi.is/alttext/151/s/0127.html>

í beinu flugi inn á Norðurland til muna og um leið renna betri stoðum undir ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, létta á álagi á þeim ferðamannastöðum sem komnir eru næst þolmörkum sunnan og vestanlands, um leið og heildaröryggi fluglandsins Íslands verður aukið.

Til viðbótar við framantalið myndi uppbygging Alexandersflugvallar að nýju auka öryggi íbúa á Norðurlandi vestra til mikilla muna. Skv. úttekt á heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra sem SSNV lét gera á árinu 2018 og áður hefur verið nefnd eru nánast engir íbúar á Norðurlandi vestra í minna en klukkustundar fjarlægð frá sérhæfðu sjúkrahúsi með sólarhringsaðgang að skurðstofu. Annars staðar á landinu er hlutfallið frá 50 – 100%<sup>29</sup>. Sé það ekki ætlun ríkisvaldsins að bæta að nýju heilbrigðisþjónustu í landshlutanum er nauðsynlegt að bæta samgöngur þangað til að íbúar svæðisins sitji við sama borð og íbúar annarra landshluta. Vegasamgöngur á veturnum eru oft erfiðar og ítrekað eru allir vegir inn og út úr landshlutanum lokaðir, oft svo dögum skiptir með tilheyrandi óöryggi og hættu fyrir íbúa ef upp koma veikindi eða slys. Alexandersflugvöllur gegnir því lykilhlutverki í aðgengi íbúa landshlutans að nauðsynlegri þjónustu en miðað við núverandi stöðu á viðhaldi og rekstri vallarins gegnir hann því tæpast í dag.

Með sömu öryggisrökum og eiga við um Alexandersflugvöll á Sauðárkróki er mikilvægt fyrir íbúa Húnavatnssýslna að hafa möguleika á sjúkraflugi. Mikil skerðing heilbrigðisþjónustu í landshlutanum á undanförunum árum hefur gert það að verkum að öll bráðatilfelli þarf að meðhöndla utan landshlutans. Til að nýta þá opinberu þjónustu sem íbúar svæðisins eiga sama rétt á og aðrir íbúar landsins er um fjallvegi að fara og getur það verið torvelt, sérstaklega á veturnum. Í ljósi þess er lögð áhersla á að Blönduósflugvöllur verði skilgreindur fyrir sjúkraflug og mikilvægt að hann fái nauðsynlegt viðhald til að tryggja sé hann geti þjónað flugi með viðunandi hætti. Brýnasta verkefnið hvað það varðar er lagning slitlags á flugbrautina. Staðsetning flugvallarins rétt við þjóðveg 1 er heppileg ef kemur til hópslysa eða annarra alvarlegra óhappa í Húnavatnssýslum. Undanfarin ár hafa nokkur slík óhöpp átt sér stað sem hafa ótvírætt sannað þörfina fyrir völinn.

Að síðustu er mikilvægt að hugað verði að þyrlulendingarstöðum á Norðurlandi vestra. Skv. Landhelgisgæslunni eru engir slíkir skilgreindir í landshlutanum. Með aukinni umferð á vegum úti, minnkandi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og mikilli aukningu í sjúkraflutningum er ekki óeðlilegt að álykta að á komandi árum verði þyrlur sífellt meira notaðar við bráðaþjónustu á landsbyggðinni. Til dæmis mætti skilgreina lendingarstað á malbikuðu plani við Skagabúð í Skagabyggð. Skoða þarf fleiri mögulegar staðsetningar.

### Forgangsröðun verkefna tengdum flugsamgöngum

1. **Alexandersflugvöllur verði skilgreindur í grunnneti flugvallar á ný og honum tryggðir nægilegir rekstrarfjármunir til að unnt sé að koma á reglulegu áætlunarflugi með stuðningi úr Loftbrú.**
2. **Farið verði í ítarlega greiningu og kostnaðarmat á því að Alexandersflugvöllur verði varafflugvöllur fyrir millilandaflug á Íslandi.**
3. **Tryggt verði að Blönduósflugvöllur geti þjónað sjúkraflugi með viðunandi hætti m.a.**

<sup>29</sup> [https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv\\_skyrsla\\_heilbrigdis.pdf](https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/ssnv_skyrsla_heilbrigdis.pdf)

*með lagningu slitlags á flugbraut.*

- 4. Skilgreindir verði þyrlulendingarstaðir í landshlutanum til að auðvelda aðgengi þyrla þegar til slysa og bráðatilfella kemur.**

## Hitaveita

Umtalsverðar hitaveituframkvæmdir hafa átt sér stað á Norðurlandi vestra undanfarin misseri. Með lagningu hitaveitu breytast búsetuskilyrði á svæðinu til mikilla muna. Auk verulegrar lækkunar á húshitunarkostnaði aukast möguleikar á alls kyns atvinnustarfsemi, allt frá iðnaði til ferðapjónustu.

Á Norðurlandi vestra standa yfir athuganir á möguleikum til frekari hitaveituframkvæmda og má ætla að á næstu misserum verði ráðist í enn frekari framkvæmdir.

Undanfarin fjögur ár hefur farið fram mikil endurnýjun á hitaveitulögnum innanbæjar á Hvammstanga eftir umtalsverðar framkvæmdir í dreifbýlinu árin fjögur þar undan. Á Reykjum í Hrutafirði hafa staðið yfir aðgerðir með það að markmiði að leggja hitaveitu frá Reykjaskóla og inn Hrutafjörð austanverðan. Árið 2018 var boruð ný hola en hún gaf aðeins hita en ekkert vatn þannig að á árinu 2021 var farið í prufudælingu úr skáholunni, sem hingað til hefur fætt hitaveitu frá Reykjaskóla og út Hrutafjörð að austan með sjálfrennsli. Miklar líkur eru á að hægt verði að byggja hitaveitu inn Hrutafjörð á þeirri holu með dælingu til framtíðar.

Í Austur-Húnavatnssýslu eru, skv. upplýsingum frá RARIK, fyrirhugaðar frekari boranir til að styrkja hitaveitu til Blönduóss og Skagastrandar. Mikilvægt er að þau áform haldi þar sem skortur á viðhaldi getur reynst afar kostnaðarsamur síðar meir. Skagafjarðarveitur hafa sömuleiðis áform um frekari stækkun í austanverðum Skagafirði. Áform eru uppi þar um að halda áfram frekari uppbyggingu hitaveitu í austanverðum Skagafirði, Hjaltadal, Viðvíkursveit og Deildardal, ásamt síðustu bæjum í Vallhólma á næstu árum en ekki er búið að tímasetja framkvæmdir á þessum svæðum. Hönnun tengingar Langhúsaveitu við Hofsósveitu er í vinnslu og hafist verður handa við þá tengingu eins fljótt og verða má.

Við lagningu hitaveitu í dreifbýli undanfarin ár hefur miklu skipt sá styrkur sem veittur er úr orkusjóði sem miðast nú við fjárhæð sem samsvarar allt að 16 ára niðurgreiðslu á rafhitun. Mikilvægt er að sá stuðningur verði áfram veittur til að hraða hitaveituvæðingu þar sem þess er kostur. Þó þessi stuðningur hafi verið aukinn á kjörtímabilinu 2014-2018 úr hámarki 12 árum í 16 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, hefur það fjármagn sem veitt er til styrkjanna ekki verið nægjanlegt til að greiða hitaveitunum sem staðið hafa í framkvæmdum fyrr en seint og síðar meir með tilheyrandi fjármagnskostnaði. Styrkveiting til nýrra hitaveitna er skv. reglugerð aldrei meiri en sem nemur 20% af heildarfjárveitingu<sup>30</sup> til niðurgreiðslu á orku til húshitunar. Hafa þær fjárhæðir sem þar er úr að spila ekki verið nægilegar miðað við þær miklu framkvæmdir sem veitur hafa ráðist í undanfarin ár. Afar brýnt er að fjármagn til þessa stuðnings verði aukið svo endurgreiðslur berist hraðar. Slíkt er ekki einasta til hagsbóta fyrir

---

<sup>30</sup> Reglugerð um framkvæmd laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 698/2013. <https://island.is/reglugerdir/nr/0698-2013>




hitaveiturnar og eigendur þeirra (sem í flestum tilfellum eru sveitarfélögin) heldur ekki síður fyrir íbúa sem þurfa að leggja út í umtalsverðan kostnað við að taka inn hitaveitu.

### Forgangsröðun verkefna tengd hitaveitu

1. **Áfram verði stutt við lagningu nýrra hitaveitna með styrkjum sem samsvara áætluðum niðurgreiðslum á rafhitun á ákveðnu tímabili (nú allt að 16 ár).**
2. **Fjármagn til niðurgreiðslu á stofnkostnaði við hitaveitu verði aukið svo ekki verði slík bið eins og verið hefur á endurgreiðslum til veitna og nýrra notenda.**

Á mynd 23 má sjá þau svæði þar sem möguleiki er á tengingum við hitaveitu á Norðurlandi vestra.



Mynd 23. Aðgengi að hitaveitu á Norðurlandi vestra. Mynd, SSNV.

### Raforkukerfi

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því hörðum höndum að laða iðnaðarstarfsemi að Norðurlandi vestra og vinnur nú sérstakur starfsmaður að því verkefni. Landfræði- og jarðfræðilegar aðstæður eru góðar í landshlutanum, ekki hætta á jarðhræringum eða eldgosum og staðsetningin mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar hagfelld með tilliti til

flutninga. Frumskilyrði þess að fyrirtæki í stærri eða smærri iðnaðarstarfsemi geti valið sér stað á Norðurlandi vestra er raforka og örugg afhending hennar.

Umtalsverð atvinnuppbygging á sér nú stað á Blönduósi með uppbyggingu gagnavers. Orka til þeirrar starfsemi fæst úr Blöndu. Verði úr að á svæðið fái aukin iðnaðarstarfsemi, eins og mælt er fyrir um að stefnt skuli að í Þingsályktun um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar<sup>31</sup> sem samþykkt var á Alþingi árið 2013, er ljóst að meiri orku þarf til svæðisins. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að koma skuli af stað samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga á svæðinu um að efla atvinnulíf og skapa ný störf með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja flutning orkunnar frá Blönduvirkjun. Það hlýtur að vera eðlileg krafa heimamanna að nýta orkuna úr virkjun sem er í bakgarðinum ef svo má segja – enda er það megininntak fyrrnefndrar þingsályktunartillögu.

Á árinu 2018 hófst bygging gagnavers á Blönduósi. Ekki reyndist auðvelt að tryggja raforku til starfseminnar en það tókst þó að lokum. Í framhaldi af opnun gagnaversins hafa borist fyrirspurnir frá aðilum sem áhugasamir eru um að byggja upp frekari atvinnustarfsemi á svæðinu. Þeim fyrirspurnum hefur ekki verið unnt að sinna vegna skorts á orku. Einnig eru uppi hugmyndir um uppbyggingu á iðnaðarsvæði við Hafursstaði sem líkur eru á að skriður komist á á komandi misserum. Því er brýnt að ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar í samræmi við þau áform sem uppi eru og áhersla verði lögð á að orkan verði nýtt á Norðurlandi vestra, bæði til þess að bæta þar atvinnulíf og búsetuskilyrði en einnig til að lágmarka orkutap sem verður í línunum sem flytja orku um langan veg. Nýlegar upplýsingar um orkutap vegna flutnings og úttektar frá framleiðslufyrirtækjum gefa til kynna að það tap samsvari allri orkunotkun heimila á landinu eða sem samsvarar öllu núverandi uppsettu afli Blönduvirkjunar, um 1000 GWst. Það er því til mikils að vinna að minnka þetta tap, m.a. með því að nýta orkuna sem næst framleiðslustað.

Samtöl við Landsnet hafa leitt í ljós að flýting á lagningu línu úr Hrútafirði yfir í Blöndu (á mynd 12 HRU-BLA) myndi bæta stöðuna verulega. Tækifæri gæfust til að fjölga tengipunktum sem kæmu sér vel í Húnavatnssýslum. Jafnframt myndi sú framkvæmd auka tækifæri til afhendingar á Vestfjörðum. Samgöngunefnd SSNV leggur því áherslu á að lagningu línu frá Hrútafirði í Blöndu verði flýtt. Lagning Blöndulínu 3 (á mynd 12 á bls. 26 BLA-RAN) mun bæta afhendingu í austari hluta landshlutans. Sú lína hefur verið lengi í undirbúningi og m.a. strandað á flóknu regluverki. Samgöngunefnd SSNV leggur því einnig áherslu á að áfram verði haldið í undirbúningi þeirrar framkvæmdar og leiða leitað til að einfalda regluverk enn frekar svo ráðast megi í hana sem allra fyrst.

Þegar rætt er um orkumál er nauðsynlegt að fjalla um seinagang við þrífösun rafmagns á Norðurlandi vestra líkt og á landinu öllu. Í nútímabúskap og öðrum atvinnurekstri er þrífösun afar mikilvægt hagsmunamál þar sem flest raftæki þurfa orðið þriggja fasa rafmagn. Á það ekki síst við um viðkvæm raftæki eins og tölvur. Nú er það svo að flest heimilistæki sem framleidd eru í dag innihalda tölvur í einhverju formi sem gerir það að verkum að líftími þessara tækja í sveitum þar sem aðeins er eins fasa rafmagn er mun styttri en ella. Heyrst hefur af heimilum í dreifbýli sem þurfa að skipta út heimilistækjum á 2ja-3ja ára fresti því þau skemmast á það stuttum tíma.


---

<sup>31</sup> <https://www.althingi.is/alttext/143/s/0110.html>

Undanfarin ár hefur mikil uppbygging átt sér stað í kúabúskap á Norðurlandi vestra. Fjölmörg býli hafa fjárfest í nýjum róbótafjósum sem gjörbreytir skilyrðum og aðstöðu bæði dýra og bænda. Rafbúnaður þessara tækja er viðkvæmur og því erfitt að koma slíkri endurnýjun við nema þar sem þriggja fasa rafmagn er í boði.

Ekki má gleyma því að orkuskiptaverkefni stjórnvalda mun ganga mun hægar ef ekki verður settur aukinn kraftur í þrífösun til sveita.

Það er því ljóst að hægagangur í þrífösun rafmagns hefur á umliðnum árum hamlað uppbyggingu. Þó horfir til betri tíðar hvað þetta stóra hagsmunamál varðar. Skv. upplýsingum frá RARIK verða öll býli í ábúð á veitusvæði fyrirtækisins komin með þriggja fasa rafmagn eftir 8 ár, eða árið 2030. Stjórnvöld hafa komið að flýtingu ákveðinna verkefna og því verða allir stórir viðskiptavinir, eins og stór kúabú og aðrir sem nota 70.000 kWst eða meira, komnir með þriggja fasa rafmagn árið 2025. Allt dreifikerfi RARIK verður síðan komið í jarðstrengi árið 2035. Ástæða er til að fagna því að verkinu hefur verið flýtt um nokkur ár miðað við fyrri áætlanir. Um leið er á það bent að hagsmunir af því að verkinu verði hraðað enn frekar eru miklir. Tryggja verður að nægum fjármunum verði veitt til verkefnisins svo áætlanir gangi eftir og jafnvel fyrr en ætlað er. Í stefnu stjórnvalda hefur um nokkurt skeið verið lögð áhersla á að nýta samlegðaráhrif með framkvæmdum, þ.e.a.s. að þegar grafinn er skurður verði athugað hvort nýta má hann til annarra verkefna um leið. Á Norðurlandi vestra hafa verið í gangi umfangsmiklar hitaveitu- og ljósleiðaraframkvæmdir. Því miður hefur ekki tekist að nýta samlegð með þeim framkvæmdum til hraðari uppbyggingar þriggja fasa kerfis á svæðinu, ekki



nema reitt sé fram flýtigjald þar sem viðkomandi svæði „er ekki á áætlun“ fyrr en mun síðar. Það er ekki skynsamleg ráðstöfun fjármuna og er hvatt til þess að áætlanir varðandi þrífösun rafmagns verði teknar upp og skoðaðar með tilliti til annarra framkvæmda og almennt leitað allra leiða til að hraða verkefninu.

Ekki er hægt að fjalla um orkumál í landshlutanum öðruvísi en að hafa orð á þeim gríðarlegu verkefnum sem við sem þjóð stöndum frammi fyrir.

Mynd 24. Raforkukerfið á Norðurlandi vestra. Mynd RARIK.



Framundan eru umfangsmikil orkuskipti til þess m.a. að standa við skuldbindingar þjóðarinnar í loftslagsmálum. Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að orkuskortur hefur orðið víða um land og að virkjanir og flutnings- og dreifikerfi raforku anna ekki eftirspurn víða á landsbyggðinni, er útilokað að taka ákvörðun um mögulega virkjunarkosti í Skagafirði án þess að ráðist sé í mun viðameiri rannsóknir og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í Skagafirði og nágrenni og að þar séu rekjanlegar og gagnsæjar niðurstöður allra faghópa rammaáætlunar hafðar til hliðsjónar. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja þá uppbyggingu flutningskerfis raforku sem þegar hefur verið nefnd til að styðja við að heimili og fyrirtæki landsins geti notað umhverfisvæna orku í stað jarðefnaeldsneytis, auk þess sem það er grunnforsenda jákvæðrar byggðapróunar vítt og breitt um landið.

### Forgangsröðun verkefna tengdum raforkumálum

1. **Áætlanir um þrífösun rafmagns í dreifbýli gangi eftir og verði helst hraðað enn frekar til að einstaklingar og fyrirtæki á dreifbýlum svæðum sitji við sama borð og þau í þéttbýli.**
2. **Raforkuflutningur til svæðisins frá Blöndu verði styrktur sem og uppbygging meginflutningskerfis landsins til þess að auka afhendingaröryggi og styðja við frekari iðnaðaruppbyggingu á svæðinu sem og núverandi atvinnurekstur.**
3. **Ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar sem fyrst og viðbótarorkan nýtt á Norðurlandi vestra.**
4. **Ráðist verði í viðameiri rannsóknir en þegar liggja fyrir á virkjanakostum í Skagafirði og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í Skagafirði og nágrenni.**



Mynd 25. Frá framkvæmdum við lagningu Sauðárkrókslínu 2 sumarið 2020. Mynd, Landsnet. Lokaorð nefndarinnar

## LOKAORÐ NEFNDARINNAR

Frá árinu 1998 hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað um ríflega 10% sem er næstmesta fækkun á landinu öllu. Á sama tíma hefur fjölgun íbúa á landsvísu verið um 33%. Allra síðustu ár hefur fjöldi íbúa í landshlutanum staðið í stað eða jafnvel þokast upp á við einhver ár. Hins vegar er sú fjölgun alltaf undir landsmeðaltali. Sveitarfélögin hafa ötullega unnið að því undanfarin misseri að snúa þessari þróun við og hafa jafnframt aukið styrk sinn með sameiningum. Sérstök áhersla er lögð á að laða stærri fjárfestingar inn í landshlutann, nýsköpun sést æ víðar og húsbyggingar hafa tekið við sér. Það eru því ýmis jákvæð teikn á lofti. Teikn sem sýna að landshlutinn hefur alla burði til að ná vopnum sínum á ný.

Átak heimamanna til eflingar landshlutans má sín hins vegar lítils ef uppbygging innviða á ábyrgð ríkisins fylgir ekki með. Víðtæk könnun sem gerð var árið 2020 sýnir að íbúar telja að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra standi sig nokkuð vel varðandi þá innviði sem þau bera ábyrgð á, svo sem grunn- og leikskóla. Sömu sögu er ekki hægt að segja um þá innviði sem ríkisvaldið ber ábyrgð á og er þar helst að nefna samgöngumannvirki og orkukerfi. Í könnuninni kom í ljós að ánægja með vegakerfi var einna minnst á Norðurlandi vestra og sama má segja um rafmagn. Ánægja með laun í landshlutanum var einnig einna minnst á landinu öllu. Enda hafa launatekjur verið með þeim lægstu undanfarna áratugi. Hefur verið sýnt fram á að aðgengi að orku hafi áhrif á launatekjur svæða. Það er því afar brýnt að úr orkuskortu landshlutans verði leyst sem allra fyrst til að sveitarfélögin á svæðinu hafi nauðsynlegar bjargar til eflingar.

Í áætlun þessari hafa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra sameinast um áherslur og forgangsröðun. Áherslur heimamanna hljóta að verða að ráða þegar ákveðið er í hvaða framkvæmdir skal ráðast. Heimamenn þekkja best þarfir samfélaga sinna. Því er nauðsynlegt að þetta plagg verði haft til hliðsjónar við þær framkvæmdir sem ráðist verður í á komandi árum.

Af efni áætlunarinnar má glögg sjá að verkefni á Norðurlandi vestra eru ærin. Þó fjöldi kílómetra, sem settir eru hér í forgang, sé mikill og kostnaður við endurbætur raforku- og fjarskiptakerfa sé gríðarlegur, er ekki hægt að láta slíkar úrbætur hjá líða af þeim sökum. Að verkið sé of stórt. Mun fremur ætti að setja upp skynsamlega áætlun, í sátt og samráði við íbúa og sveitarfélög, um hvernig megi bæta innviði í landshlutanum, skipulega, á nokkurra ára tímabili. Þörfin er svo sannarlega til staðar eins og sýnt hefur verið fram á í þessari áætlun.

Greiðar samgöngur sem byggja á góðu vegakerfi eru nauðsynlegar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs og viðunandi afkomu heimila og fyrirtækja. Flestir tengi- og héraðsvegir á Norðurlandi vestra uppfylla engan veginn þær kröfur og fer ástand þeirra versnandi ár frá ári vegna ónógs viðhalds. Óhætt er að fullyrða að samgöngur standa þróun atvinnulífs á svæðinu fyrir þrífum því oft á tíðum eru vegirnir hættulegir vegfarendum og ættu að merkjast sem slíkir. Þannig eru þessir grunninnviðir á forræði hins opinbera að halda samfélaginu í landshlutanum niðri. Sú staða er óviðunandi.

Þeir eru fleiri innviðirnir sem standa þróun samfélagsins fyrir þrífum. Má þar helst nefna orkukerfi, megin- og flutningskerfi. Það er óásættanlegt að landshluti sem hefur átt undir högg að sækja verði að gefa frá sér tækifæri sem gefast til atvinnuuppbyggingar vegna skorts á orku. Sérstaklega þegar virkjun – sem hefur viðbótarframleiðslugetu – er í bakgarðinum og fleiri



tækifæri til orkuframleiðslu til staðar. Aftur eru það grunninnviðir á forræði hins opinbera sem standa framþróun samfélagsins fyrir þrifum.

Það má heldur ekki horfa framhjá því að sterkir innviðir eru gríðarlegt öryggismál fyrir íbúa. Má þar nefna öryggi skólabarna sem fara um langa leið til náms í skólabílum á óboðlegum vegum, mörg hver í áratug. Allt sitt grunnskólanám. Einnig má nefna öryggi vegna fjarskipta. Því miður hafa skapast í landshlutanum aðstæður sem hafa svipt íbúa allri öryggistilfinningu á sínum heimilum. Slíkt er einfaldlega ekki boðlegt á 21. öldinni. Orkuöryggi er jafnframt grunnforsenda blómlegra byggða.

Verkefnin eru ærin.

Með þeim áherslum sem að framan eru taldar vilja sveitarfélög á Norðurlandi vestra leggja sitt af mörkum til að auðvelda og flýta fyrir töku ákvarðana og þar með brýnum framkvæmdum við samgöngu- og innviðauppbyggingu í landshlutanum.

## 5. FYLGISKJÖL

### Fylgiskjal 1 – Erindisbréf samgöngu- og innviðanefndar SSNV

#### Erindisbréf Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

1.gr.

Á 29. ársþingi SSNV þann 16. apríl 2021 var samþykkt að skipa samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Í greinargerð með samþykkt þingsins segir eftirfarandi:

*Vinnu við gerð nágildandi samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra lauk í júní 2019. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstakra sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.*

2.gr.

Hlutverk starfshópsins skv. samþykkt ársþings að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2022.

4.gr.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn SSNV vinna með hópnum eins og þurfa þykir. Starfsmenn SSNV færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins og aðstoða við upplýsingaöflun. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi. Hópurinn hefur ekki heimild til að stofna til fjárútláta vegna starfa sinna nema með sérstöku samþykki stjórnar SSNV.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSNV. Starfsmenn sveitarfélaga sem í nefndinni sitja fá ekki greitt fyrir fundarsetu á vinnutíma sínum. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að fjórum sinnum á starfstímanum. Heimilt er að halda fundi í rafrænum kerfum eða í síma. Af umhverfis- og kostnaðarsjónarmiðum eru nefndarmenn beðnir um að samnýta ferðir til funda eftir föngum sé um staðarfundi að ræða.

Norðurlandi vestra 4. júní 2021

## Fylgiskjal 2 – Einbreiðar brýr á stofn- og tengivegum á Norðurlandi vestra

NR VEGUR	NR KAFLI	STOD	BRUARHEITI	SER-LYSING	LENGD BRUAR	BYGG AR	AKBRAUTAR BR	VEG FLOKKUR	ÁDU	SDU	VDU	GERD
701	01	2582	Síká	-	56.04	1970	4.02	2	41	64	25	SSS/B
702	02	5940	Sandalækur í Miðfirði	-	4	1973	4	2	21	32	12	SSS/P
703	01	2366	Sveðjustaðaá	-	7	1926	3.65	2	10	16	5	SSS/B
704	02	467	Vesturá í Miðfirði	-	30	1985	4	2	38	60	21	SFS/B
704	02	7310	Núpsá hjá Haugi	-	12	1957	3	2	38	60	21	SSS/B
704	02	9203	Austurá	-	16	1948	3	2	38	60	21	SSS/B
711	02	7170	Sellækur Ytriá	-	4		3.9	2	136	233	65	SSS/P
711	04	10020	Þórsá á Vatnsnesi	-	22	1971	4	2	85	165	30	SSS/B
711	05	11580	Vesturhópshólaá	-	13	1944	3.1	2	129	238	52	SSS/B
711	06	6010	Harastaðaá í Vestur-Hópi	-	5.5	1982	4	2	146	249	70	SSS/P
711	06	10260	Grundará í Vestur-Hópi	-	6	1978	4	2	146	249	70	SSS/P
711	07	2800	Hörghólsá	-	4	1936	4	2	131	222	62	SSS/P
715	01	3970	Víðidalsá hjá Hvarfi	-	45	1955	3	2	86	137	48	SSS/B
715	01	970	Fitjaá í Víðidal	-	17.8	1984	4.1	2	86	137	48	SJS/B
715	02	4687	Ásgeirsá	-	5	1966	3.7	2	92	144	52	SSS/P
716	02	2233	Reyðarlækur hjá Bjarghúsum	-	10	1964	3.2	2	115	232	31	SSS/B
717	01	1656	Faxalækur í Vestur-Hópi	-	10	1975	3	2	27	54	7	TJT/B
722	01	13044	Kornsá í Vatnsdal	-	20	1974	4	2	137	223	74	SSS/P
722	02	7861	Álftarskálará í Vatnsdal	-	16.5	1949	3.2	2	85	119	53	TJS/B
722	03	3370	Tunguá í Vatnsdal	-	10	1954	3	2	60	98	34	SSS/B
724	01	12160	Laxá hjá Tindum	-	14	1976	4	2	104	141	72	SSS/B
726	01	13500	Sléttá í Sléttárdal	-	8	1957	3.4	2	63	85	43	SSS/B
726	01	8280	Svinadalsá	-	24	1956	3	2	63	85	43	SSS/B
731	03	4068	Blanda	-	72	1951	3.8	1	124	222	63	SJS/H
731	03	76	Svartá hjá Ártúnum	-	38	1931	3.6	1	124	222	63	SSS/B
734	03	60	Hvammsá í Svartárdal	-	8	1964	3.4	2	18	24	6	SSS/B
734	03	4310	Svartá hjá Stafni	-	27	1967	3	2	18	24	6	TJS/B
74	02	248	Laxá hjá Syðra-Hóli	-	75	1973	4	1	448	647	301	SFS/B

745	01	9270	Hofsá	-	6	1985	4	2	63	97	40	SSS/P
745	03	209	Fossá	-	13	1999	3.6	2	33	50	21	TJS/B
745	03	13170	Hafnaá á Skaga	-	10	1966	3.2	2	33	50	21	SSS/B
745	05	6340	Hörtná á Skaga	-	18	1956	3	2	20	32	13	SSS/B
745	06	11290	Selá á Skaga	-	8	1981	4	2	27	40	16	SSS/P
745	07	3610	Fossá á Skaga	-	31.26	1964	3.2	2	54	83	34	SSS/B
745	07	5690	Gauksstaðaá á Skaga	-	12	1964	3.2	2	54	83	34	SSS/B
745	08	1092	Laxá	-	19.8	1949	3.5	2	61	89	36	SSS/B
748	01	7980	Hólakotsá á Reykjaströnd	-	5	1955	3.7	2	135	222	76	SSS/B
75	06	9870	Austurós Héraðsvatna	-	130	1977	4	1	518	721	352	SJS/B
752	02	3679	Svartá hjá Mælifelli	-	20	1946	2.7	2	150	219	102	SSS/B
752	03	7627	Jökulsá hjá Goðdölum	-	32	1982	3.2	2	89	143	52	TJS/B
752	04	8273	Hrúta hjá Giljum	-	10	1982	3.2	2	33	54	20	TJS/B
753	01	6513	Kvísl úr Húseyjarkvísl	-	10		2.6	2	43	62	29	TJJ/B
753	01	6577	Húseyjarkvísl	-	46		2.6	2	43	62	29	TJT/B
76	01	8910	Þverá	-	55	1965	3.7	1	280	427	177	SJS/B
76	08	5879	Flókadalsá	-	46	1974	4	1	296	507	143	SSS/B
767	01	6588	Hjaltadalsá Laufskálum	hjá	42	1960	3.2	1	254	390	161	SJS/B
767	01	9392	Víðinesá í Hjaltadal	-	20	1948	3	1	254	390	161	SSS/B
767	02	2411	Hjaltadalsá	-	30	1984	3	2	51	80	30	TJS/B
768	01	900	Hvammsá í Hjaltadal	-	11	1980	2.8	2	14	22	8	TJS/B
783	01	2840	Hofsá hjá Enni	-	18	1986	4	2	27	43	16	SJS/B
789	01	5910	Flijótaá Skeiðfossvirkjun	hjá	18.12	1976	4	2	35	56	19	SSS/P
789	01	4900	Yfirfall neðri virkjunar	-	4.25	1976	4.02	2	35	56	19	SSS/P

Vegagerðin  
14.03.2019




## Fylgiskjal 3 – Niðurstöður könnunar um fjarskiptasamband í dreifbýli á Norðurlandi vestra.

Boð um þátttöku í könnuninni var sent út á 854 heimili í dreifbýli á Norðurlandi vestra. Vísað var inn á rafræna könnun bæði með QR kóða og beinni slóð. Einnig var boðið upp á að óska eftir könnuninni á pappír og nýttu 7 aðilar þann möguleika.

Alls bárust 216 svör sem gerir 25,2% svörun.

Árið 2019 bárust 214 svör sem gerði 24,7% svörun.

Niðurstöður beggja kannana eru sýndar saman til samanburðar. Athugasemdir sem birtar eru eru úr könnun ársins 2021.



## Spurning 3 - Athugasemdir um gsm samband á þínu heimili

Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hafa verið afmáð.

- *Mjög slitrótt*
- *Það er best þar sem vísar á næsta endurvarpa en versnar innar í húsinu*
- *Mjög lélegt innandyra*
- *Mjög lélegt samband og afburða slakt inn í byggingum á svæðinu.*
- *Mjög slæmt innandyra og í dældum úti*
- *Bara Siminn er með sendi oft vont fyrir fólk á ferð.*
- *Nanast 0. SMS koma stundum í gegn.*
- *Það er ekki samband allstaðar*
- *Það verður að vera á ákveðnum stöðum til að vera í sambandi.*
- *Ekki sama hvar maður er á jörðinni*
- *Er í lagi utanhúss, en er nánast ekkert innanhúss, oftast nauðsynlegt að standa við glugga ef talað er í símann. Símtöl slitna oft.*
- *Maður má lítið röltu um í símanum, þá slitnar, kaflar sem eru sambandslausir*
- *Verð að hafa símann út í glugga og get oftast verið í samgandi ef hann er kyrr þar, þ.e. nota eyrnatæki til að heyra og tala í.*
- *Misjafnt milli kerfa siminn virkar betur en vodafone*
- *Undir vissum kringumstæðum er um að beri á bergmáli. T.d. talað frá Víðidal til Hvammstanga, en annars gott*
- *Gloppótt innanhúss*
- *Ijósleiðarasambandið er mjög lélegt*
- *Nokkuð gott samband*
- *Skiptir máli hvar í húsinu er staðið*
- *Ekkert samband í útihúsum eða úti á túni. Lélegt samband í öðru íbúðarhúsinu.*
- *Sambandið mjög oft að detta út*
- *Dettur oft út*
- *Næst illa í íbúðarhúsi. Næst miklu betur í útihúsi.*
- *Gsm sambandið er frekar lélegt hérna. Næst bara á ákveðnum stöðum sama gildir um í íbúðarhúsinu og fjárhúsunum.*
- *Aðeins bæst samband á ákveðnum stöðum í húsinu. Oft slitnar sambandið þegar talað er í símann.*
- *óaðfinnanlegt*
- *Mjög flekkótt samband. Þarf helst að sækja sér samsnd úti glugga og svo sitja kyrr*
- *Mjög lélegt innandyra en þökkalegt úti*
- *Sambandið slitnar af og til í miðju samtali*
- *Þarf að vera staðsett við norður eða austur glugga hússins til að samband náist.*
- *Fínt alls stöðar*
- *Ný á Laugarbakka ,verra í ytra hverfi,mörgum húsum*
- *Ekki sama hvar í húsinu maður er staddur*
- *Víða stopult inni á heimilinu og í útihúsum*
- *Það nær ekki allsstaðar í húsinu, eins í útihúsum nær það ekki allsstaðar. Veit að á heimreiðinni á Ögmundarstöðum slitnar það alltaf !!*



- Lélegt á bænum en ágætt upp á vegi ca 300 metra fjarlægð
- Næst mjög illa og er lélegt þar sem það mæst
- Slitnar stundum
- Við erum í tveggja hæða húsi og það næst ekki einu sinni samband uppi í suðurglugga. Hefur þau áhrif að ekki er hægt að nota rafræn skilríki hér heima o.fl.
- Aðeins dagamunur.
- Bara mjög lélegt
- Samband er lélegt þarf að velja punkta í húsinu samt ekki nóg því oft rofnar sambandið
- Engar athugasemdir
- Ekki nógu gott
- Dettur út hér rétt hjá heimilinu, milli Keldudals og Kárastaða. Dettur einnig út hjá Sleitustöðum og á Þverárfjalli hjá Nova
- Er samt óviðunandi
- Dettur oft ut
- Ekkert samband
- Best á efri hæðinni eða út við glugga
- næst ekki alls staðar í íbúðarhúsum og ekki í hesthúsi
- Hér er enginn gsm samband á heimili okkar
- Gæti verið betra
- Slitrótt og erfitt að eiga samskipti á svæðinu símleiðis, nema á ákveðnum stöðum. Mikið óöryggi að keyra á svæðinu vegna sambandsleysis.
- Gloppótt samband, stundum gott og stundum slæmt. Dettur út í miðju samtali, og allur styrkur þá horfinn.
- Ekki stoðugt
- Það er lélegt samband víða innanhúss, bæði í íbúðarhúsi og í útihúsum og vinnustofu Líka er ekki sama hvar meður er staddur og hert maður snýr sér utandyra .
- Mætti vera sterkara signal
- Mjög lélegt á sumum stöðum næst ekkert samband
- Mjög lélegt nánast ekkert
- Ekki gott samband alls staðar innanhúss.
- Þarf að standa á ákveðnum stöðum inn í húsinu til að vera í öruggu sambandi
- Misjafnt eftir svæðum
- Lélegt samband í Unadal
- stopult
- Getur dottið út
- Hrikalega lélegt og nánast ekkert
- Er uppvið Skagafjarðarbaut en samt lélegt samband
- Við höfum oft misst það í óveðrum, einmitt þegar mestu máli skiptir að það virki. Farsímasendirinn í dalnum okkar bílar oft í fávíðrum, sérstaklega í rafmagnsleysi, og það er búið að taka út koparlínusímann, og ljósleiðarinn virkar ekki í rafmagnsleysi svo þá erum við símalaus í snarvitlausum veðrum. Þá er öryggisleysið algert. Ekki hægt að ná í lækna eða björgunarsveitir eða nágranna eða neitt.
- Mjög lélegt og verður að velja stað innanhúss til að nota gsm og utan þess er sumstaðar ekkert samband.
- vodafone og nova virkar ekki


- Það er stundum samband úti í glugga en það er mjög dítótt og ekki hægt að treysta á það
- Mjög gott
- Það er ekki allstaðar á landareigninni símasamband og hefur farið versnandi
- Þurfum magnara til að ná sambandi, dugar samt varla
- Mjög lélegt samband, yfirleitt ekki hægt að tala án þess að samband slitni. Nánast ekkert samband hjá Símanum, en heldur skárri hjá Nova/Vodafone, en slitnar mjög oft.
- Mjög óstöðugt og dettur gjarnan alveg út
- Er stundum lélegt/trekt
- Mjög lélegt á neðri hæð, ásættanlegt á efri hæð.
- Stundum mjög lélegt
- Ekki gms samband allstaðar
- Ekkert GSM samband í Hörðudal Dalabyggð nokkrir bæir og ferðaþjónusta .
- Oftast er gott samband en það kemur reglulega fyrir að það dettur allt í einu út; og sambandið er verra í stórhriðum (sem er auðvitað sérstaklega varasamt)
- mjög slitrótt samband, sumstaðar ekkert
- næst illa í vondu veðri og bara norðan til í húsinu.
- Það er ekki hægt að tala í símann allsstaðar í húsinu. Mjög lélegt 3g samband.
- Til skammar. Næst nánast eingöngu í örfáum skúmaskotum
- Mjög fínt
- Bara fín
- Þurfti að skipta um símafyrtæki til að geta notað gsm símann
- Stopult nema á tilteknum stöðum í íbúðarhúsinu. Víðast ágætt úti.
- dettur stundum ut mjög risjótt
- lélegt
- ef ég yfir höfuð finn spot þá verð ég að sitja grafkyrr og von að ekki slitni
- Lélegt, virkar bara smá í vodafone
- Hér er ekki gsm samband
- hvergi örukt mjög óstabílt
- Það næst ekki allstaðat
- Sleppur til inni í bæ en lélegt úti í fjárhúsum
- Erfitt að ná sambandi. Þarf að geyma símann á sérstökum stað til að ná sambandi. Missi oft af mikilvægum símtölum útaf sambandsleysi Ekkert 3g-4g samband
- Mjög lélegt, þarft að vera úti í glugga
- Þeir sem eru með GSM hjá símanum ná mjög litlu sambandi, en þeir sem eru hjá Vodafone ná aðeins betra sambandi
- Oftast 3g stundum nær maður 4 g
- Næst ekki allstaðar innanhúss.
- Aðeins næst samband alveg út í eldhúsglugga og þurfa GSM símar að vera þar ef á að nást í þá
- Hræðilegt, virkar bara í vodafone en það er mjög lélegt
- Er bara í hluta hússins
- Ekkert gsm samband a heimilinu né í kringum bæinn.
- Mjög lélegt úti Og inni í húsum og og bæ
- Það er ekki gsm samband



- Það er ekki allstaðar á landareigninni
- Það er ekki gsm samband á mínu heimili. Bærinn stendur í lægð sem hindrar að samband náist víða á jörðinni.
- Það er ekkert gsm samband
- Ekkert GSM samband
- Furðulegt að ekki sé boðið uppá 4G samband
- Misgott í húsinu
- Mjög stopult og ótraust
- Aðeins inni á örfáum stöðum
- Sambandið slitnar stundum. Ekki er sama hvar viðkomandi er staðsettur í húsinu.
- Næst mjög illa almennt á heimilinu nema á ákveðnum stöðum
- Lítið eða slitrótt samband. Á mörgum stöðum í húsinu ekkert samband.
- Það nær ekki yfir allt húsið
- Það er ekkert gsm samband sem er gjörsamlega ömurlegt og ekki í takt við samfélagið 2021 og er nauðsynlegt að bæta úr því.
- Sambandið er mjög lélegt, eru einungis blettir, ekki hægt að hreyfa sig, slitnar gjarnan og er stundum ekki neitt tímunum saman.
- aðeins er um g3 samband að ræða og einungis hægt að vera í þjónustu hjá Símanum
- Það er ekkert gsm samband rafræn skilríki virka ekki
- Mikið um dauða punkta svo auðvelt að samband slitni
- Engar
- Sambandið er það lélegt að sminn farf að vera í glugga á efri hæð húsin svo sé snmílegt samband og að fá auðkenni í síma er happa og glappa að það gangi hefur farið vesnandi síðasta eitt og hálf ár
- Er ekkert. Þý í Austurdal og þar er ekkert samband en mikið af ferðamönnum sem þýðir að ef eitthvað kemur fyrir er erfitt að ná í td viðbragðsaðila
- Sími þarf að vera staðsettur í glugga til að ná sambandi, samt ekki öruggt
- Ekki traust, best við glugga sem snúa í átt að mastri
- Lélegt GSM samband. 1 punktur
- Mèr er nokkuð sama hvort það sé gsm samband heima hjá mér þar sem við erum með gott netsamband. En það bara það að valitor heimtar að senda auðkenningu bara sem sms sem er frekar pirrandi, Sérstaklega þegar allir eru með netföng. En svo er ekkert svo nauðsynlegt að hafa símasamband þegar flest allir snjallsímar í dag geta verið stilltir til þess að fá símtöl og sms í gegnum wifi. En það virðist ekki vera í boði hér á landi.
- Samband (og þó tæpt) er einungis út við glugga í þá átt sem sendiloftnetin hér á svæðinu eru, en þau eru kjánalega langt í burtu og því eðlilegt að samband sé lélegt hér um slóðir.
- Það er mjög lélegt gsm samband hefur versnað á síðasta ári
- Smabandið er mis sterkt eftir hebergjum í húsinu.
- Stopult og hvergi mjög gott. sums staðar er mögulegt að tala í síma ef maður stendur grafkyrr á ákveðnum stað, annars staðar bara alls ekki. Þetta á bara við dreifikerfi Símans, hjá öðrum fyrirtækjum er sambandið enn verra
- Misjafnt. Vodafone næst ekki, en hin þokkalega

- *Ágæt í húsi, ekki nógu gott á landinu*
- *Mjög lélegt gsm samband er*
- *SAMBAND BARA Á EINUM STAÐ, STUNDUM EKKERT SAMBAND*
- *FÁRANLEGT1*
- *næst ekki nema á ákveðnum stöúm*
- *Sveiflukennt suma daga*
- *Mjög óstöðugt*
- *Misjafnlega gott eftir því hvar maður er staddur í húsinu*
- *Það er ekki gott í útihúsun*
- *Gsm samband er mjög stopult, fer oft eftir veðri. Bara þeim megin í húsinu sem snýr í átt að sendi.*
- *Næst á vissum stöðum úti og fer mikið eftir veðri*
- *Mjög slæmt hér inn í húsinu, sem er ekki gott ef eitthvað kemur uppá*





### Spurning 7- Athugasemdir um 3G/4G samband á þínu heimili

Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hafa verið afmáð.



- 4g næst nánast ekki
- afar lélegt
- Dettur út og síminn stöðugt að leita og verður fljótt rafmagnslaus á því
- Held allavega að það sé 3G eða 4G er bara ekki með það á hrein
- það næst ekki allstaðar
- það er bara mjög hægvirkt
- Betra en simasamband
- Hugsanlega aðeins samband, en sjá fyrri svör
- Áður tekið fram um bergmál og reyndar gerist líka að fá allt til baka sem aður segir.
- Næst ekki í hesthúsinu nema á völdum stöðum
- Dettur út hér og þar
- Mjög lélegt samband, síminn þarf að vera í glugganum
- 4G er betra
- Alltof oft sem það er mjög hægt eða bara frosið
- sama og með síma, mjög lélegt í íbúðarhúsi. Sæmilegt í útihúsi.
- Eins með það og gsm samband. Næst á ákveðnum stöðum.
- Sambandið er lélegt og ekki hægt að stóla á það.
- nota ekkert svoleiðis
- Stundum mjög gott og dettur svo stundum alveg út
- Lélegt innandyra
- Mjög gott bara
- Aftur ekki sama hvar í húsinu maður er staddur hvort það er 3G eða 4G

- *Mjög stopult, stöðugt að skipta milli 3G og 4G gerir sambandið slitrótt og erfitt*
- *Bara ótrúlegt að þetta skuli ekki ná allsstaðar.*
- *Ef vel liggur á símkerfinu þá næst 3G en sjaldnast er það svo gott*
- *Næst ekki í öllu húsinu*
- *Ekki nogu gott*
- *Dettur út í nágrenninu*
- *stóðst ekki væntingar*
- *Of margir dauðir punktar*
- *Ekkert samband*
- *dettur út og inn*
- *Hér er hvorki 3G né 4G samband!*
- *Gæti verið betra*
- *Misjafn eftir herbergjum og dagamunur*
- *Sama og með GSM sambandið. Kemur og fer í hröðum bylgjum. Stundum allt í lagi en stundum ekkert samband.*
- *Stundum 3G fínt en líka gloppótt, en 4G nánast ekkert nema á blettum.*
- *Ekki stöðugt*
- *Það er bara sumstaðar hjá okkur sem þetta virkar, semsagt ekki allsstaðar*
- *Ég væri til í 4-5g*
- *Mjög óstöðugt*
- *Hrikalegt samband bæði wifi og 3g!*
- *Oftast sæmilegt samband.*
- *Virkar mjög illa innanhúss*
- *Ekki gott, oft Ekkert samband*
- *stopult*
- *Næst ekki í öllu húsinu*
- *Mjög lélegt eða nánast ekkert*
- *Lélegt mv. Staðsetningu*
- *Það næst ekki*
- *Samband í hluta íbúðarhúss*
- *Lélegt óstöðugt*
- *Er stundum gerist of oft það sé trekt að maður geti notað 3G*
- *Slappt á neðri hæð, yfirleitt gott á efri hæð*
- *mjög misjafnt*
- *Það dettur líka stundum út (sjá svarið varðandi símsamband). Það sem mér finnst mest þurrandi er að það er ljósleiðari 30 m frá húsinu en það má ekki tengja í hann þar sem hann er "stofnæð" ...*
- *mjög lélegt samband, sumstaðar ekkert*
- *Engar athugasemdir*
- *Mjög lélegt*
- *Sama og með símasambandið*
- *Stundum ágætt*
- *Mætti vera betri*
- *þurfti að setja extra háan staur ofan á þakið á húsinu til að ná sambandi*
- *Ágætt, hraði litlu undir meðallagi.*
- *dettur oft út*



- þetta á að heita samband en er svona afar takmarkað download ca 10 mgb og upload ca 2 mgb
- Lélegt
- Er ekki neitt
- nítist ekki
- Nota það sem internet í staðin fyrir ljósleiðara
- Það er eitthvað sem heitir H+ sem kemur á símann
- Næst ekki beint í farsíma. Við erum með loftnet og svaka græjur til að ná því í router fyrir internet á heimilinu, sem er einnig mjög lélegt og óstöðugt samband
- Lélegt, næst illa
- Þeir sem eru með GSM hjá símanum ná mjög litlu sambandi, en þeir sem eru hjá Vodafone ná aðeins betra sambandi
- 4g ekki gott
- Ekki gott
- Í bestu veðurskilyrðum er 4g samband í eldhúsi hússins sem nemur að hámarki hálfu bari... Besti/nýjasti sími heimilinu nær sambandi en ef opnað er t.d. Chrome þa fer síminn beint á offline mode a síðunni.
- Virkar ekki
- Götótt og 4G er mjög lélegt en dettur stundum inn
- Ekki allstaðar á landareigninni
- Næst ekki vegna áðurnefndrar lægðar.
- Er ekkert símasamband né 3g
- Ekki í boði
- Ekki til staðar
- Sama og fyrri athugasemd
- Engar athugasemdir
- Er óstöðugt
- Stundum í lagi stundum ekki.
- Það nær ekki yfir allt húsið
- Næst ekki hér og er mjög mikilvægt sð bæta úr því.
- Annað slagið er það mjög lélegt , engar sýnilegar skýringar á því.
- sjá svar við sp. 2
- þarf að keyra mjög marga kílómetra til að fá samband
- Gæði geta verið breytileg án þess að ég hafi skýringat á því
- Dettur stundum í 3G
- Lélegt
- Er ekkert
- Mjög lélegt
- Næst best við glugga, ekki gott inni í húsi
- Allt í lagi út í glugga
- Ekkert 3G/4G
- Dugði mér áður til alls sem ég vildi gera á netinu, en hefur farið versnandi undanfarna mánuði. Nú er t.d orðið illmögulegt að taka þátt í Zoom fundum sem ekki var vandamál áður. Símafyrirtækið vill þó ekki viðurkenna að neitt hafi breyst
- Sama og GSM
- Það er hörmulegt og næst ekki hvar sem er í húsinu

- Mætti vera betra samband
- samband bara á einum stað í húsinu
- nánast ekkert samband
- næst á ákveðnum stöðum
- Óstöðugt
- Stundum næst 4G ekki alltaf
- Mjög lélegt og óstöðugt samband, fer eftir veðri og hvar maður er staddur í húsinu
- Það er betra en gsm sambandið



## Spurning 10 - Athugasemdir um gsm samband á á helstu vinnusvæðum búsins/jarðarinnar:



Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hefur verið afmáð.

- *Næst ekki allsstaðar í útihúsum*
- *Það nær ekki alveg um allt*
- *mjög lélegt*
- *Það er ekki öruggt samband innan búsins*
- *Slitrótt og lélegt nánast ónothæft gsm samband á einstaka punktum á jörðinni. Er ekki viss um að hægt væri að nota það til neyðarsímtala.*
- *Það er bara samband á völdum stöðum*
- *Heilt yfir gott*
- *Spurningin á ekki við þar sem ég bý í á xx og er ekki með búrekstur. Ekkert á bílplani. Gott samband ef gengið er upp á háan hól við bústaðinn.*
- *Þar sem við búum ekki með búskað er ekki um vinnusvæði að ræða*
- *Gsm og sæmilegt 3g samband í úrihúsi en annarstaðar er ýmist gsm EÐA 3g samband hvergi bæði*
- *Næst ekki í hesthúsinu nema á völdum stöðum t.d í glugga sunnan megin í húsinu*
- *Of mörg svæði þar sem ekki er samband*
- *Ekkert samband, hættulegt ef eitthvað gerist.*
- *Er þokkalegt*
- *Maður veit sirka Hvar besta sambandið er og vonar að maður sé nálægt því ef eitthvað alvarlegt gerist.*
- *Samband á flestum svæðum en símtöl eiga það til að slitna oft en ekki.*
- *erum með 3 jarðir á vestanverði xxx, gott samband á öllum*
- *Virkar ágætlega úti en verra inn í húsum*
- *Inni í útihúsunum að parti.*
- *Er í smáporpi, verð lítið vör við truflanir úti.*
- *Slitrótt og stopult stöðugt að skipta milli 3G og 4G*
- *Mjög vont að það sé ekki hægt að hafa símann allsstaðar á okkar vinnusvæði. Síminn þarf að vera á sérstökum svæðum svo hann hringi og það er ekki hægt að vinna ef maður er að tala í símann.*
- *Á aðeins einstaka blettum.*
- *Mjög stopult samband*
- *Mjög misjafnt, frá fínu í skelfilegt*
- *Mjög takmarkað*
- *Það er hvergi samband innandyra en fyrir ofan hlöðu og víðar næst stundum smá samband*
- *Utanhús er nánast ekkert samband nema á einstaka stað.*
- *alsekki gott*
- *Dettur ekki út á okkar jörð en dettur út hér rétt fyrir utan jörðina*
- *Mjög slitrótt eftir svæðum*
- *Nokkuð gott*
- *Mjög lélegt og stopult*

- víðast hvar í lagi
- nánast ekkert samband í hesthúsi
- Lélegt samband í útihúsum
- Misjafn eftir svæðum, er gott sumstaðar en ekkert á öðrum stöðum
- Sama og áður. Slitrótt og aðeins samband á ákveðnum stöðum jarðarinnar.
- Ekkert samband inni húsum
- Dalurinn og landslagið bíður ekki upp á betra samband sums staðar sem vinnusvæðið er.
- Ekki stabilt
- Það er eins og annarsstaðar , ekkert samband sumsstaðar en svo eru vissir staðir utandyra betri en aðrir
- Innan húss í flestum húsum á bænum er mjög lélegt eða ekkert samband
- Ekkert gsm samband í flestum útihúsum og 1 punktur í íbuðarhúsi!
- Nokkuð gott.
- Lélegt inni í útihúsum og gerist oft að maður er utan þjónustusvæðis. Ágætt úti
- Lélegt samband nema betra á vissum stöðum
- bletótt
- Ekkert samband inni hesthusi en einn punktur í fjösinu og íbuðarhúsinu
- Það eru dauðir blettir.
- GSM sambandið er ótrúlega lélegt miðað við að ég er staddur í miðri sveit og alls ekki í hvos eða bak við hæð.
- Það er eins og hitt. Mjög slitrótt og ekki hægt að treysta á það
- Næst svona á 95%búsins
- Það eru 2 tún sem er ekki samband
- Mjög lélegt samband í útihúsum, ef næsta að hringja, þá slitnar yfirleitt strax
- Óstöðugt
- Það er nokkuð gott
- Yfirleitt gott fyrir utan einn og einn blett í fjösinu
- mjög víða ekkert samband
- næst ekki alls staðar, hvorki í útihúsum né útivið.
- Víða blettir þar sem ekkert samband er á, hvorki farsíma né 3g
- Misjafnt eftir stað. Mikið unnið úti. Mjög tæpt inn í hlöðu t.d
- sendar það langt frá að hólar og hæðir sem skyggja á "línuna" og drepa sambandið
- Virkar vel nema á örfáum stöðum
- dettur út
- ekkert samband í fjárhúsum eða vinnuskemmu og mjög takmarkað á túnum
- Lélegt, virkar bara smá í vodafone
- Er ekki
- hvergi örukt mjög óstabilt
- Það fer eftir brekkum og hæðum
- Helsta vinnusvæði búsins er fjárhúsin og þar er mjög lélegt gsm samband og á vissum stöðum ekkert samband
- Góðir sambands blettir hér og þar, margir staðir eru með mun betra samband en heimili
- Sæmilegt útivið en lélegt inni í öllum húsum

- *Þeir sem eru með GSM hjá símanum ná mjög litlu sambandi, en þeir sem eru hjá Vodafone ná aðeins betra sambandi*
- *4g ekki gott*
- *Það er varla hægt að segja að GSM samband a bújörðinni. Smá blettir hér og þar ef ekki er þoka eða slæmt veður. T.d. ef ég slasa mig á bújörð minni er ekki víst að ég geti hringt á hjálp ef ekki er sumar og sól. Einnig er búið að loka á heimasímann sem er áframsendur í einn síma heimilismeðlims sem er ekki alltaf heima.*
- *Mjög lélegt*
- *Götót, sérstaklega í útihúsum*
- *GSM samband er á stökum stað á landareigninni. Það eru þó fáir punktar og lélegt samband þar að auki*
- *Ekki gott allstaðar*
- *Gsm samband næst aðeins þar sem viðkomandi stendur hátt í landinu - og á einstaka punkti er veikt samband ef leitað er vel.*
- *ekkert samband*
- *Ekki í boði*
- *Ekki gott í útihúsum*
- *Á mörgum stöðum á jörðinni er ekkert samband, annars staðar mjög lélegt*
- *Afleitt*
- *Sambandið er mismunandi gott eftir staðsetningu.*
- *Er ekki sama hvar maður er staddur í útihúsum uppá samband að gera*
- *Lítið eða slitrótt samband. Á mörgum stöðum ekkert samband.*
- *Það skiptir máli að svo sé til ef einhverjar tækniframfarir eigi að eiga sér stað*
- *Víðast hvar er það lélegt, fer eftir landslaginu líka.*
- *Gott samband*
- *Slæmt samband*
- *Ekki betra helbur en í íbúðarhúsi*
- *Er ekkert*
- *Frekar lélegt í útihúsum*
- *Alls ekki traust, en næst oftast*
- *Lélegt samband innan veggja*
- *Lítið sem ekkert samband í útihúsum en sumsstaðar utandyra.*
- *Á flestum svæðum er það ekki til staðar, en sums staðar er smá, lélegt samband*
- *Sama og áður*
- *Á sumum stöðum á jörðinni er ekkert samband*
- *Mjög mörg dauð svæði eru*
- *aldrei vitað, hvar samband er*
- *viðar er ekkert samband*
- *Nokkrir staðir slæmur*
- *Mjög óstöðugt*
- *Misjafnt eftir því hvar maður er staddur*
- *Ekki gott samband og dauðir punktar á sumum stöðum*
- *Mjög stopult*
- *Mjög erfitt að ná sambandi*
- *Ekkert*






### Spurning 13 - Athugasemdir um 3G/4G samband á á helstu vinnusvæðum búsins/jarðarinnar:

Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hafa verið afmáð.

- Vantar bara senda á fleiri staði á svæðinu til að samband náist
- Dettur út í lautum
- Það helst ekki alltaf og er hægt virt
- Það vantar alveg
- Heilt yfir gott
- Þar sem við erum á jörð sem er skráð sumarhúsaland virðist ekki vera neitt kappsmál að klára þessa tengingu eða ljósleiðarann
- Ýmist gsm eða 3g samband ekki bæði og "dauðir blettir" á beitolandinu.

- Já en mjög mismunandi hvar við erum
- Allt of mörg svæði þar sem ekki er samband
- Víða er ekkert samband
- Þokkalegt en of margir dauðir staðir
- Það næst ágætlega á helstu vinnusvæðunum
- Lítið notað
- veit ekkert um það, nota það ekki
- Inn og út ekki stöðugt
- Fínt bara. Smá skuggar inni í útihúsum að parti.
- sama svar og alltaf
- Mjög stopult, stöðugt að skipta milli 3G og 4G gerir sambandið slitrótt og erfitt
- Ekkert utanhúss
- ekki gott
- Er yfirleitt þokkalegt 3/4g samband
- Óviðunandi
- Dauðir punktar og koma dagar það er mjög trekt eða virkar ekki
- Mjög lélegt
- dettur út og inn og er bundið við router
- Mjög lélegt innan húsa og sums staðar utandyra
- Hvorki 3G/4G samband á heimili né vinnustað eða útihúsum
- Er gott sumsstaðar en ekkert sumstaðar, er með hæðótt landslag
- Slitrótt á mörgum stöðum og kemur og fer í bylgjum.
- Dalurinn og landslagið bíður ekki upp á betra samband sums staðar sem vinnusvæðið er.
- Allsstaðar það sama, að það eru ákveðnir punktar þar sem vera má í sambandi , en ekki ganga um eð ahreyfa sig mikið til þess að samband detti þá út.
- Á búinu er rekið stórt hátækni fjós sem þarf að vera í stöðugu sambandi
- það eru einstaka staðir þar sem næst örlítið 3g samband en það er alveg mjög lélegt og hægt
- Nokkuð gott.
- Lélegt inni í útihúsum og ekki hægt að stóla 100 á sambandið
- Oft ekkert samband
- bletótt
- Nánast ekkert
- Næst varla
- Er vel setur
- Óstöðugt
- Nokkuð gott
- Yfirleitt gott
- mjög víða ekkert samband
- ekki gott
- Ekki er hægt að treysta á það
- Lélegt
- sendar það langt frá að hólar og hæðir sem skyggja á "línuna" og drepa sambandið
- Nokkuð gott. Hraði undir meðallagi.
- dettur út

- ekki samband i fjarhusum
- Lélegt
- Er ekki til staðar
- nítist ekki
- Má batna til mikilla muna og svo væri gott ef hægt væri að bæta símasamband fram á heiðum líka
- 4g næst frekar á sumum vinnusvæðum heldur en við heimili
- Sæmilegt úti en lélegt inni
- Þeir sem eru með GSM hjá símanum ná mjög litlu sambandi, en þeir sem eru hjá Vodafone ná aðeins betra sambandi
- 4g ekki gott
- Höfum ekki orðið vör við 3g4g samband á vinnusvæðum jarðarinnar.
- Lélegt
- Götótt
- Sama á við hér einsog í svari mínu við GSM sambands.
- Ekki allstaðr
- Næst ekki nema á einstaka hápunkt.
- Ekki í boði
- Ekki til staðar
- Afleitt
- Á það hefur ekki reynt nema þá í sambandi við farsíma en það samband er lélegt.
- Er svona sæmilegt
- Stundum í lagi stundum ekki.
- Mjög misjafnt hvar samband næst
- p.sjá svar við sp. 2
- ekkert samband
- Ekk til staðar
- Ekki gott
- Er ekkert
- Misjafnt í útihúsum en sæmilegt annarsstaðar
- Erum með router fyrir 4g í útihúsum, hitt virkar alls ekki nógu vel til að vinna með það
- Ekki er um að ræða 3G samband nema sumsstaðar utandyra og 4G samband er varla nokkursstaðar hér.
- Sums staðar ekki til staðar, sums staðar lélegt 3g samband
- Sama. Vodafone næst ekki
- Á sumum stöðum á landinu er ekkert samband
- Mikið um dauð svæði
- aldrei vitað, hvar samband er
- viðar er ekkert samband
- Mismunandi
- Lélegt samband
- Misjafnt hvar maður er staddur
- Dauðir punktar sumstaðar
- Mjög óstöðugt
- Mjög erfitt samband



### Spurning 15 - Hvaða úrbætur eru brýnastar í fjarskiptamálum á þínu heimili/landi/bújörð?

Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hafa verið afmáð.

- *Fá öruggt gsm samband*
- *Veit ekki*
- *Það er mjög slæmt útvarpsamband á Rás 1 hér á minu heimili*
- *Betra símasamband alls staðar*
- *Bæta gsm sambandið*
- *fá almennilegt farsímasamband*
- *laga sambandið til að þetta sé boðlegt á 21 öldinni*
- *Öruggara samband*
- *Sendar frá fleiri aðilum*
- *GSM samband*
- *Að vera með öruggt net og símasamband*
- *Að fá gemsasamband og helst 3G eða 4G í bæði útihús og íbúðarhús sem og önnur svæði á jörðinni eins og tún.*
- *Fleiri og öflugri sendar*
- *Betri gsm sendar, 4G samband víðar*
- *Sterkara Gsm-samband væri nauðsynlegt*
- *Símasamband*
- *Fyrir nokkru var fjarskiptamastur á hól norðan við Flóðið og einhvern tíma á Þingeyrum. Þá var samband í lagi. Nú er notast við Hnjúk í Vatnsdal og Hnjúkinn ofan v Blönduós. Ekki sjónlína hingað.*
- *Fleiri senda frá fleiri fyrirtækjum*
- *Að klárað verði að koma alla leið ljósleiðara sem var jarðaður á gatnamótum veganna 716 og 717 en það er ekki gott eingöngu. Gæti skipt máli fyrir allavega 10 hús.*
- *Gsm samband. Eyða stórum auðum svæðum OG tryggja samband í rafmagnsleysi og óveðri.*

- *netsamband*
- *Jafna styrkinn svo það sé samband alls staðar*
- *Koma sambandi á allt svæðið*
- *Bætt net- og símasamband á fleiri stöðum en íbúðarhúsi.*
- *Ástand er gott eins og er*
- *Að það sé allavegana pottþett að maður geti hringt í 112 það hefur ekki verið td í óveðrinu þegar ljósleiðara, rafmagn, útvarp og sími var úti í 3 daga hér í sveitum í Húnaþingi ekki boðlegt*
- *Væri gott að fá sterkara gsm samband.*
- *Fínt væri að gsm samband væri betra. Nú erum við komin með ljósleiðara og hann virðist detta stundum út. Enn það er mikill munur eftir að hann kom uppá að geta sinnt sínu á netinu.*
- *Betra símasamband svo hægt sé að tala óslitið í símann.*
- *engar úrbætur nauðsýnlegar*
- *fá gott gsm samband*
- *Stöðuleiki væri góður kostur en símfyrirækið segir þegar það er mikil umferð fer sambandið út á þjóðveg sem veldur þessu flökkóta sambandi. Bara bull*
- *Vantar betri styrk til að geta notað innandyra*
- *Í lagi hér.*
- *Að tengja ljósleiðarann. Strengurinn er kominn inn í hús, ótengdur.*
- *Betra sms ,og ljósleiðari*
- *Fá Ljósleiðarar í húsið og sterkara signal fyrir 3 og 4G*
- *Tryggja gott og stöðugt símasamband er lyklatríði til að tryggja öryggi íbúa, sér í lagi eftir að landlínur voru felldar og rafmagnsleysi hefur þá áhrif á hvort hægt sé að hringja eftir hjálp eða ekki, fullkomlega óboðlegt eftir rúmlega 2ja sólarhrings síma-, fjarskipta og rafmagnsleysi í desember 2019!*
- *Að það sé símasamband allsstaðar !!*
- *Að leggja ekki niður koparlínuna áður en gsm samband sé komið*
- *Að koma á gsm sambandi til þæinda og til öryggis*
- *Að það sé öruggt samband sama hjá hvaða símafyrirtækja maður er hjá*
- *Betra netsamband, 4G takk fyrir*
- *Að sá sambandi með síma allsstaðar*
- *Að ná GSM sambandi víðar*
- *Lítilla úrbóta þörf.*
- *Fá gott GSM samband*
- *Allra brýnast er að fá sendi fyrir GSM á svæðið.*
- *Fá inn ljósleiðaratengingu*
- *þarf engar úrbætur.*
- *upp á slys að gera*
- *Þverárfjall, utanverðunes (punktur á vegi nálægt námunum), sleitustaðir og þar í kring og milli keldudals og Karastaða í Hegranesi*
- *Bæta samband almennt*
- *Sími, sjónvarp og net í syðra húsinu, xxx*
- *Gsm/3g samband sem hægt er að treysta á*
- *T.d á Laugarbakka er ekkert net og ekkert 3G það er bara dauður staður og t.d felagsheimilinu Ásbyrgi er ekkert net*



- *Koma á góðu gsm sambandi*
- *traust netsamband*
- *betra samband*
- *Betri sendir innanhúss svo sambandið sé eins í öllu húsinu*
- *Auka GSM sambandið í fjósinu*
- *Gsm samband þarf að bæta, afar slæmt inni í húsum*
- *Til að hafa öryggi með öruggt og virkt simasamband ef slys eða annað kæmi uppá hvort það sé á heimilinu eða á vinnustað eða allt það í kring. Við erum fjölskylda með litið barn og er lykillatriði að hafa simasamband til að veita mest öryggi á heimilinu og allt þar í kringum. Síðan er þarf á öryggi fyrir rafmagnið að simasamband og allt virki sem best og allt árið sérstaklega á vetratímann!*
- *Auka gæðin*
- *Símasamband alls staðar á Tröllaskaga og sér í lagi á Siglufjarðarvegi milli Siglufjarðar og Fljóta.*
- *Betra Gsm samband*
- *Að fá gsm samband*
- *Að minnsta kosti að GSM samband til samtala verði gott.*
- *Betra símasamband*
- *Fá almennilegt net og símasamband*
- *Það þarf bæta þetta strax og koma betra samband!*
- *Betra og öruggara samband. Við erum enn með heimasíma ef maður nennir ekki að standa kjurr lengi í útidyrhurðinni, eina upp á öryggi*
- 
- *Tryggara samband allsstaðar og samband á ljósleiðara án hökts*
- *Bæta símasamband og 3G fyrir gestina í ferðabjónustunni í xxx meðal annars öryggisins vegna*
- *styrkja það*
- *Vantar stöðugra samband*
- *Það þarf að koma betra símasamband á jörðina og sérstaklega að það sé inni öllum húsnæðum á jörðinni!! Svo netsamband líka og ljósleiðari*
- *Betra 4g*
- *Að gengið sé varanlega úr skugga um að símamastrið í Haganesi virki í öllum veðrum!*
- *Bæta gsm samband og svo að laga útsendingu RÚV útvarps sem mjög illa heyrir á meginhluta jarðarinnar og alls ekki innandyra í íbúðarhúsi.*
- *maður hlaupar ekki um með símann þá fer sambandið. þarf helst að vera róleg á staðnum.*
- *Það það sé grunn símasamband svo það sé hægt að ná á mann eða að maður geti hringt þar sem maður er ef slys verður*
- *Lækkun á gjaldskrá*
- *Ljósleiðari*
- *Gott símasamband*
- *Afleitt að hafa ekki farsímasamband, brýnt að bæta það*
- *Stöðugt öruggt samband*
- *Hefði viljað hafa gamla góða simalinuna eins og var(ekki í gegnum rader) svo maður verðu ekki simalaus/rafmagnslaus í 3 daga eins og gerðist 2019 í stórhriðinni og engin komst neitt og engin gat hringt og ekkert heyrðist í útvarpi*

- GSM sambandið mætti vera betra hjá öðrum þjónustuaðilum en símanum
- Bætt netsamband
- Ljósleiðara, bæta GSM samband
- Endurvarp inn í dalinn.
- Bæta stöðugleika sambandsins í vondum veðrum (stórhriðum), sjá svarið fyrir ofan. Svo væri mjög ánægjulegt ef hægt væri að tengja beint í ljósleiðarann sem liggur rétt hér í gegnum landið - ekki með speglum eða þess háttar þar sem maður má búast við truflunum einmitt í vondum veðrum.
- koma á boðlegu GSM sambandi
- bæta gsm sambandið
- Koma á almennilegu farsímasambandi
- GSM samband. Er verið að leggja ljósleiðara og allt gott með það en GSM samband er til skammar og ógnar öryggi ef eitthvað kemur upp á
- Ljósleiðari
- Að þegar maður maður keyrir þjóðvegi í Skagafirði að maður sé alltaf í símasambandi. Td. Við sleitustaði og svo náttúrulega norðan við hofsós til fljóta/sigló
- fjölga möstrum
- Leggja ljósleiðara. Wifi-tenging er ómöguleg, verri en 3-g sem þó er ekki á pari.
- bæta síma og netsamband
- Betra gsm samband
- brýnast er að bæta gsm samband og tengja ljósleiðara sem er kominn að husvegg
- Ljósleiðara! Hraðara net og símasaband
- Fá gsm samband og 3G
- Það þarf að koma gsm samband á svæðið
- Lagfæring á GSM sambandi
- Betra símasamband
- Bætt gsm samband er alger lágmarkskrafa svo hægt sé að ná símasambandi við neyðaraðila ekki bara sumstaðar á jörðinni heldur allstaðar, svo þarf að tryggja varaafli á gsm sendum ef rafmagnið fer
- Ljósleiðari og betra 4g samband á svæðinu. Sambandið hér er til skammar.
- Meira öryggi við langvarandi rafmagnsleysi.
- Laga gsm og netsamband
- Bæta GSM samband hjá símanum
- Bæta 4g sambandið
- Fá ljósleiðara
- Bæta GSM og net samband a vinnusvæði bújarðarinnar
- Betri og hraðar net og betra símasamband
- Venjuleg símalína er ónýtt
- Fá betra og sérstaklega betur dekkandi samband
- Koma á farsímasmbandi og þar með auka öryggi á svæðinu.
- Betra gsm samband úti og inni
- Það vantar alveg gsm samband, það má alveg gera úrbætur úr því
- Bæta farsíma þjónustu í framhæðinu
- Fá samband allstaðar og koma hálendinu inn
- Að koma fyrir spegli eða endurvarpa sem myndi ná inn í þessa lægð sem áður er nefnd.
- Fá gsm samband og 3g

- *Fá GSM samband öryggisins vegna, einnig rekum við bílaverkstæði hér á jörðinni og það er mjög slæmt fyrir reksturinn að hafa ekki GSM samband*
- *Fá 4G samband vegna öryggis*
- *Stöðugra netsamband*
- *Bætt gsm samband*
- *Það vantar gott símasamband*
- *Bæta farsímasambandið*
- *Að koma sendum þannig fyrir að þeir dekki svæðið og veiti betra samband inn á heimili*
- *Betri internet, en það ætti að lagast með tilkomu ljósleiðaran. Betri gsm samband, ekki spurning.*
- *Fá símasamband og 4G í leiðinni. Það er 2021!!*
- *Að fá farsímasamband*
- *Ljósleiðari er í augnsýn, brýnast er að bæta gsm sambandið.*
- *Betra gsm samband*
- *að rafræn skilríki virki, og þau ættu að virka í gegnum wifi, að fólk hefði aðgang að magnara sem hægt væri að efla samband um jörðina svo hægt sé að hafa aðgang að skýrslum sem dæmi*
- *Ljósleiðari kominn að vegg. Þarf að klára tengingar*
- *Ná símasambandi víðar a öllu landinu*
- *Í fínu standi*
- *Koma upp sendum til að bæta samband á svæðinu*
- *Hugsa aðallega til þess hve mikið öryggi er í að vera með gsm/4g samband. Hér er ekkert samband svo ef það er rafmagnslaust er engan vegin hægt að ná í okkur því ljósið virkar bara þegar það er rafmagn svo við erum líka heimasíma laus ef rafmagnið fer...*
- *Að bæta GSM samband*
- *Engar*
- *Betra samband fyrir síma, en auðvitað væru frábært að ná netinu betur í 3g eða 4g*
- *Koma á gsm sambandi.*
- *Þetta þarf að vera í lagi*
- *Fá gsm samband*
- *Að geta feingið símtöl og SMS í gegnum Wifi*
- *Setja farsímamastur á gáfulegri stað fyrir framhéraðið, t.d. upp á Hólsbunguna uppi á Eggjum þannig að samband næðist á miklu stærra svæði og þ.á.m. inni í dölum og í fjöllum hér í kring. Einnig að setja varaafli á stöðvarnar svo bæirnir verði ekki algjörlega sambandslausir við umheiminn þegar rafmagnslaust hefur verið skamma stund, en heimasímin um ljósleiðara dettur strax út við rafmagnsleysi og gsm síminn í kjölfarið vegna skorts á varaafli.*
- *Að laga gsm samband við erum bæði bændur og erum líka að reka ferðaþjónust og er mjög bagalegt að verða að hafa síma á vissum stöðum og vera endalaust að hlaupa og tékka og hringja til baka*
- *Símasamband þyrfti að vera alls staðar til að tryggja öryggi við störf búisins. Enn betra ef 4g væri einnig til staðar*
- *Er í ferðaþjónustu og okkar gestir þurfa líka að ná sambandi hjá hvaða fyrirtæki þeir svo sem eru*
- *Bæta netsamband*

- *Fá ljósleiðara og þar með heimasíma*
- *sterkari sendir*
- *bæta útsendingastýrk*
- *net í vinnustað*
- *Alls staðar sé samband*
- *Allar*
- *Skipta um símalínu eða láta ljósleiðara kosta það sama og í þéttbýli. Ósanngjarnnt að í sveitinni kosti 250þús af fá inn ljósleiðara en ekkert í þéttbýli í sama sveitarfélagi, jafna þessu frekar út.*
- *Tryggara samband, bý nálægt þjóðvegi og þar er lélegt samband*
- *Ljósleiðari*
- *Að fá símasamband inn á heimilið svo hægt sé að hringja eftir aðstoð ef þarf þegar rafmagn er farið*
- *Allt*
- *Að gsm samband sé í lagi og helst hér inn í bæ*
- *Ég er sátt*
- *Það er ekkert sem liggur á. Myndi vilja ljósleiðarann inn á verkstæði/útihúsin*

## Spurning 16 - Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Athugasemdir eru eins og þær voru slegnar inn í könnunarformið, ekkert hefur verið leiðrétt en nöfn og greinanlegir staðhættir hafa verið afmáð.


- *Leggja meiri áherslu að allir hafi þökkalegt síma og netsamband frekar en að bæta endalaust á sömu stöðum*
- *Það verður að passa að það verði allavega gsm samband*
- *Tryggja rafmagn á sendana þegar rafmagnslaust er á svæðinu eins og undanfarin ár, ekki boðleg að geta ekki hringt á lækni eða sjúkrabíl ef slys eða annað válegt gerist*
- *Vantar þrífasa rafmagn*
- *Það er bara öryggismál að hafa gott samband á farsíma í dreyfðum byggðum í fámenni.*
- *Hér er rekin ferðaþjónusta, gestum þykir slæmt og undarlegt að þurfa að standa uti til að tala í símann!*
- *Ef fjarskiptamastur yrði sett t.d. á Þingeyra lagaðist samband á bæjum og bústöðum og ég tala nú ekki um á vegi 1 frá Vatnsdalshólum og norður fyrir Stóru Giljá*
- *Í óveðrinu í des 2019 varð ljóst hve viðkvæm kerfin eru það VERÐUR að laga. Að upplifa slíkt óöryggi dregur verulega úr vilja fólks til búsetu. Snýst ekki bara um þægindi, heldur líf og dauða. Og geðheilsu.*
- *Vonandi verður farið í að laga þetta sem fyrst*
- *Er ekki einu sinni símasamband alls staðar*
- *Ég tel vera mjög brýnt að laga þetta fyrir öryggi í samfélaginu*
- *Hafa tryggt maður geti hringt í 112*
- *Frábært að vera kominn með ljósleiðara*
- *Einnig er mjög slitrótt símasamband alla leiðina að heimilinu og samband slitnar 2-4 sinnum á leiðinni.*
- *Vildi sjá meiri stöðuleika*

- Við erum heppin að hafa gott samband hér. Veit um staði sem eru mjög slæmir.
- Ný í þorpinu Laugarbakka
- Bara þrýsta á að allir fái ljósleiðara ekki fáir útvaldir.
- Bara mjög gott að gera svona könnun :)
- Mikilvægt að halda heimasíma sem er á koparlínu upp á öryggi fyrir gánamenn, ferðamenn og aðra sem fara um dalinn
- Ekki að leggja niður línusímann áður en gsm sambandi er komið á
- Þetta svæði er í miðfyrði sem næst ekki í síma nema á stökum stað
- Afar mikilvægt að laga fjarskipti utan bújarða, svo sem á Öxnadalshéiði og í Austurdal þar sem fer um mikill fjöldi ferðamanna á hverju ári.
- Ef settur verður sendir fyrir GSM þá nýtist hann ekki bara okkur sem búum hér heldur öllum ferðahópum sem fara hér um bæði hestafólki og gönguhópum.
- Gott mál að hreyfa við þessu mikilvæga máli.
- Laga þessa dauðu punkta og hafa ser linu fyrir heima simann svo það detti ekki allt ut einsog gerðist í hríðinni 2019 vorum sambandalaus an rafmagns, gsm, utvarps og sima í 3 daga
- Laga þetta sem fyrst
- Þar sem er hátækni fjós á jörðinni þarf að vera gott bæði símasamband og 3g og wifi! Tölvusamband er alveg hrikalegt. Þetta þarf að laga strax!
- Það er ákveðið öryggi að gsm og 4g og vonandi 5g sé gott. Farsíminn er gríðarlegt öryggistæki
- Sjónvarp oft frosið
- Vona að það verði hægt að bæta sambandið í Unadal
- Þetta þarf að gerast sem fyrst!
- Við búum fyrir neðan vodafone sendinn en samt er sambandið mjög slæmt og er ekkert samband í fjósi-fjórhusum eða í geymslunum. Það nást 1-2 punktar í kringum íbúðarhúsið en það kemur og fer svo það er ekki hægt að hafa samtalið lengra en 3-5 mín max
- Vil hafa heimasímann á annari línu ekki í gegnum rader/ljósleiðara eða hvað þetta heitir þetta er galið ef eh kemur fyrir
- Vantar líka heitt vatn.
- Það þyrfti að spyrja eftir nákvæmri staðsetningu í þessari könnun til að kanna virkilega gæði fjarskipta íbúanna. Það dugar ekki að spyrja eftir sveitarfélagi! Bújörðin mín er xxx.
- Fyrst hægt var hægt koma á almennilegu sambandi á skömmum tíma við gosstaði í vor hlýtur að vera hægt að koma öllum íbúum á svæðinu sem búa hér allt árið í almennilegt farsímasamband.
- Sveitarfélagið Skagafjörður hefur sannarlega gleymt þeim sem búa utan Sauðárkróks og þá sérstaklega Skaganum og öðrum sveitahéröðum. Skagafjörður er ekki bara á milli Sauðárkróks Hofsós og Varmahlíð
- hvernig á að tryggja öryggi íbúanna í langvarandi rafmagnsleysi þegar búið er að leggja niður koparinn sem heimasímar nota/notuðu?
- Mikilvægara er að tryggja þokkalegt farsíma- og 3-g samband á landinu öllu, öryggis vegna, en að auka lífsgæði með ljósleiðara.
- betri þjónustu og ódýrara væri gott allt of dýrt
- takk fyrir könnunina



- Þar sem vinnusvæðið mitt er þónokkrir hektarar og ekkert gsm samband þá er engir möguleikar að hringja eftir hjálpi eða láta vita af sér hvað þá að ná á manni ef eitthvað er. Og þarf ekki annað en að rafmagnnið fari af til að við verðum algjörlega sambandslaus þegar við erum inni þá finnst mér lágmarkskrafa og algjört lykiltríði að ef eitthvað kemur uppá að við getum verið í gsm sambandi til að leita eftir aðstoð. Skora ég því á þá aðila sem mögulega geta kippt þessu í lag að gera það strax
- Ef rafmagn fer á mínu svæði þá erum við algjörlega sambandslaus við umheiminn. Við þær aðstæður og reyndar margar fleiri þá getum við ekkert gert til að leitað eftir aðstoð ef eitthvað kemur uppá t.d slys á fólki.
- Ef settur yrði sendir fyrir GSM sendir hjá aðstöðu Norðurá bs þar sem ljósleiðari er til staðar mundi það laga GSM samband hjá mér og mörgum nágrunum mínum.
- Ítreka óskina um bætt gsm samband fram á heiðum, það skiptir verulegu máli bæði fyrir ferðamenn og smalamennskur
- Ljósleiðari er á leiðinni til okkar. Það þarf að hafa betra símasamband / 4g allsstaðar á landinu á þeim stöðum sem fólk ferðast og sérstaklega þar sem fólk á heima.
- Ljósleiðara sem fyrst
- Ljósleiðarinn er mis hraður, stundum eins og sambandið detti niður
- Ef að þælt er í staðsetningu á möstrum inn í Lýtingsstaðahreppi væri mjög auðvelt að ná betri dreifingu á gsm sambandi
- Áður en farið er í 5g þá að koma sambandi á alla bæi vegna öryggis íbúa
- Það er brýnt að koma þessum málum í lag þar sem gsm síminn er öryggistæki vegna þess að sífellt er verið að skerða aðra símaþjónustu - t.d. með aflagningu koparleiðslunnar - sem þó var alltaf örugg þó rafmagn færi af.
- Væri ágætt að fá símasamband
- Búið að loka fastlínunni
- Hef ekki séð ástæðu til að tengja ljósleiðarann.
- Þarf að horfa til hvar sendar eru settir upp eða fjölga þeim
- Takk fyrir þessa könnun. Það er virkilega tímabært að það sé gert eitthvað í þessu máli.
- Vil benda á að móttökuskilyrði fyrir Ruv útvarp er mjög lélegt á svæðinu. Einnig vil ég segja að mér þykir það mikil óhæfa að loka eigi fyrir talsíma hjá okkur nú 1. nóv. án þess að ljósleiðarinn sé kominn í gagnid.
- Bara sáttur
- Þetta þarf að laga strax þar sem þetta er búið að vera of lengi svona er öriggis mál ps nú er ég í vinnuni til að senda þetta án vandræða
- Afspyrnu lélegt GSM samband innanhúss
- Fannst símasambans versna mjög eftir óveður 2019, finnst það ekki hafa náð aftur sömu gæðum
- Fá gsm samband eins og skot!
- Vodafone hafði samband fyrir fáeinum mánuðum til að ræða þessi mál eftir að ég svaraði könnun hjá þeim. Það var mjög gott spjall og margt sem þeir skrifuðu hjá sér, en hef þó ekki enn heyrt frá þeim aftur þrátt fyrir orð um það.
- Búinn að kvarta yfir þessu í 10-12 ár
- Símasamband mjög slæmt hér líka, koparlína sem er farin að standa upp úr jörðinni, þannig að þegar það rignir þá er mjög lítið samband
- Mjög brýnt að kanna þessi mál
- Ég veit um stað, þar sem dóttir mín býr, en þar er ekkert sambandi hvorki við gsm og 3g/4g og er mjög brýnt að laga það

## Sveitarfélag



## Fylgiskjal 4 - Nánari upplýsingar um forgangsvegi

### SKAGAFJÖRÐUR

	Vegnr	Kaflnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
1	764	01	Hegranesvegur	Sauðárkróksbraut (75-06)	Eyhildarholtsvegur (7606-01)	T	11.25	Bundið slitlag
	764	02	Hegranesvegur	Eyhildarholtsvegur (7606-01)	Sauðárkróksbraut (75-06)	T	4.26	Bundið slitlag
2	762	01	Sæmundarhlíðarvegur	Sauðárkróksbraut (75-03)	Dæli	H	8.19	Bundið slitlag
3	82	12	Ólafsfjarðarvegur	Molastaðir	Siglufjarðarvegur (76-09)	T	2.55	Bundið slitlag
4	752	04	Skagafjarðarvegur	Austurdalsvegur (758-01)	Giljavegur (7559-01)	T	9.45	Bundið slitlag
5	745	08	Skagavegur	Þverárfjallsvegur (744-03)	Skefilsstaðir	T	10.11	Bundið slitlag
	745	07	Skagavegur	Skefilsstaðir	Selá	T	7.82	Bundið slitlag
	745	06	Skagavegur	Selá	Keta	T	11.3	Bundið slitlag
	745	05	Skagavegur	Keta	Sýslumörk	T	11.72	Bundið slitlag
6	769	01	Ásavegur	Siglufjarðarvegur (76-03)	Hólavegur (767-01)	T	7.14	Bundið slitlag

**83.79**

### AKRAHREPPUR

	Vegnr	Kaflnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
1	1	m7	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Siglufjarðarvegur (76-01)	S	1.01	Viðhald, vegur siginn og mjór
	1	m8	Hringvegur	Siglufjarðarvegur (76-01)	Miklibær	S	5.33	Endurnýjun
	1	m9	Hringvegur	Miklibær	Kjálkavegur (759-01)	S	2.20	Endurnýjun
2	76	01	Siglufjarðarvegur	Hringvegur (1-m8)	Framnesvegur (7730-01)	S	10.25	Viðhald, vegur siginn, einbreið brú
	76	02	Siglufjarðarvegur	Framnesvegur (7730-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	S	3.52	Viðhald
3	-	-	Kjálkabrá	Kjálkavegur (759)	Skagafjarðarvegur (752)	-	-	Bygging
4	759	01	Kjálkavegur	Hringvegur (1-n0)	Stekkjarflatir	H	8.61	Bundið slitlag

**30.92**

**SKAGABYGGÐ**

	Vegnr	Kaflnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
1	745	01	Skagavegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Örlygsstaðir	T	5.50	Bundið slitlag
	745	02	Skagavegur	Örlygsstaðir	Króksselsvegur (7440-01)	T	7.09	Bundið slitlag
	745	03	Skagavegur	Króksselsvegur (7440-01)	Afleggjari að Kálfshamarsvík	T	7.05	Bundið slitlag
2	74		Skagastrandarvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	[..sveitarfélagsmörk..]	S	11.89	Endurnýjun
	74		Skagastrandarvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Skagavegur (745-01)	S	0.36	Endurnýjun

31.89

**SKAGASTRÖND**

Vegnr Kaflnr Vegheiti Heiti upphafspunkts Heiti endapunkts Vegfl. Lengd

Tekið undir áherslur Skagabyggðar.

**BLÖNDUÓS**

	Vegnr	Kaflnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
1			Hringtorg á Blönduósi					Stækkun hringtorgs
2	742	01	Mýravegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Mánaskál	H	4.17	Bundið slitlag
3	731	01	Svínvetningabraut	Hringvegur (1-m0 / 1-k9)	[..sveitarfélagsmörk..]	T	3.33	Viðhald / viðgerð. Slitlag ónýtt.

7.50

**HÚNAVATNSHREPPUR**

	Vegnr	Kaflnr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
1	721	01	Pingeyravegur	Hringvegur (1-k8)	Pingeyrar	H	5.96	Bundið slitlag
2	731	01	Svínvetningabraut	Svínvetningabraut (731-01)	Svínvetningabraut (731-01 / Kjalvegur 35-18)	T	20.07	Bundið slitlag
3	724	01	Reykjabraut	Húnavellir	Svínvetningabraut (731-02)	T	7	Bundið slitlag
4	35		Kjalvegur	Svínvetningabraut (731-03)	Gilsá	S	8	Bundið slitlag

41.03

**HÚNAÞING VESTRA**

	Vegnr	Kaflannr	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Vegfl.	Lengd	Úrbætur
<b>1</b>	711	02	<b>Vatnsnesvegur</b>	Skarð	Bergsstaðir	T	9.00	Bundið slitlag
	711	03	<b>Vatnsnesvegur</b>	Bergsstaðir	Þorgrímsstaðavegur (712-01)	T	12.19	Bundið slitlag
	711	04	<b>Vatnsnesvegur</b>	Þorgrímsstaðavegur(712-01)	Valdalækur	T	10.58	Bundið slitlag
	711	05	<b>Vatnsnesvegur</b>	Valdalækur	Borgarvegur (717-01)	T	13.65	Bundið slitlag
	711	06	<b>Vatnsnesvegur</b>	Borgarvegur (717-01)	Síðuvegur (716-02)	T	10.45	Bundið slitlag
	711	07	<b>Vatnsnesvegur</b>	Síðuvegur (716-02)	Hringvegur (1-k6)	T	10.16	Bundið slitlag
<b>2</b>	715	02	<b>Víðidalsvegur</b>	Kolugilsvegur (7175-01)	Hringvegur (1-k7)	T	5.84	Bundið slitlag
<b>3</b>	704	03	<b>Miðfjarðarvegur</b>	Bjargsvvegur (7086-01)	Laugarbakkaskóli	T	5.56	Bundið slitlag
<b>4</b>	68	04	<b>Innstrandavegur</b>	Laxárdalsvegur (59-11)	Fossá	S	1.53	Bundið slitlag
	68	05	<b>Innstrandavegur</b>	Fossá	Guðlaugsvíkurvegur (6479-01)	S	14.13	Bundið slitlag
<b>5</b>	704	01	<b>Miðfjarðarvegur</b>	Staðarbakki	Vesturárdalsvegur (705-01)	T	5.91	Bundið slitlag
<b>6</b>	715	01	<b>Víðidalsvegur</b>	Hringvegur (1-k6)	Dæli	T	6.91	Bundið slitlag

**105.91**